



SKOÐUN Pawel Bartoszek leggur til uppgjöf og að skyldunám kennara verði stytta aftur. **17**



MENNING Warren Ellis, meðlimur The Bad Seeds, hlakkar mikið til að koma til Íslands. **36**



SPORT Formaður knattspyrnudeildar KA vill gervigrasvæða knattspyrnuvelli úti um allt land. **42**

FARTÖLVURÝMING
VERÐFALL Á YFIR 50 GERÐUM tl.is

TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

24. maí 2013
120. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

LÍFIÐ



Konur láti til sín taka

Pórdís Lóa Pórhallsdóttir, nýr formaður FKA, segir að kveða þurfi niður þá mýtu að konur fáist ekki til að tala. **4**

FRÉTTIR

Tónlistarfólk fær endurgreitt

Hluti kostnaðar við tónlistarupptökur verður endurgreiddur samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. **2**

Hafna ásökunum um óheilindi

Tvær bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Kópavogss hafna ásökunum um óheilindi. **4**

Hundruð flýja heimili sín Gríðarlegar rigningar hafa valdið flóðum og aurskriðum í Noregi. **12**



Bolungarvík	7°	NA	5
Akureyri	11°	SA	4
Egilsstaðir	13°	SSA	5
Kirkjubæjarkl.	9°	S	5
Reykjavík	10°	SSA	6

Rigning og síðan skúrir víða um land en úrkomuminnna norðaustan til. Hiti á bilinu 6 til 16 stig, hlýjast norðausturlands. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Lífið | Garðurinn | Fólk



Stöðva alla bílaleigubíla í dag

Lögreglan hyggst grípa til aðgerða vegna óviðunandi ástands bílaleigubíla sem leiðir til slysa á ferðafólki. Í dag hefst átak með heimsóknum á fjölda bílaleiga. Stöðva á og skoða alla bílaleigubíla sem ekið er frá Leifsstöð.

UMFERÐARMÁL „Við ætlum að stöðva öll ökutæki sem koma frá flugstöðinni,“ segir Skúli Jónsson, aðstoðaryfirlögsluþjónn á Suðurnesjum, um átak í dag þar sem kanna á ástand bílaleigubíla.

Kveikjan að átakanu er meðal annars dæmi um að óviðunandi ástand og viðhald á bílaleigubílum hafi valdið slysum á ferðafólki. „Í gögnum lögreglu má sjá slys og óhöpp sem rekja má til lélegs ástands bílaleigubíla og hefur slíkum tilfellum fjölgað á undanförunum árum,“ segir í til-

kynningu frá Umferðarstofu. Átakið er samstarfsverkefni lögregluembættanna frá Vesturlandi að Hvolsvelli með aðkomu Umferðarstofu, rannsóknarnefndar umferðarslysa, Aðalskoðunar, Frumherja og Vega-gerðarinnar, sem annast útgáfu starfsleyfa bílaleiga.

Um tugur lögregluþjóna mun eftir hádegi í dag koma sér fyrir við veginn frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar og sitja þar fyrir bílum þeirra sem koma með flugi.

„Við ætlum að kanna réttindi og

ástand ökumanna. Bílaleigubílar verða skoðaðir sérstaklega með tilliti þess hvort skráning þeirra sé með réttum hætti og hvernig ástand þeirra er,“ segir Skúli sem kveður færanlega skoðunarstöð á staðnum verða notaða ef þörf þykir.

Átakið byrjar þó raunar strax fyrir hádegi. Það verður tekið hús á hátt í tuttugu af ríflega þrjátíu bílaleigum á Suðurnesjum. „Það á að kanna starfsleyfi, hvort ökutækin séu skráð á bílaleiguna sem er með starfsleyfið og hvort

131

bílaleiga hefur starfsleyfi hér á landi. Þær eru þó ekki allar í rekstri.

bílarnir séu skráðir sem slíkir en ekki til almennrar notkunar. Eftir atvikum á að skoða ástand ökutækjanna,“ segir Skúli sem kveður átakanu verða fylgt eftir á Suðurlandi og Vesturlandi í sumari. -gar



VALDAAFSAL „Er Jóhanna inni, vitið þið það?“ spurði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra þegar hann mætti í Stjórnarráðshúsið í gær. Hann tók síðan við lykklavöldum af forvera sínum, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem lætur nú af afskiptum af stjórnmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinna á krónískum kláða: Fundu kláða-sameindina

VÍSINDI Vísindamenn í Bandaríkjunum hafa uppgötvað sameind sem kveikir kláðatilfinningu. Það gæti verið skref í átt til að lækna krónískan kláða hjá fólki sem þjáist til dæmis af exemi og sóríasis. Science Daily greindi frá.

Sameindinni var sprautað í mýs en hún tengir sig við mænuna sem sendir við það merki um kláða um taugakerfið. Þegar sameindin var fjarlægð hættu mýsnar að klóra sér þrátt fyrir að komast í snertingu við ýmis kláðavekjandi efni.

„Við höfum náð að einangra kláðavekjandi taugafrumur í músunum og fundið fyrstu þrjú skrefin í kláðaferlinu,“ segir Dr. Mark Hoon, sem stýrði rannsókninni. Nú þurfi að gera slíkt í fólki og finna leið til að losa það við krónískan kláða. -kóp



next

Samfestingur
Kr. 3.990.-

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

365 miðlar bjóða upp á nýja þjónustu fyrir snjalltækjanotendur: Fréttablaðið í ókeypis appi

FJÖLMÍÐLAR Lesendur Fréttablaðsins geta frá og með deginum í dag lesið blaðið í spjaldtölvu eða snjallsíma með nýju smáforriti, eða appi. Appið fæst ókeypis í helstu app-veitum, App Store fyrir Apple-tæki og Google Play fyrir tæki sem ganga á Android-stýrikerfinu. Enga áskrift þarf til að lesa blaðið daglega í appinu.

Til að finna Fréttablaðs-appið í app-veitum er einfaldlega slegið inn leitarorðið Fréttablaðið. Hægt er að

láta appið sækja blaðið sjálfkrafa á hverjum útgáfudegi og hlaða niður í símann eða spjaldtölvuna.

Bæði er hægt að fletta einni blaðsíðu í einu og renna hraðar yfir blaðið. Þá er hægt að lesa efni blaðsins með því að þysja nánar inn á síður eða smella á einstakar fréttir.

Áfram verður hægt að nálgast vefútgáfu blaðsins á Vísi.

- sjá síðu 10



Borðplatan kostar aðeins **1,-**

*Gildir við kaup á heilli eldhúsnréttingu til 16. júní 2013. Gildir fyrir öll plasthúðað plötuféni í vörulista Kvík. Må ekki nýta samhliða öðrum tilboðum.

kvík

Suðurlandsbraut 16, sími 5880500

KASTANÍA
HÖFÐATORG

NÝ SENDING FRÁ PLOMO O PLATA

Opið mán - fös 11-18 lau 12-16
S. 577-5570 | Erum á facebook

SPURNING DAGSINS



Steinbergur, er allt farið í háa-loft?

„Pau virðast allavega ekki í skjýnum með þetta allt saman.“

Steinbergur Finnbogason er lögræðingur Loftisins, en eigendur Loft Hostel í Bankastræti segjast eiga einkarétt á nafninu Loft.

Leifur Örn Svavarsson er fyrsti Íslendingurinn til að klífa norðurhlíðina á hæsta fjalli heims:

Gekk fram á lík í dauðabeltinu á Everest

FÓLK „Hann gat ekki hringt í okkur af tindinum vegna veðurs, en hann hringdi í gærmorgun, og var þá í 8.300 metrum og á leiðinni niður. Hann ætlaði bara að pakka saman, fá sér að borða og halda áfram. Markmiðið var að komast niður í 7.000 metra í dag, helst lengra,“ segir Arinbjörn Hauksson, starfsmaður Íslenskra fjallaleiðsögumanna, í samtali við Fréttablaðið.

Leifur Örn Svavarsson er fyrsti Íslendingurinn sem hefur náð toppi hæsta fjalls heims, Everest-fjalls, frá norðurhlíð fjallsins. Undanfarna

daga hafa þó fjölmargir göngugarpar þurft að snúa til baka niður fjallið vegna veðurs og aðrir hreinlega látið lífið í hlíðum fjallsins. Leifur gekk fram á lík í snjónum við stíginn á lokaspretinum, í svokölluðu dauðabelti sem er svæðið ofan 8.000 metra hæð. Leifur var vel sofinn, hafði fengið súrefni um nóttina, og var því vel búinn undir lokaspretinn.

Ingólfur G. Gissurarson, hinn Íslendingurinn sem kleif Everest í vikunni, er kominn heill á húfi niður í grunnbúðir Everest. - ósk



AFREK Leifur Örn Svavarsson í hlíðum Everest. MYND/LEIFUR ÖRN SVAVARSSON



FALLEG STUND Guðlaugur Victor Pálsson afhendir Barnaspítala Hringins ágóðann af söfnuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Góðgerðarkvöldverður fyrir Barnaspítala Hringins: 4,2 milljónir söfnuðust

SAMFÉLAGSMÁL Góðgerðarkvöldverður fyrir Barnaspítala Hringins var haldinn í Laugardalshöll föstudaginn 17. maí. Allur ágóði kvöldsins rann til Barnaspítalans en alls söfnuðust 4,2 milljónir króna.

Guðlaugur Victor Pálsson, atvinnumaður í knattspyrnu, afhenti Barnaspítalanum ágóðann í gær við hátíðlega athöfn. Á góðgerðarkvöldinu var árituð landsliðstreyja Ólafs Stefánssonar meðal þess sem boðið var upp og seldist á 400.000 krónur.

Guðlaugur Victor, einn skipuleggjenda góðgerðarkvöldverðarinnar, hefur áður safnað fé fyrir Barnaspítalann, en hann stóð fyrir uppboði á keppnistreyjum íþróttamanna á síðasta ári þar sem allur ágóði rann til starfseminnar. - ósk

Sagðir hunsu forkaupsrétt:

Á land í laumi

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Vestmannaeyja vill að bæjarstjóri fylgi eftir hagsmunum bæjarinnar vegna sölunnar á útvegsfyrirtækinu Bergi-Hugin til Síldarvinnslunnar, sérstaklega gagnvart nýjum sjávarútvegsráðherra. Kaupandi og seljandi hafi verið einbeittir í að hunsu forkaupsrétt Vestmannaeyjabæjar. „Vorur eignir til að mynda fyrst fluttar með leynd í félög með heimilisfesti í Reykjavík áður en þær voru seldar til Síldarvinnslunnar,“ segir bæjarráðið. - gar

Vandi í Guangzhou:

Menguð hrísgrjón í Kína

PEKING, AP Kínversk stjórnvöld hafa sett af stað rannsókn á hrísgrjónaframleiðslu í Suður-Kína eftir að í ljós kom að næstum helmingur allra hrísgrjóna í Guangzhou var mengaður af kadmíum.

Framleiðsla var stöðvuð á nokkrum stöðum þar sem talið er að mikill útblástur frá iðnaðarframleiðslu geti hafa mengað jarðveg þar sem hrísgrjón voru ræktuð. - mpl

Tónlistin fái sömu endurgreiðslu og bíó

Ný ríkisstjórn vill að hluti kostnaðar við tónlistarupptöku verði endurgreiddur eins og gert er í kvikmyndagerð. Framkvæmdastjóri Stúdíó Sýrlands segir það mjög jákvætt fyrir tónlistariðnaðinn og geta dregið erlenda tónlistarmenn hingað.

TÓNLIST Kveðið er á um það í stefnyfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að tónlist njóti sömu hvetjandi ívilnana og kvikmyndagerð hefur gert hér á landi, það er, að hluti kostnaðar við tónlistarupptökur verði endurgreiddur.

Þórir Jóhannsson, framkvæmdastjóri og annar eigenda Stúdíós Sýrlands, segir mjög jákvætt ef af því verður. „Við höfum horft til kvikmyndabransans í svoltinn tíma og haft þetta á bak við eyrað. Í desember lagði Framsóknarflokkurinn fram frumvarp sem lagði til 20% endurgreiðslu af tónlistarupptökum en það komst ekki að það kjörtímabilið. En það er ánægjulegt að sjá að það fylgir nú inn í stjórnarsáttmálanum,“ segir Þórir.

Hængur er þó á. „Í sjálfu sér virkar þetta vel í kvikmyndabransinum því þar skipta upphæðirnar tugum eða hundruðum milljóna í hverju verkefni en kostnaðurinn í kringum eina plötu er miklu minni, kannski bara ein til þrjár milljónir. Þá er mjög dýrt hlutfallslega að stofna fyrirtæki, sem kostar 150 þúsund krónur, í kringum hverja plötu til að fá endurgreiðslu,“ segir Þórir.

Ef þetta verður ekki útfært öðrvísí komi endurgreiðslan ekki til með að nýtast stærstum hluta plötuútgáfu, aðeins stórum og dýrum útgáfum og erlendum



TÓNLIST Hljóðriti í Hafnarfirði er vinsælt hljóðver.

Endurgreiðsla til kvikmyndagerðar

Samkvæmt lögum geta kvikmyndagerðarmenn, erlendir sem innlendir, fengið endurgreidd tuttugu prósent af framleiðslukostnaði vegna framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsfögnu á Íslandi hafi meira en átta tíu prósent af framleiðslukostnaði fallið til hérlendis. Þetta hefur gert það að verkum að erlendir kvikmyndagerðarmenn hafa sótt í auknum mæli til Íslands. Endurgreiðsla ríkisins til kvikmyndaframleiðenda í fyrra var 593 milljónir króna og hefur aldrei verið hærra.

áðilum. „Það skiptir mestu máli að endurgreiðsluferlið sé einfalt, gegnsætt og auðvelt að fara í gegnum svo fleiri geti nýtt sér endurgreiðslurnar og hægt verði að selja þetta erlendis.“

Þórir segir að erlendir tónlistarmenn hafi áhuga á að taka upp hér á landi enda séu íslensk hljóðver á heimsmælikvarða, þau standist allan samanburð með tæki og aðstöðu. „Eitt af því sem við höfum

verið að vinna í að fá til landsins eru stór erlend kvikmyndaskor til að taka upp hér. Þau fara mikið til Austur-Evrópu, m.a. til Prag og Bratislava, og eins og staðan er núna erum við í svipuðum verðflokkum og þau lönd.

Tuttugu prósentu niðurgreiðsla getur þýtt mikla aukningu í upptökum fyrir stórar erlendar kvikmyndir, tölvuleiki, sjónvarpsþætti og annað slíkt,“ segir Þórir. - ig

Vísbending segir stofnun sérstaks leiðréttingarsjóðs ekki hljóma vel:

Velta vanda mögulega áfram

EFNAHAGSMÁL Ákvæði í stjórnarsáttmála Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks um að til greina komi stofnun „sérstaks leiðréttingarsjóðs“ til að ríkisstjórnin nái markmiðum sínum í tengslum við skuldaleiðréttingar eru í nýjasta tölublaði efnahagsritsins Vísbendingar ekki sögð hljóma vel. „Með því er gefið til kynna að vandanum verði velt áfram með myndun sjóðs,“ segir þar.

Bent er á að margir hafi hneykslast á því að almenningur ætti að „borga fyrir meintan forsendubrest ákveðins hóps“, en sannleikurinn um leið sagður sá að við hrúnið hafi orðið fjárhagsáföll hjá svo mörgum að óhjákvæmilegt væri annað en að bregðast við þeim. „Þær leiðir sem farnar hafa verið hafa ekki lokað málinu.“

Mikil fyrirheit eru sögð falin í stjórnarsáttmálanum í tengslum



FUNDUR Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson kynntu nýja stjórn á Laugarvatni á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

við leiðréttinguna á verðbólgu-skoti árána 2007 til 2010. Fyrirvari um að beita megi „fjárhæðartakmörkum vegna hæstu lána og setja önnur skilyrði til að tryggja jafnræði í framkvæmd og skilvirkni úrræða“ geti hins vegar bent

til þess að aðgerðirnar dugi ekki þeim sem verst eru staddir. „Mikið slys væri að ganga ekki alla leið í þetta sinn eins og segir í sáttmálanum: Óvissu um stöðu lántakenda gagnvart lánastofnunum verður að linnna,“ segir í Vísbendingu. - óka

Útskriftarstjarnan er komin. Glæsileg útskriftargjöf.

Okkar hönnun og smíði

JÓN & ÓSKAR

www.jonogoskar.is Sími 5524910 Laugavegi 61 Kringlan Smáralind

Upplýsingar 511 7005 • www.teigur.is

EKKERT
NÝLIÐA-
GJALD

GOLFKLÚBBURINN TEIGUR ÁRGJALD AÐEINS KR. 19.900

(FYRIR ÞÁ SEM GREIÐA FYRIR 10. JÚNÍ – EFTIR ÞAÐ KR. 23.900)

Árgjald í Teig innifelur eftirfarandi:

- Fjórir golfhringir (Mýrin GKG, Leiran, Bakkakot og Sveinskotsvöllur á Keili).
- 100 boltar í Básun fylgja með.
- Færð skráða forgjöf í golfi.
- Mátt spila í opnum mótum.
- Ert félagi í GSÍ.
- Ekkert nýliðagjald!
- Áskrift að Golf á Íslandi.

Mörg stéttarfélög, stofnanir og fyrirtæki niðurgreiða íþróttaiðkun.
Kynntu þér málið!

ÞÚ GENGUR FRÁ
GREIÐSLU Á
TEIGUR.IS
OG FÆRÐ SENT Í
PÓSTI POKAMERKI
OG VALLARMÍÐA.
EINFALT!



Samstarfslúbbur Teigs

GOLFKLÚBBURINN
TEIGUR

Höfðabakka 9, 3. hæð | Sími: 511 7005 | Fax: 511 7006 | teigur@teigur.is

GENGIÐ 23.05.2013

	Bandaríkjadalur	123,26	123,84
	Sterlingspund	185,88	186,78
	Evra	158,88	159,76
	Dönsk króna	21,312	21,436
	Norsk króna	21,119	21,243
	Sænsk króna	18,495	18,603
	Japanskt jen	1,2139	1,2209
	SDR	183,8	184,9

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 216,9997

Lyklaskipti urðu í ráðuneytinum í gær þegar nýir ráðherrar komu sér fyrir á skrifstofum sínum: Hér er örugglega skilið vel við, segir Bjarni

STJÓRNMÁL Valdaskipti urðu í gær þegar ný ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar tók við völdum. Sigmundur Davíð varð í gær yngsti forsætisráðherra í lýðveldissögunni, rétt rúmlega 38 ára gamall.

Jóhanna Sigurðardóttir fráfarandi forsætisráðherra færði Sigmundi bók að gjöf við það tilfelli, bók um jöfnuð í samfélaginu. „Þegar ég kom hingað, og mín ríkisstjórn, þá var mikill ójöfnuður í samfélaginu, en nú er staðan þann-

ig að jöfnuður er hvað mestur hér,“ sagði Jóhanna við það tækifæri.

Bjarni Benediktsson tók við lykluinum að fjármálaráðuneytinu úr höndum Katrínar Júlíusdóttur. Hann þakkaði Katrínu fyrir og bætti við:

„Ég veit að við munum áfram eiga gott samstarf og hér er örugglega skilið vel við gagnvart verkefninu, viðtakanda og þessu fólki sem hér vinnur.“

Fyrr um daginn hafði Jóhanna Sigurðardóttir beðist lausnar fyrir

„Ég veit að við munum áfram eiga gott samstarf.“
Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra

sig og ríkisstjórn sína á Bessastöðum. Fljótlega að þeim fundi loknum var haldinn annar ríkisráðsfundur þar sem hin nýja ríkisstjórn tók við, undir forsæti Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Jóhanna hættir nú afskiptum af stjórnmálum, en hún var fyrst kjörin á Alþingi árið 1978.



UPPRIFJUN VIÐ VALDASKIPTI Bjarni Benediktsson tók við lykluinum að fjármálaráðuneytinu úr hendi Katrínar Júlíusdóttur í gær. Við það tækifæri rifjuðu þau upp þegar þau komust bæði inn á þing árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjóðið frosin jarðarber: Lifrabólga úr jarðarberjum

HEILBRIGÐISMÁL Niðurstöður rannsókna á uppruna faraldurs lifrabólgu A í Skandinavíu gefa til kynna að frosin jarðarber sé orsakavaldur þeirra tilfella af lifrabólgu A sem greinst hafa í nær hundrað neytendum á fjórum Norðurlöndum á undanförunum mánuðum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá sóttvarnalækni.

Ekki hefur verið hægt að rekja vöruna til ákveðins framleiðanda eða tengja hana við ákveðið vöruefni.

Matvælastofnun og sóttvarnalæknir brýna fyrir neytendum að sjóða öll frosin jarðarber í eina mínútu áður en þeirra er neytt. Einnig er mælt með suðu annarra frosinna berja fyrir neyslu. -shá



LÖGREGLAN AÐ STÖRFUM Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur þurft að glíma við mun færri innbrot og eignaspjöll í upphafi þessa árs en síðustu ár.

Umferðarslysum fjölgaði: Glæpum fækkaði á höfuðborgarsvæðinu

LÖGREGLUMÁL Glæpum á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað nokkuð fyrstu fjóra mánuði ársins. Umferðarslysum hefur þó fjölgað lítillega.

Þetta kemur fram í upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Leiða þær í ljós að fyrstu fjóra mánuði ársins voru 1.582 þjófnaðir, 359 innbrot, 462 eignaspjöll og 276 ofbeldisbrot. Þá varð 141 umferðarslys.

Séu tölur ársins 2013 bornar saman við sama tímabil árin 2010 til 2012 kemur í ljós að þjófnum hefur fækkað um 17%, innbrotum um 41%, eignaspjölum um 27% og ofbeldisbrotum um 3%. Umferðarslysum hefur hins vegar fjölgað um tæplega 2%. -mþl

VESTMANNAEYJAR Vilja ekki hótél við Hástein

Meirihluti Eyjamanna vill ekki að veitt verði byggingarleyfi fyrir hótél á lóðinni við Hásteinsgryfju, samkvæmt könnun sem Vestmannaeyjabær lét gera. Rúmlega eitt þúsund manns tóku þátt í könnuninni og sögðu 56% nei en 44% já. Niðurstaðan er ráðgefandi fyrir bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúar Framsóknarflokks og Kópavogslista setja Sjálfstæðisflokki stólinn fyrir dyrnar: Ekkert meirihlutasamstarf án heilinda

SVEITARSTJÓRNIR „Það segir sig sjálfstæðisflokkurinn að starfa af heilindum í þessum meirihluta þá er náttúrulega enginn meirihluti,“ segir Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks í Kópavogi.

Fjórir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks mynduðu í fyrra nýjan meirihluta í bæjarstjórn Kópavogs með fulltrúa Y-listans og fulltrúa Framsóknarflokksins. Að sögn Ómars fóru sjálfstæðismennirnir

á síðasta bæjarstjórnarfundinum óvænt gegn stefnu sem meirihlutinn hafði ákveðið varðandi afgreiðslu nýs aðalskipulags.

„Það eru ekki heilindi í meirihlutasamstarfinu af hendi Sjálfstæðisflokksins. Gunnar Birgisson og Aðalsteinn Jónsson eru ekki að standa við það sem þeir eru að segja. Það er fáheyrð því miðað við þá reynslu sem ég hef haft af meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn þá hefur Gunnar aldrei sagt eitt en gert síðan annað.“

Rannveig Ásgeirsdóttir, bæjarfulltrúi Y-listans, er ósátt. „Það er með ólíkindum að itrekað skulum við standa frammi fyrir því að sami bæjarfulltrúi gangi gegn eigin meirihluta og ekki síst gegn sínu eigin fólki úr eigin flokki,“ segir Rannveig og vísar til framgöngu Gunnars I. Birgissonar.

Hún segir bæjarbúa eiga skilið heidarleg og góð vinnubrögð af hálfu allra bæjarfulltrúa. „Því gengur þetta uppþau algerlega í berhöggi við það hvernig meirihlutinn vill og hefur starfað.“ -gar

FRÉTTABLAÐIÐ Á MIÐVIKUDAG Bæjarfulltrúar Framsóknarflokks og Y-lista Kópavogsbúa lýstu á miðvikudag snúðum í samstarfi innan meirihlutans í bæjarstjórn Kópavogs.

Hafna ásökunum um óheilindi í meirihluta

Tveir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Kópavogs hafna ásökunum um óheilindi og að hafa gengið gegn ákveðinni stefnu í meirihlutasamstarfinu. Þeir vilji að menn skýri rétt frá kjósi þeir að ræða ágreiningsmál meirihlutans í fjölmiðlum.

SVEITARSTJÓRNIR „Við vísam alfríð á bug þeim ásökunum Ómars Stefánssonar og Rannveigar Ásgeirsdóttur að við höfum ekki einni af heilindum í meirihluta bæjarstjórnar Kópavogs,“ segir í yfirlýsingu Gunnars I. Birgissonar og Aðalsteins Jónssonar, tveggja af fjórum bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokks í Kópavogi.

Ómar og Rannveig eru bæjarfulltrúar Framsóknarflokks og Y-lista sem eiga í meirihlutasamstarfi við sjálfstæðismenn. Í Fréttablaðinu á miðvikudag gagnrýndu þau framgöngu Gunnars og Aðalsteins við meðferð á aðalskipulagi. Kölluðu þau eftir breyttu vinnulagi fyrir áframhaldandi meirihlutasamstarf.

„Þar munum við ekki láta þrýsting sérhagsmunahópa hafa áhrif á afstöðu okkar. Sú afstaða okkar hefur alltaf legið klár fyrir innan meirihlutans og átti ekki að koma neinum á óvart,“ segja Gunnar og Aðalsteinn sem

trýgt væri að Kópavogsbær skapaði sér ekki skaðabótaskyldu. „Þetta er iðulega gert leiki vafi á lögum, oft í mun veigaminni málum en þessum,“ segir í yfirlýsingu þeirra.

Þá segjast Gunnar og Aðalsteinn jafnframt leggja gegn því að fellt verði út gildandi deiliskipulag í svokölluðum Stórabási. Þar sé um mikla fjárhagslega hagsmunu bæjarsjóðs að tefla.

„Þar munum við ekki láta þrýsting sérhagsmunahópa hafa áhrif á afstöðu okkar. Sú afstaða okkar hefur alltaf legið klár fyrir innan meirihlutans og átti ekki að koma neinum á óvart,“ segja Gunnar og Aðalsteinn sem

trygt væri að Kópavogsbær skapaði sér ekki skaðabótaskyldu. „Þetta er iðulega gert leiki vafi á lögum, oft í mun veigaminni málum en þessum,“ segir í yfirlýsingu þeirra.

Þá segjast Gunnar og Aðalsteinn jafnframt leggja gegn því að fellt verði út gildandi deiliskipulag í svokölluðum Stórabási. Þar sé um mikla fjárhagslega hagsmunu bæjarsjóðs að tefla.

„Þar munum við ekki láta þrýsting sérhagsmunahópa hafa áhrif á afstöðu okkar. Sú afstaða okkar hefur alltaf legið klár fyrir innan meirihlutans og átti ekki að koma neinum á óvart,“ segja Gunnar og Aðalsteinn sem

trygt væri að Kópavogsbær skapaði sér ekki skaðabótaskyldu. „Þetta er iðulega gert leiki vafi á lögum, oft í mun veigaminni málum en þessum,“ segir í yfirlýsingu þeirra.

Þá segjast Gunnar og Aðalsteinn jafnframt leggja gegn því að fellt verði út gildandi deiliskipulag í svokölluðum Stórabási. Þar sé um mikla fjárhagslega hagsmunu bæjarsjóðs að tefla.

„Þar munum við ekki láta þrýsting sérhagsmunahópa hafa áhrif á afstöðu okkar. Sú afstaða okkar hefur alltaf legið klár fyrir innan meirihlutans og átti ekki að koma neinum á óvart,“ segja Gunnar og Aðalsteinn sem



LODNA Nær enginn annar uppsjávarafli kom að landi á tímabilinu en loðna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

30,2 milljarðar eftir febrúar: Aflaverðmæti lítillaga minna

SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 30,2 milljörðum króna á fyrstu tveimur mánuðum ársins samanborið við 30,3 milljarða á sama tímabili í fyrra. Aflaverðmæti hefur því dregist saman um rúmlega 111 milljónir króna.

Aflaverðmæti botnfisks var tæplega 17 milljarðar og dróst saman um 2,0% frá sama tíma í fyrra.

Verðmæti uppsjávarafila nam 11,9 milljörðum króna sem er um 7,0% aukning frá fyrra ári. -shá

GERÐU VERÐSAMANBURÐ

heitir pottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta í yfir 30 ár fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Á morgun Strekkingur allra vestast annars hægari.

Sunnudagur Vaxandi vindur og úrkoma þegar líður á daginn.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

Alicante 20° Berlin 17° Friedrichshafen 10° Las Palmas 22° New York 20° Paris 10°
 Apena 26° Billund 16° Gautaborg 18° London 10° Orlando 33° San Francisco 20°
 Basel 16° Frankfurt 12° Kaupmannahöfn 18° Mallorca 20° Ósló 20° Stokkhólmur 18°

20% AFSLÁTTUR AF VÍTAMÍNUM OG FÆÐUBÓTAREFNUM

GILDIR FRÁ FÖSTUDEGI
TIL SUNNUDAGS



HYDROXYCUT
120 TÖFLUR
6399KR/PK
VERÐ ÁN
AFSLÁTTAR 7999



ALLT Í EINNI
799KR/PK
VERÐ ÁN
AFSLÁTTAR 999

Gildir til 26. maí á meðan birgðir endast.

VEISTU SVARID?



1. Hver er utanríkisráðherra?
2. Hversu margir voru í atvinnuleit í apríl samkvæmt Hagstofu Íslands?
3. Hver er söngvari hljómsveitarinnar Diktu?

SVÖR

1. Gunnar Bragi Sveinsson, 2. 12.300, 3. Haukur Heiðar Hauksson.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, boðaði til neyðarfundar vegna morðs:

Morðið í London talið hryðjuverkaárás

BRETLAND, AP Sterkar vísbendingar eru um að morðið sem átti sér stað á miðvikudaginn í suðausturluta Lundúna hafi verið hryðjuverkaárás. David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, boðaði til neyðarfundar í gær vegna árássarinnar til að ræða viðbrögð við henni og ótta við hryðjuverk í Lundúnum. Boris Johnson borgarstjóri hefur beðið fólk um að halda ró sinni og segir árássina hafa verið einstakt tilvik.

Árásin átti sér stað seinni-

partinn á miðvikudaginn þegar tveir menn réðust á annan með kjötöxum og myrtu hann. Vegfarandi tók annan árássmannanna upp á myndband skömmu eftir árássina þar sem hann sést hrópa pólitískar fullyrðingar um „auga fyrir auga“ með blóðugar hendur og sveiflandi kjötöxi. Hann segir breska hermenn drepa múslima á degi hverjum og sver við Allah að „við“ munum aldrei hætta að berjast við „ykkur“.

Lögreglan handtók árásar-

mennina tvo eftir átökin og voru þeir báðir fluttir á sjúkrahús með skotsár, annar alvarlega særður.

Fórnarlambið var breskur hermaður og hefur öryggi í kringum svæði hersins í borginni verið hert. Bresk yfirvöld segja að árásin hafi verið knúin áfram af hugmyndafræði öfga múhamedstrúar. Múslimskir söfnuðir voru fljótir að fordæma árássina, þeir sögðu ekkert réttlæta hana og hvöttu lögregluna til að reyna að draga úr spennunni.

- ig



ÁRÁS Frá vettvangi morðsins í Lundúnum. NORDICPHOTOS/AFP

Aldrei stóð til að slá striki yfir gjaldið

Aldrei kom til tals við ríkisstjórnarmyndun að afnema sérstakt veiðigjald með öllu. Öðru máli gegnir um grundvallarbreytingar á gjaldtökunni. Strandveiðar halda sínum sessi og kannað verður hvort aflaregla megi vera sveigjanlegri.

SJÁVARÚTVEGUR Aldrei stóð til að afnema sérstakt veiðigjald með einu pennastriki í sumar, segir Sigurður Ingi Jóhannsson, nýr sjávarútvegsráðherra, spurður um fréttaplutning þess efnis, en alltaf var ljóst að því yrði breytt í grundvallaratriðum. Staðinn verður vörður um strandveiðar og fleiri byggðaleg úrræði. Athugað verður hvort aflaregla í þorski megi vera sveigjanlegri.

„Það að afnema þetta sérstaka veiðigjald, eins og það er útfært, hefur ævinlega staðið til, en það þýddi það ekki að sérstakt gjald yrði ekki útfært með öðrum hætti,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra spurður um texta um sjávarútvegs- og fiskimál í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar.



SIGURÐUR INGI JÓHANSSON

Í yfirlýsingu segir að almenna veiðigjaldið skuli endurspeglar afkomu útgerðarinnar í heild en sérstakt gjald taka sem mest mið af afkomu einstakra fyrirtækja. Sigurður bætir við að breytingar á veiðigjöldum tengist jafnframt hugmyndum ríkisstjórnarinnar um að skapa skilyrði fyrir sjávarútvegsfyrirtækin að endurnýja skipastól sinn og atvinnutæki í landi – slíkt sé tímabært enda skipastóllinn einn sá elsti á byggðu bóli.

Um sumt er texti yfirlýsingarinnar ekki skýr – fyrir leikmenn. Þar stendur til dæmis: „Stefnt er að því að auka sveigjanleika í nýtingarstefnu án þess að fórn ábyrgri stjórnun og nýtingu veiðistofna.“ Sigurður skýrir að þessi texti víki til dæmis að aflareglu í



Á VEIÐUM Ekki eru neinar sérstakar byltingar í farvatninu með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Aflaregla mun halda sínum sessi

Í sinni einföldustu mynd tengir aflaregla saman mat á stofnstærð og leyfilegan heildarafla. 20% aflaregla í þorski tók gildi árið 2009 en á alþjóðavettvangi er gert ráð fyrir því að fyrir hendi séu nýtingaráætlanir fyrir alla helstu fiskistofna.

Hafrannsóknastofnunin hefur unnið að mótun nýtingarstefnu og aflareglu fyrir ýsu og tillögur liggja fyrir.

Til að ná hámarksafurðum úr ufsastofninum til lengri tíma lítið er mælt með sams konar aflareglu og notuð er við stjórn þorskveiða.

þorski. „Við erum með 20% aflareglu í þorski og það er markmið að setja slíkar reglur á aðrar tegundir til að tryggja sjálfbærni og að menn gangi skynsamlega um auðlindina. Því hefur hins vegar ekki verið mótmælt að það væri hægt að hafa stefnuna sveigjanlegri. Það gæti falist í því að í stað tuttugu prósentanna gæti hlutfallið verið 19 til 23 prósent, svo dæmi sé tekið,“ segir Sigurður og bætir við að stefna um að setja aflareglur

fyrir fleiri tegundir muni standa óbreytt. Strandveiðar munu halda sínum sessi og vísar Sigurður í texta yfirlýsingarinnar þar sem stendur að „stuðst verður áfram við þau félagslegu, byggðalegu og atvinnulegu úrræði sem gildandi löggjöf kveður á um“. Það sama á við um byggðakvóta og fleiri atriði, en nýr ráðherra tekur þó fram að allt sé breytingum undirþipið við mat á hvernig auðlindin nýtist þjóðinni best. svavar@frettabladid.is

Formaður LÍÚ bindur vonir við breytt vinnulag í málefnum sjávarútvegs:

Fagnar endurskoðun veiðigjalds

SJÁVARÚTVEGUR „Það liggur fyrir að ný ríkisstjórn ætla sér að skoða álagningu veiðigjaldanna á sjávarútveginn. Það virðast uppi hugmyndir um fast gjald sem allir borga og því til viðbótar að reikna gjald til viðbótar niður á hvert fyrirtæki. Ég fagna því að þetta verði endurskoðað, því núna er meðaltalsálagning sem kemur mjög illa við lítil og meðalstór fyrirtæki,“ segir Adolf Guðmundsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) um stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar.

Adolf vonar að ný ríkisstjórn standi við fyrirheit um samtal

við atvinnugreinina um málefni sem hana snerta beint og óbeint. Það hafi brugðist að hans mati í tíð fráfarandi ríkisstjórnar með átökum sem öllum eru kunn.

Ekki er annað að merkja en að ríkisstjórnin sjá framhaldið í líku ljósi og Adolf. Í viðtali við Fréttablaðið segir Sigurður Ingi Jóhannsson, nýr sjávarútvegsráðherra, að leitast verði við að ná sem víðtækastri sátt um atvinnugreinina. Samráð verði aukið verulega. „Við leggjum áherslu á víðtækt samráð við sem flesta enda er sátt útilokuð ef ekki er talað saman í undanfara breytinga,“ segir Sigurður.

- shá



ADOLF GUÐMUNDSSON Sér fyrir sér að meira samráð verði haft við ákvarðanatöku um málefni sjávarútvegsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KRYDDSMJÖR

gerir grillmat að hreinu lostæti!



ALLIR GÖNGUSKÓR Á 20% AFSLÆTTI

YFIR 35 GERÐIR



FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR



VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins
32.573
kr. á mán.

STILLANLEGT Á FRÁBÆRU VERÐI
20% Afsláttur

DELUXE STILLANLEGT RÚM
2x90x200 cm
Tilboðsverð kr. 375.750
Fullt verð 477.000

TEMPUR SPRING heilsurúm



TEMPUR
DÝNUR OG ROÐDAR

TEMPUR SPRING
Verðdæmi 160x200 cm
Rúm, dýna og lappir
Verð frá kr. 251.000
Aukahlutur á mynd gaffl.



Fæst einnig
í stærðunum
180x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins
21.989
kr. á mán.

C&J STILLANLEGT með Tempur Cloud

TEMPUR
DÝNUR OG ROÐDAR

Charlotte S Julien
Dream your world™



C&J STILLANLEGT
með Tempur Cloud dýnu
Verðdæmi 2x90x200 cm
Verð kr. 740.900
Aukahlutur á mynd gaffl.

Með fjarstýringu

Fæst einnig
í stærðunum
2x80x200 cm
2x90x210 cm
2x100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins
64.243
kr. á mán.

C&J GOLD heilsurúm

Charlotte S Julien
Dream your world™



C&J GOLD
Verðdæmi 180x200 cm
Rúm, dýna og lappir
Verð frá kr. 133.000
Aukahlutur á mynd gaffl.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins
11.812
kr. á mán.

Fæst einnig
í stærðunum
100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
160x200 cm



LEVANTO hægindastóll
með skemli
Verð kr. 97.980
Til í rauðu og
gráu áklæði.
Einnig til í leðri,
svart, hvítt og
rautt.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins
8.450
kr. á mán.



TIMEOUT hægindastóll
með skemli
Verð 379.980
Til í mörgum litum
og útfærslum.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins
32.938
kr. á mán.



Opus hægindastóll
með skemli
Verð kr. 169.980
Til í orange og
gráu áklæði.
Einnig til í leðri,
svart og hvítt.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins
14.660
kr. á mán.

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

Betra
BAK

www.betrabak.is

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opíð virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16



MÓTMÆLI Þýskur lögregluþjónn fylgist með mótmælendum sem komu sér fyrir uppi í mastri til að mótmæla flutningum á kjarnorkuúrgangi. NORDICPHOTOS/AFP

Á dreifingaraðila hallar í íslenskum reglum um skaðsemisábyrgð: Framleiðendur bera ábyrgðina

UTANRÍKISMÁL Íslenskir dreifingaraðilar á vörum bera á þeim ábyrgð umfram það sem heimilt er samkvæmt Evrópulöggjöf. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur sent íslenska ríkinu lokaviðvörðun vegna þessa.

Í niðurstöðu rökstudds álits ESA er bent á að íslenskar reglur um skaðsemisábyrgð séu ekki í samræmi við EES-rétt. „Rökstudda álitid telst lokaðvörðun til Íslands. Ísland fær nú tækifæri til að gera viðeigandi ráðstafanir til að bregðast við álitinu, ella getur ESA

ákveðið að fara með málið fyrir EFTA-dómstólinn,“ segir í tilkynningu ESA um málið.

Bent er á að samkvæmt íslenskum lögum sé dreifingaraðili vara ábyrgur fyrir skaða sem rekja má til gallaðrar vöru. Samkvæmt EES-rétti er dreifingaraðilinn hins vegar bara ábyrgur í tilvikum þar sem framleiðandinn er óþekktur. „Af þessu leiðir að samkvæmt íslenskum lögum ber dreifingaraðilinn ábyrgð umfram það sem heimilt er samkvæmt EES-rétti.“ - óká



GALLAÐ JEPPAÐEKK Samkvæmt EES-rétti bera framleiðendur frumábyrgð á gölluðum vörum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Handtekinn í Hollandi: Seldi hrossakjöt sem nautakjöt

HOLLAND, AP Hollenskur kjötheildsali hefur verið handtekinn grunnaður um að hafa selt 300 tonn af hrossakjöti sem nautakjöt.

Maðurinn neitar því að hafa brotið nokkuð af sér. Aðstoðarforstjóri í fyrirtæki mannsins er einnig í haldi lögreglu.

Mennirnir eru sakaðir um bókhaldbrot og vörusvik. Heildsalan er talin hafa keypt kjötið í Hollandi, Írlandi og Englandi undanfarin ár. Maðurinn gæti átt allt að sex ára fangelsi yfir höfði sér. - þeb



EFTIRLIT Á fimmta tug skipa voru við veiðar þegar eftirlitið fór fram. MYND/LHG

Mok í úthafskarfanum:

Áminnti tvo erlenda togara

ÖRYGGISMÁL Þór, varðskip Landhelgisgæslunnar, var nýverið við eftirlit á Reykjanesrygg en þar standa nú yfir úthafskarfveiðar á svæði Norður-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

Fóru varðskipsmenn til eftirlits um borð í skip á svæðinu en þar hefur verið mokveidi undanfarna daga. Tvö skip, Annie Hillina frá Þýskalandi og Puente Sabaris frá Spáni, voru alvarlega áminnt af Gæslunni fyrir að hafa ekki sent afslaskeyti eins og lög og reglur gera ráð fyrir. - shá

Hæstiréttur Íslands:

Síminn fær ekki vexti frá ríki

DÓMSMÁL Íslenska ríkið var í Hæstarétti í gær sýknað af kröfu Símans hf. um greiðslu á dráttarvöxtum vegna meints greiðsludráttar á fjárframlagi úr jöfnunarsjóði alþjónustu.

Hæstiréttur staðfesti þar með dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá síðasta hausti.

Síminn átti að fá 163 milljóna króna framlag úr sjóðnum fyrir árið 2005, en það barst ekki fyrr en árið 2009 vegna fjárskorts sjóðsins. Síminn krafðist vaxta fyrir umrætt tímabil, en því var hafnað með þeim rökum að lög kveði á um að forsenda fyrir greiðslum úr jöfnunarsjóðnum sé sú að þar séu til nægir fjármunir. - þj

Ný skýrsla í Banglades:

Eigendur fari í lífstíðarfangelsi

BANGLADESS Ný skýrsla stjórnvalda í Banglades hefur leitt í ljós fjölmörg brot á lögum og reglum við hús sem hrundi þar í síðasta mánuði.

Samkvæmt skýrslunni var húsið byggt með lélegum byggingaræfnum á óhentugu byggingarlandi. Höfundar skýrslunnar segja mæla með því að eigandi byggingarinnar og eigendur fimm fataverksmiðja sem þar voru til húsa verði dæmdir í ævilangt fangelsi.

Slysið í Dhaka vakti athygli umheimsins á bágu aðstæðum verkafólks í fataverksmiðjum í Banglades. - þeb

Kreppan bitur frá sér:

Fátækum fjölgar á Ítalíu

ÍTALÍA Hátt í nýu milljónir Ítala voru undir fátæktarmörkum á síðasta ári eða tvöfalt fleiri en árið 2010. Þetta kemur fram í nýjum tölum ítölsku hagstofunnar. Fimmtungur hefur ekki efni á húshitun og um 17 prósent líta á kjöt sem lúxusvöru. Atvinnuleysi meðal ungs fólks hefur nærri tvöfaldast á undanförunum árum og kaupmáttur minnkað um tæplega 5 prósent.

Ítalir binda miklar vonir við ríkisstjórn Enricos Letta forsætisráðherra, sem hefur boðað aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi og auka hagvöxt. - hks

SAMGÖNGUR

Flugi seinkaði um tvo tíma

Brottför allra flugvéla sem fara áttu frá Keflavíkflugvelli í gærmorgun tafðist um allt að tvær klukkustundir vegna bilunar sem upp kom í sjálfvirku flugupplýsingakerfi í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Engin hætta var á ferðum vegna þessa.

Kennarar þurfa að sýna árangur í starfi

Mark C. Taylor vekur viðbrögð innan háskólasamfélagsins með hugmyndum sínum um að taka fyrir fastráðningar prófessora og taka upp starfssamninga til sjö ára í staðinn. Háskólastarfið er langtímarstarf, segir fyrrverandi háskólarektor.

MENNTUN „Ég veit ekki hvort hægt er að heimfæra þetta á íslenskt háskólasamfélag. Staðreyndin er sú að það mun reynast erfitt að breyta þessu, nema breytingarnar séu þeim mun róttækari. Fastráðning er nefnilega nauðsynleg til þess að menn geti helgað sig rannsóknum endanlega,“ segir Páll Skúlason, fyrrverandi rektor HÍ.

„Menn geta ekki alltaf verið í skammtímaráðningu, háskólastarfið er langtímarstarf og ekki alltaf pláss fyrir lausamennsku.“

Mark C. Taylor, forseti trúarbragðafræðideildar í Columbia-háskóla í New York, spurði áleitinna spurninga á fyrirlestri í Háskóla Íslands á miðvikudaginn í síðustu viku, og vakti meðal annars athygli á róttækum hugmyndum sínum hvað varðar fastráðningar prófessora í háskólum. Taylor finnst nauðsynlegt skref í að nútímavæða háskólaumhverfið að beinlínis verði tekið fyrir fastráðningar prófessora, og þess í stað komið upp kerfi þar sem sjö ára starfssamningar séu gerðir við prófessorana. Að þeim árum loknum sé svo hægt



PÁLL SKÚLASON



ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR



ÚR HÁSKÓLA ÍSLANDS Fyrrverandi rektor segir háskólastarfið vera langtímarstarf.

að framlengja samningana að því gefnu að báðir aðilar séu ánægðir. Þannig sé búið til umhverfi sem leiðir til nýbreytni og sköpunar; hvata til þess að þróast í starfi. Með þessu móti væri enn fremur hægt að verðlauna þá sem standa sig vel og búa til pláss fyrir ungt fólk með nýjar hugmyndir og vinnuaðferðir. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ, tekur að miklu leyti undir orð Taylors um fastráðningar háskólakennara. „Mér finnst það nú bara sjálfsagt að það séu skýr viðmið í háskóla-kennslu og gerðar kröfur, og að því leyttu tek ég undir með Taylor. En það er vissulega fylgst með okkur í starfi, þó að það sé mikilvægt að halda áfram að þróa viðmið og mælikvarða. Það er mikilvægt að sýna árangur í starfi þótt það megi

deila um það hver mælanlegur árangur er í starfi – eigum við bara að fara eftir því sem er gefið út? Ég er alls ekki á því. Það er mikilvægt að finna leiðir til að mæla árangur í kennslu,“ bætir Arndís við.

„En svo eru greinarnar ólíkar innbyrðis, þannig að við getum ekki notað sömu viðmið á öllum fræðasviðum. Fræðifólk á hugvísindasviði er til dæmis oft að vinna að stórum verkefnum sem taka einhver ár, svo ég noti dæmi úr eigin ranni. Samningar mega ekki vera á ársgrundvelli og Taylor er alls ekki að leggja það til. Það verða að vera skýr viðmið og ekki bara þau að þú sýnir árangur í rannsóknum í útgáfu, heldur líka í kennslu. Það hefur verið erfitt að finna mælanleg viðmið í kennslu og að því þurfum við að vinna,“ segir Arnfríður enn fremur. olof@frettabladid.is

Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur

TANNBURSTAR OG TANNKREM FYRIR VIÐKVÆM SVÆÐI



NÝ OG BETRI HÖNNUN!

Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn.

SENSODYNE

netto

Kræsingar & kostakjör

ANDABRINGUR FRANSKAR

2.998

ÁÐUR 3.527 KR/KG

ANDABRINGA A L'ORANGE Á GRILLIÐ

ANDABRINGA SKERIÐ Í FITU Á BRINGU MEÐ JÖFNU MILLIBILI ÞVERT Á BRINGUNA, KRYDDIÐ BRINGU Á BÁÐUM HLIÐUM MEÐ SJÁVARSAÐI, GRÓFUM PIPAR OG TIMIAN, LÁTIÐ SITJA Í 15 MÍN. HITIÐ GRILL MJÖG VEL, SETJIÐ BRINGU, FITUHLIÐ Á GRILLIÐ, PASSA ELD SEM MYNDAST. SNÚIÐ VIÐ OG SETJIÐ KJÖTHLIÐ Á GRILL Í CA. 3 MÍN. SNÚIÐ VIÐ AFTUR OG LÁTIÐ FITUHLIÐ BRÚNAST VEL Á GRILLI, SETJIÐ SÍÐAN Á LÁGAN HITA OG ELDIÐ EFTIR SMEKK, MÆLT MEÐ MEDIUM ELDUN. ELDUN TEKUR RÉTT UM 12 – 15 MÍN EFTIR HITA OG GRILLI. PASSA AÐ SNÚA BRINGU NOKKRUM SINNUM.

SÓSA OG MEÐLÆTI

APPELSÍNUSÓSA 2 MATSK SYKUR, SHERRY – 2 BOLLAR VATN, 2 BOLLAR APPELSÍNUSAFI, SHALLOTTULAUKUR SMÁTT SKORINN, BÖRKUR AF APPELSÍNU OG SMÁVEGIS AF SÍTRÓNU.

KJÚKLINGAKRAFTUR 2 MATSK SMJÖR – AÐFERÐ – SETJIÐ SYKUR Í POTT, LÁTIÐ BRÚNAST, BÆTIÐ SVO VIÐ SHERRY, VATN, APPELSÍNUSAFA, LAUK OG LÁTIÐ SJÓÐA Á LÁGUM HITA ÞAR TIL HEFUR SODIÐ NIÐUR, BÆTIÐ ÚTÍ BERKI AF APPELSÍNU OG SÍTRÓNU, TAKIÐ AF HITA, LÁTIÐ STANDA Í 3 MÍN OG HRÆRIÐ SMJÖRI ÚTÍ SÓSU. GOTT ER AÐ SETJA BRINGUR, SKORNAR, Á FAT OG HELLA SÓSU YFIR, LÁTIÐ STANDA Í 2 – 3 MÍNÚTUR.

MEÐLÆTI

KRYDDJURTASALAT GLJÁÐ RÓTARGRÆNMETI MEÐ SÆTUM KARTÖFLUM.

GRILL LAMBALÆRI KRYDDAÐ

1.392

ÁÐUR 1.698 KR/KG



KJÚKLINGABRINGUR OKKAR – 3STK

1.990

ÁÐUR 2.398 KR/KG



PAPRIKA RAUÐ

349

ÁÐUR 698 KR/KG



50% AFSLÁTTUR

LAMBAHRYGGUR FYLTTUR M. SVEPPAFYLLINGU

2.479

ÁÐUR 3.099 KR/KG



GRÍSAHNAKKSSNEIÐAR BEINLAUSAR PIRI PIRI

1.799

ÁÐUR 2.398 KR/KG



25% AFSLÁTTUR

PEPSI & PEPSI MAX 33CL DÓSIR

79

ÁÐUR 99 KR/STK



MASSARÍNA KRISTJÁNSBAKARÍ

659

ÁÐUR 1.098 KR/STK



40% AFSLÁTTUR

ADIDAS 50ML SVITALYKTAREYÐIR 4 TEG.

299

ÁÐUR 399 KR/STK



25% AFSLÁTTUR

Tilboðin gilda 23.maí - 26.maí

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

FRÉTTABLAÐS-APPI HLEYPT AF STOKKUNUM Í DAG

Fréttablaðs-app komið í snjalltæki

Lesendur Fréttablaðsins geta frá og með deginum í dag sótt sér sérstakt forrit (app) í snjallsíma og spjaldtölvur sem sækir blaðið sjálfkrafa á hverjum útgáfudegi. Appið býður upp á margs konar möguleika til aflestrar. Ritstjóri segir appið henta vel fyrir lesendur á leið í ferðalög.

Frá og með deginum í dag mun lesendum Fréttablaðsins standa til boða að fá blaðið sent í spjaldtölvu eða snjallsíma með nýju smáforriti, svokölluðu appi. Áfram verður hægt að nálgast vefútgáfu blaðsins á visir.is eins og verið hefur frá ársbyrjun 2005.

Nýja forritið er fánlegt, án endurgjalds, í helstu smáforrita-veitunum, App Store á tækjum frá Apple og Play Store á tækjum sem ganga á Android-stýrikerfinu.

Fréttablaðs-appið er byggt á forritinu Pressreader, sem miðlar fleiri en 2.300 fréttablöðum frá næstum 100 löndum. Það hefur hins vegar verið sniðið að Fréttablaðinu þar sem nú birtist sérstakt tákni á skjáborði notenda, sem hægt er að stilla með þeim hætti að það sækir nýjasta tölublaðið hvern útgáfudag.

Lesendur geta bæði flett einni blaðsíðu í einu, nánast eins og á hefðbundinn hátt, og eins rennt hraðar yfir blaðið með stíku á botni skjásins.

Þá er bæði hægt að lesa efni blaðsins með því að þysja nánar inn á síður og með því að smella á einstakar fréttir.

FRÉTTABLAÐS-APPIÐ Í FJÓRUM SKREFUM



1

Forritið má sækja í Play Store á Android-tækjum og App Store á Apple-tækjum. Leitið einfaldlega að „Fréttablaðið“.



2

Pegar forritinu hefur verið hlaðið niður verður það aðgengilegt með tákni á skjáborði tækisins.



3

Eldri töluþlöd má nálgast í safni. Hægt er að stilla forritið þannig að það eyði sjálfkrafa út sóttum töluþlöðum eftir nokkra daga. Hægt er að stilla forritið þannig að nýtt blað sé sótt sjálfkrafa á hverjum útgáfudegi, en þar er einnig hægt að velja um hvort sérblöð Fréttablaðsins séu líka sótt. Eins er boðið upp á þann valkost að blöð verði einungis sótt í gegnum þráðlaust net (Wi-Fi) en ekki 3G.



4

Pegar blaðið hefur verið sótt er það opnað. Tveir valkostir eru um hvernig blaðið er skoðað; annars vegar er hægt að smella á fyrirsagnir fréttar og lesa þær hverja fyrir sig og hins vegar er hægt að þysja nánar inn á síðu blaðsins. Bæði er hægt að fletta stökum síðum blaðsins og fletta hraðar í gegnum blaðið með stíku neðst.



„Nú er Fréttablaðið enn aðgengilegra hvar og hvenær sem er. Appið kemur á réttum tíma, þegar margir eru á leiðinni í sumarfrí. Fólk getur þá haldið áfram að fylgjast með blaðinu þótt það sé á ferðinni.“

Ólafur P. Stephensen, ritstjóri 365 fréttar

SAF fagna ákvörðun um stækkað verndað svæði til hvalaskoðunar:

Telja ekki gengið nógu langt

ATVINNUMÁL Samtök ferðapjónustunnar fagna ákvörðun Steingríms J. Sigfússonar, fráfaraandi atvinnu- og nýsköpunarráðherra, um að stækka verndað svæði á Faxaflóa til hvalaskoðunar. Samtökin furða sig jafnframt á því að hrefnuveiðar skuli hafa byrjað án þess að nefnd um nýtingu hvala hafi lokið störfum.

Samkvæmt reglugerð ráðherra nær gríðasvæðið frá Garðskaga á Reykjanesi að Skógarnesi á Snæfellsnesi en náði áður frá Garðskaga og norður fyrir Akranes. Er breytingin rökstudd þannig að umfang og þjóðhagslegt mikilvægi hvalaskoðunar hafi aukist og mikilvægt sé að umgjörð greinarnar sé ásætlanleg.

Hvalaskoðunarsamtök Íslands segja breytinguna ekki ganga nægilega langt. Hrefnuveiðimenn furða sig á ákvörðuninni og tíma-setningu hennar. Sjómenn séu útilokaðir frá aðalmeiðum og endurmeta þurfi stöðuna frá grunni er varðar veiðarnar.



HVALASKOÐUN Farþegum í hvalaskoðun fjölgaði um 45.000 manns á milli ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samtök ferðapjónustunnar hafa lagt mikla áherslu á að banna allar hvalveiðar í Faxaflóa og innan 30 sjómílna frá öllum hvalaskoðunarsvæðum. Í tilkynningu segir að þrátt fyrir að ráðherra hafi ekki

orðið við þeirri ósk þá sé skrefið mikilvægt. Samtökin líta á hrefnuveiðar sem beina ógn við starfsemi hvalaskoðunarfyrtækja við Faxaflóa.

-shá

Lögreglan er róleg vegna ólgu í undirheimum:

Ekki sérstakur viðbúnaður hjá lögreglu

LÖGREGLUMÁL „Við vitum af þessum orðrómi og öðru slíku en það er enginn sérstakur viðbúnaður,“ segir Friðrik Smári Björgvinsson, aðstoðaryfir lögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, spurður hvort lögreglan væri með sérstakan viðbúnað vegna meintra hótana og vopnasöfnunar aðila sem tengjast líkamsárásinni í Ystaseli. Heimildir Fréttablaðsins herma að mikil ólga sé í undirheimum vegna málsins og að árásarmönnum hafi ítrekað verið hótad líkamsmeiðingum og jafnvel lífláti.

Jafnframt að tvívegis hafi einstaklingar reynt að komast að heimili annars árásarmannsins en lögreglan hafi náð að stöðva ferð þeirra í bæði skiptin.

Fórnarlambið mun hafa hlotið mikla áverka í andliti þar sem sauma þurfti um 50 spor. Hann



VETTIVANGUR ÁRÁSARINNAR Árásin átti sér stað í Ystaseli í síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

mun einnig þurfa að gangast undir aðgerðir til að lagfæra áverka. -hó

ÁSDÍS HJÁLMSDÓTTIR
SPJÓTKAST

VIÐ VEITUM ÍSLENSKU AFREKSFÓLKI VILJASTYRK

SAFERAN

viljastykur.is



ÞÉR ER BOÐIÐ Á

FERÐAHÁTÍÐ

Laugardaginn 25. maí
í Lágmúla 4

ÓTRÚLEG TILBOÐ Í SÓLINA
SEM AÐEINS ER HÆGT AÐ
BÓKA ÞESSA HELGI

Pollapönk
heldur uppi staðinu!



BYLGJAN VERÐUR MEÐ
BEINA ÚTSENDINGU FRÁ
HÁTÍÐINI

Sirkus Ísland
með spennandi atriði



DJ ÞEYTI SKÍFUM
AF MIKILLI SNILLD

Hoppukastali, grillpýlsur
og drýkkir í boði



HAPPDRÆTTI

Ferð fyrir tvo til
Almería

GLÆSILEGIR VINNINGAR

Gamanið hefst
kl. 13.00-16:00
Hlökkum til að sjá þig!





ELDSVÖÐI Í BRASÍLÍU Mikill eldur braust út þegar neisti komst í eldsneytistanka í olíubirgðastöð í Dueque de Caxias rétt fyrir utan Ríó de Janeiro í Brasilíu. NORDICPHOTOS/AFP

Olíuleit, olíuboranir og umsvif á Grænlandi kölluðu á nýtt þróunarfélag:

Ætla að nýta tækifærin fyrir norðan

ÍÐNAÐUR Dysnes Þróunarfélag ehf. var stofnað í gær. Félagið á að standa að uppbyggingu, markaðsstarfi og kynningu á Dysnesi við Eyjafjörð sem framtíðarhafnarvæði vegna þjónustu við námu- og olíuvinnslu fyrir norðan Ísland.

Að félaginu standa Eimskip, Mannvit, Hafnasamlag Norðurlands, Slippurinn Akureyri og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.

Haft er eftir Þorvaldi Lúðvík Sigurjónssyni, framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélagsins, sem sér um daglegan rekstur félagsins, að það sé stofnað í ljósi vaxandi möguleika Íslendinga vegna umsvifa á Græn-

landi, olíuleitar og olíuborana úti fyrir Íslandi norðanverðu og aukinna pólsiglinga.

Dysnes er um 15 kílómetra norðan við Akureyri. Þar eru um 90 hektarar lands ætlaðir undir starfsemi, þar af 30 með landfyllingu.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í áföngum, sá fyrsti að loknu umhverfismati. Heildarfjárfesting í svæðinu er sögð geta numið allt að 18 milljörðum króna á komandi árum.

- óká

FÉLAG STOFNAÐ Fulltrúar fyrirtækja og félaga sem standa að stofnun þróunarfélagsins Dysnes.



Mælingar í Gävle:

Kannabis finnst í sænsku skólpi

SVÍPJÓÐ Íbúar í Gävle í Svíþjóð neyta mikils magns kannabis, að því er segir í frétt sænska ríkisútvarpsins.



KANNABIS Íbúar í Gävle virðast neyta mikils magns kannabisefna.

sem samsvöruðu 30 skömmtum á hverja 1.000 íbúa.

Formaður fíkniefnanefndar Gävle, Marítha Johansson, segir að ekki sé hægt að fullyrða að þrjú prósent íbúanna neyti kannabis. Einhverjir kunni að hafa kastað vatni tvisvar sinnum þær 12 klukkustundir sem mælingarnar voru gerðar.

Miklu minna magn reyndist vera af morfíni, amfetamíni og kókaíni í skólpinu. - í bs

Eric Garcetti borgarstjóri í LA:

Gyðingur kosinn borgarstjóri

BANDARÍKIN Eric Garcetti var kjörinn borgarstjóri í næststærstu borg Bandaríkjanna, Los Angeles, á þriðjudag. Hann verður þar með fyrsti gyðingurinn sem gegnir embættinu. Garcetti fékk 53,9 prósent atkvæða gegn 46,1 prósent atkvæða sem féllu í hlut Wendy Greuel, mótframbjóðanda Garcetti. Garcetti mun taka við af núverandi borgarstjóra, Antonio Villaraigosa, en hann hefur settið í embætti borgarstjóra tvö kjörtímabil og gat því ekki boðið sig fram á nýjan leik.

Með sigri hefði Wendy Greuel orðið fyrsta konan til að gegna embætti borgarstjóra í Los Angeles. - ósk



ÓLÍFUOLÍA Nú er bannað að geyma ólífuolíu í skál.

Tillaga ESB-stjóra í salt: **Vill ekki ólífuolíu í skálum**

LANDBÚNAÐUR Eftir heitar umræður, meðal annars um gamlar skrátnar reglur, eins og til dæmis um hvernig gúrkur mega vera í laginu, hefur framkvæmdastjóri landbúnaðarmála hjá ESB fallið frá nýrri tillögu sinni. Framkvæmdastjórinn, Dacian Ciolos, vill hafa miða framleiðanda á flöskum með ólífuolíu á borðum veitingahúsagesta til að koma í veg fyrir svindl. Hann vill setja bann við að olían sé framreidd í litlum skálum.

Tillaganaut stuðnings í löndum Suður-Evrópu sem framleiða ólífuolíu en hlegið var að henni í Norður-Evrópu, að því er segir á vef Jyllands-Posten. - í bs

Börn seld mansali í Svíþjóð: **800 flóttabörn horfið sporlaust**

SVÍPJÓÐ Nær 800 börn hafa horfið sporlaust í Svíþjóð undanfarnir sex ár. Börnin, sem sótt hafa um hæli í Svíþjóð, hverfa áður en þau hafa fengið úrskurð um dvalarleyfi. Þetta kemur fram í nýútgefinni bók, De förlorade barnen.

Dregið er í efa að börnin hafi horfið af fúsum og frjálsum vilja. Í frétt sænska ríkisútvarpsins segir að margar hjálparstofnanir hafi staðfest upplýsingarnar í bókinni. Þær hafa skráð 60 meint tilfelli um að börn hafi verið seld mansali í Svíþjóð. - í bs

Hundruð hafa þurft að flýja heimili sín

Gríðarleg rigning hefur valdið flóðum og aurskriðum í Noregi undanfarna sólarhringa. Mörg hundruð hafa þurft að yfirgefa heimili sín og samgöngur eru úr skorðum. Í flóðunum grófst meðal annars upp 250 ára gamall kirkjugarður.

NOREGUR Hundruð manna hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna flóða og aurskriða í Noregi undanfarna sólarhringa. Einn maður hefur fundist látinn á flóðasvæðinu en ekki er vitað hvernig hann lést. Ljóst er að tjón af er mikið. Ekkert lát er á rigningu en vandræðin eru að færest til vesturs.

Ástandið hefur orðið einna verst í Hvammi í Guðbrandsdal, þar sem nær allir íbúar hafa þurft að yfirgefa heimili sín og aurskriður féllu á þó nokkur hús. Jens Stoltenberg forsætisráðherra fór til svæðisins í gærkvöldi til að sýna stuðning sinn í verki. Þar var haldin upplýsingafundur fyrir íbúana.

Þrátt fyrir að veðrinu eigi að slota í dag munu fleiri stærrí ár flæða yfir bakka sína að mati sérfræðinga. Þær eru seinni að bregðast við rigningu en litlar ár.

Samgöngur eru í uppnámi í landinu og fjöldi vega fór í sundur eða er ónothæfur af öðrum sökum. Lestarteinar hafa líka rofnað. Helstu leiðir á milli Óslóar og Þrándheims lokuðust í allan gærdeg. Starfsmenn vegagerðar sögðu við norska fjölmiðla í gær að ekki væri hægt að lofa neinu um opnun vega og að ástandið breyttist nánast á hverri mínútu.

Mannabeinum skolaði upp eftir flóðin, en þau voru í gömlum kirkjugarði við kirkju í Listad, sem stóð til ársins 1780. Beinir dreifðust meðal annars yfir vegi og stóð til að hefja hreinsun í gær.

thorunn@frettabladid.is



ALLT Á FLOTI Gríðarleg eyðilegging hefur orðið í Hvammi vegna flóða og aurskriða. Nánast allir íbúar þurftu að yfirgefa heimili sín. NORDICPHOTOS/AFP

Sá rúmið sitt fljóta fram hjá

Aðeins eru tvö ár liðin frá því að svipuð flóð ollu miklum skemmdum á sömu slóðum og nú. Einn þeirra íbúa í Hvammi sem þurftu að yfirgefa heimili sín er Trond Teigen, sem sagði Aftenposten sögu sína í gær. Trond missti heimili sitt í flóðunum árið 2011 og flutti ásamt fjölskyldu sinni í ný hýbýli. „Við fluttum inn í nýtt hús eftir flóðið fyrir tveimur árum. [...] Nú líft út fyrir að allt húsið sé ónýtt. Ég var að sjá rúmið mitt fljóta fram hjá.“ Hann segist hafa haldið að nýja húsið væri á öruggum stað. Hann hafði haft áhyggjur af ástandi mála undanfarna vikur og kvartað við sveitarfélagið yfir því að flóðavarnir við ána væru farnar að gefa sig.



LESTARTEINAR Í ÓLAGI Samgöngur voru úr skorðum í gær og allar helstu leiðir norður í land frá höfuðborginni voru lokaðar. Tugir vega fóru í sundur og þá féllu aurskriður á nokkra þeirra. Lestarteinar skemmdust einnig og urðu ótraustir, eins og sést á myndinni. NORDICPHOTOS/AFP

Aflabrögð á úthafskarfamiðunum hafa verið afar góð að undanfögnu:

Kláruðu kvótann á tólf dögum

SJÁVARÚTVEGUR Þerney RE 101, skip HB Granda, er á landleið eftir að hafa klárað úthafskarfkvóta sinn á tólf dögum. Hið sama á við um Örfirisey RE en hin tvö skip HB Granda sem stundað hafa úthafskarfaveiðarnar, Helga María AK og Venus HF, eru enn á miðunum.

Frá þessu er sagt á heimasíðu fyrirtækisins en vart þarf að taka fram að aflabrögð eru frábær á Reykjanesrygg þar sem tugir skipa stunda veiðarnar við góðar aðstæður.

Að sögn Kristins Gestssonar, skipstjóra á Þerney, þétti karfinn sig í stóra torfu eftir rólega byrjun á veiðunum. „Í raun erum við að tala um svokallaða aðgæsluveiði. Það þýðir að við höfum orðið að gæta þess að stytta holi til þess að fá ekki of mikinn afla,“ segir Kristinn.



BÚNIR MEÐ KVÓTANN Á réttu dýpi fæst afburða góður karfi á Hryggnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aðstæðurnar á miðunum úti við 200 mílna lögsögumörkin eru nú allt aðrar og betri en þær voru fyrir réttu ári þegar íslensku skipin máttu hefja veiðar. Í hálfan

mánuð fyrir þann tíma var mokið en það er mat manna að kólnun sjávar eftir 10. maí í fyrra hafi orðið til þess að karfinn hafi dreift sér og leitað annað. - sha




*Útskriftar-
gjöfin fæst
hjá okkur*

Hann Reykjadal

meba rhodium

KRINGLUNNI & SMÁRALIND



Segjum sögur á
stærsta farsímaneti
landsins



Sjáðu
söguna
á Youtube

Við deilum ekki brúðkaupsnóttinni með hverjum sem er. En daglega segjum við sögur af flestu öðru, bæði stóru sigrunum okkar og mikilvægu smáatriðunum og deilum þannig lífinu með öðrum.

Skellum í status, póstum mynd, sendum ást eða sláum á þráðinn. Segjum sögur.



ENNEMM / SIA / NM5595

Vertu í sterkara sambandi



Síminn 

Olíuslysið í Bláfjöllum er grafalvarlegt mál:

Úps, við sulluðum niður

Fréttaðlaðið sagði í lok marz frá miklum áhyggjum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á svæðinu af áformum um aukin umsvif á Bláfjallasvæðinu. Þar undir féllu til að mynda áætlanir um stækkun skíða-svæðisins í Bláfjöllum og ekki síður stórbrotnar fyrirætlanir um að laða hundruð þúsunda ferðamanna á ári að Þríhnúkagíg.

Heilbrigðisnefndirnar voru við sofandahætti í vatns-verndarmálum og bentu meðal annars á að ekki hefði verið gerð nein heildstæð samgönguáætlun fyrir Bláfjallasvæðið, en slíkt væri forsenda þess að byggja mætti upp þjónustu fyrir svo marga ferðamenn. Þá þyrfti nauðsynlega að endurnýja Bláfjallavegin og gera ýmsar aðrar varúðarráðstafanir. „Ef það verður olíumengunarslys, og það þarf ekki að vera stórvægilegt, eru vatnsbólín farin á stundinni,“ sagði Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs, þá hér í blaðinu.

Varla höfðu heilbrigðisnefndirnar sleppt orðinu þegar alvarlegt olíuslys varð á Bláfjallasvæðinu, í tengslum við framkvæmdir við Þríhnúkagíg. Olíutankur, sem verið var að flytja á svæðið, slitnaði neðan úr þyrlu og 600 lítrar af olíu fóru niður. Það var líkast til lán í óláni að tankurinn lenti á bílastæði og hægt var að moka upp olíumengraði mölinni, í stað þess að olían færi niður í gljúpt hraunið allt um kring. Það var líka heppni að frost var í jörðu.

Í þetta sinn sluppu höfuðborgarbúar því með skrekkin, en litlu mátti muna að illa færi. Umfjöllun um þetta slys bendir til að margir átti sig ekki á því um hversu grafalvarlegt mál er að ræða. Framkvæmdaglaðir ferðamálafrömuðir geta ekki bara sagt „úps, við sulluðum niður“, beðizt afsökunar og haldið svo áfram að ferja olíutanka með þyrlum yfir vatnsverndarsvæði höfuðborgarbúa.

Fréttablaðið sagði frá því fyrr í þessari viku að úttekt Orkuveitu Reykjavíkur á slysinu hefði leitt í ljós að ekki hefði verið farið eftir margvíslegum reglum í aðdraganda þess að slysið átti sér stað. Umhverfisstofnun gleymdi að spyrja hagsmunadæla vatnsverndar áður en hún veitti leyfi fyrir aðstöðunni við Þríhnúkagíg. Í starfsleyfinu stóð ekkert um að þar ætti að hafa olíutank. Fyrr um daginn sem slysið átti sér stað var olía flutt eftirlitlaust á svæðið með plasttönkum á vörubíl. Þyrlueldsneyti sem var á svæðinu var flutt þangað án tilskilinnar fylgdar. Olíubíll flutti 4.000 lítra eldsneytis á svæðið umfram þörf. Orkuveitan klúðraði sjálf málum þegar hún leyfði flutningana þrátt fyrir frávík frá reglum. Og eldsneytisdæling fór fram á vatnsverndarsvæðinu án nokkurra lekavarna.

Svona getum við ekki umgengist þá auðlind, sem hreint neyzluvatn höfuðborgarbúa er. Það er alveg sjálfsgagt að leitast við að efla ferðaþjónustuna á svæðinu. En flutningar á olíu og öðrum hættulegum efnum verða að lúta mjög ströngum reglum og eftirliti. Hér er alltof mikið í húfi til að hið þjóðlega viðkvæði um að þetta reddist eigi við. Olíuslysið í byrjun mánaðarins á að vera víti til varnaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Eldwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

elica
COLLECTION

25% AFSLÁTTUR

Elica háfar

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skemmtilegra að virða lögin

Af fjórum ráðherrum Framsóknarflokksins er ein kona. Það gera 25 prósent, svo stærðfræðinni sé beitt. Sigmundur svaraði því aðspurður að vissulega væri alltaf skemmtilegast að hafa hlut kynjanna sem jafnastan. Enginn hefði þó verið valinn í ríkisstjórnina vegna þess að hann var karl en ekki kona. Ekki er úr vegi að glugga í lög Framsóknarflokksins, en Sigmundi ber að sjálfsgöðu að fara eftir þeim. Þar segir skýrt að í skipan í trúnaðar- og ábyrgðarstöður innan flokksins skuli

hlutur hvors kyns ekki vera lægri en 40 prósent.

Gagnsæjar og augljósar ástæður

Reyndar hafa Framsóknarmenn fyrirvara á þessu kynjaðkvæði, því út af því má bregða ef „gagnsæjar og augljósar ástæður eru því til fyrirstöðu“. Sigmundur verður því að tiltaka þær gagnsæju og augljósu ástæður sem eru fyrir því að Vígðís Hauksdóttir varð ekki ráðherra. Ljóst er af orðum Vígðísar sjálfar að henni finnst þær aðstæður fráleitt augljósar.

Ráðherraherrann

Helgi Hjörvar var kjörinn formaður þingflokks Samfylkingarinnar á þriðjudag. Hver

sem er getur að vonum verið ánægður með þá upphæfð, en Helgi ætti að vera sérstaklega kátur með að hafa verið valinn úr þeim hópi sem skipar þingflokkin. Þar sitja hvorki fleiri né færri en sex fyrrverandi ráðherrar. Það eru þau Árni Páll Arnason, Guðbjartur Hannesson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Oddný G. Harðardóttir og Össur Skarphéðinsson. Helgi hefur sjálfur aldrei gegnt ráðherraembætti.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Ríkisstjórn sérhagsmuna

STJÓRN MÁL



Margrét K. Sverrisdóttir formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

Fráfarandi ríkisstjórn var ríkisstjórn almannahagsmuna sem hafði jöfnuð og velferð að leiðarljósi og stuðlaði markvisst að hvoru tveggja, fyrst og fremst með traustri efnahagsstjórn sem náði stjórn á fjárlagahalla, verðbólgu og atvinnuleysi eftir allsherjarhrun efnahagslífsins.

Nú tekur við ný ríkisstjórn sérhagsmuna þegar flokkar taka völdin sem jafnan hafa verið kallaðir „helmingaskiptaflokkar“ vegna þess að þegar þeir hafa setið saman að völdum, hafa þeir gætt þess að skipta með sér völdum og sporslum.

Kosningaloforðin og efnidirnar

Í kosningabaráttunni ítrekuðu Samfylking og Vinstri græn að það væri óábyrgt að lofa kjósendum miklum kjarabótum. Kosningaloforð Framsóknar og Sjálfstæðisflokks voru hins vegar mjög kostnaðarsöm og gengu þannig í berhögk við baráttuna við minni verðbólgu og aukinn stöðugleika. Flokkarnir lögðu enga áherslu á lækkingu skulda ríkissjóðs eða stöðugleika, gylliboðin voru allsráðandi.

Og nú hafa helmingaskiptaflokkarnir birt stjórnarsáttmála sinn. Þar sem leiðtogarnir eru ungir og ráðheraliðið nýtt, væntu margir þess að sjá jákvæð merki um kynslóðaskiptin og því vekur furðu

hve gamaldags viðhorf birtast í plagginu.

Viðræðum við Evrópusambandið verður rift án þess að þjóðin fái að vita hvað er í boði og kjósa um það. Krónan, einn veikasti og smæsti gjaldmiðill sem um getur, á að halda sér. Umhverfismál eru sett niður og það er gælt við þjóðernishyggju með þjóðlegum áherslum og upphafningu ungmennafélaga í anda Framsóknarflokksins, sem vill þó ekki kannast við fortíð sína. Og málin verða sett í nefnd.

Skýrasti fyrirboðinn

Skýrasti fyrirboði um það sem koma skal er að forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar er að afnema veiðigjald á útgerðina, sem áætlað var að gæti skilað 40-50 milljörðum í þjóðarþúið. Þeim liggur mest á að hlífa stuðningsmönnum sínum, útgerðarmönnum, við að greiða sanngjarnt gjald af nýtingu auðlindar okkar. Þar er sannarlega staðinn vörður um sérhagsmuni en ekki almannahagsmuni.

Mikilvægt er að fulltrúar nýrrar stjórnarandstöðu veiti ríkisstjórninni málefnalegt og uppbyggilegt aðhald og þó að sporin hræði varðandi samstarf Framsóknar og Sjálfstæðisflokks á umliðnum áratugum, bindur þjóðin sannarlega vonir við að nýrri ríkisstjórn takist vel til í verkum sínum.

Styttum kennaranámið

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Kartöflubóndi ætlar að prófa nýja ræktunaraðferð. Nýja aðferðin er 70% dýrari en sú gamla. Kartöflurnar munu vera lengur að vaxa en þær eiga að vera gæðameiri og þær með dýrari fyrir vikið. Bóndinn er metnaðarfullur og nýjungagjarn og hann slær því til.

Tveimur árum síðar er businessinn kominn í algjört rugl. Nýju ræktunaraðferðirnar reyndust ekki aðeins tímafrekari heldur gefa þær af sér helmingi færri kartöflur í hverri uppskeru. Bóndinn rukkar nú raunar örlítið meira fyrir hvert tonn en það dugar hvergi nærri til. Excel-skjalíð logar í rauðu.

Hvað á að gera? Bóndinn gæti farið í „stórfellt markaðsátak“ til að þrýsta á að fá herra verð frá kaupendum. Hann gæti sótt um lán og nýsköpunarstyrk og reynt að bæta framleiðnina. En hann getur líka viðurkennt að jafnvel fínustu hugmyndir ganga stundum ekki upp.

Kennarauppskeran brást

Fyrir fimm árum var ákveðið að lengja kennaranámið úr þremur árum í fimm. Þau lög tóku endanlega gildi fyrir tveimur árum og síðan þá hefur aðsóknin í kennaranámið hrúnið um helming. Útskrifaðir kennarar verða líklega enn færri því brottfall eykst með lengra námi. Sem sagt: Nú er tímafrekara og dýrara að mennta færri kennara en áður. Meðalmenntun þeirra sem kenna mun versna. Uppskeran brást. Við þurfum að horfast í augu við það.

Árin sem sjaldan borga sig

Setjum upp lítið reikningsdæmi. Ímyndum okkur einhvern með BA-gráðu sem veltir því fyrir sér hvort hann eigi að fara í meistaranám. Segjum að á þessum tveimur viðbótarnámsárum verði hann af um það bil fimm milljónum í tekjur. Ef hann þyrfti að taka fimm milljóna kr. lán hjá Íbúðalánasjóði eru afborganir af því um 25 þúsund kr. á mánuði.

Samkvæmt kjarasamningum KÍ hækka laun kennara einungis um 16 þúsund krónur við það að kennarinn fái meistaraþróf. Ákvörðunin um að taka meistaraþróf var varla fjárhagslega skynsamleg áður. Nú er búið að skylda alla verðandi kennara til að taka hana.

Markaðsátak?

En hvað með hugmyndir á borð við: „Við verðum að fara í stórfellt

átak til að efla áhuga á kennarastarfinu“? Þær hljóma því miður allt of mikið eins og: „Við verðum að eyða peningum í auglýsingar til að reyna að fá fólk til að taka fjárhagslega óskynsamlega lífsákvörðun.“ Það er ekki gaman að þurfa segja það en kannski hefur sá sem velur nú þriggja ára verkfræði- eða tölvunarfræðinám fram yfir fimm ára kennaranám heilmikið til síns máls. Námstíminn er styttri og væntanlegu launin betri. Það er mjög dýrt að bæta launin svo um munar. En það er auðvelt að stytta námið.

Ég legg til að við „gefumst upp“ og styttum skyldunámið aftur í þrjú ár. Ekki til að spara heldur til að fækka ekki menntuðum kennurum og fæla ekki þá frá náminu sem hugsa þetta ekki endilega sem ævistarf. Við þurfum að gera það. Í dýpstu kreppu seinni tíma, þegar skól-

arnir fylltust af atvinnulausu námsfólki, var ekki hægt að fullmanna námsbraut til starfs sem almennt þykir veita mikið starfsöryggi. Það verður ekki auðveldara að manna hana þegar betur árar í efnahagslífinu.

Fólk lifir ekki að eilífu

Þeir tímar eru liðnir þegar fólk var í sömu vinnunni í 40 ár og fékk gullúr frá vinnuveitanda sínum þegar það setti í helgan stein. Vinnumarkaðurinn er orðinn sveigjanlegri og það er gott. En einmitt vegna þess ætti ekki að gera færslu milli starfa erfiðari. Lenging kennaranámsins fælar frá fólk sem vill sveigjanleikann. Það er óheppilegt.

Vonandi mun enginn lesa úr þessum skrifum einhvers konar „vanvirðingu fyrir kennarastarfinu“. Engin slík taug slær í mér. En það læðist að manni sá grunur

Ákvörðunin um að taka meistaraþróf var varla fjárhagslega skynsamleg áður. Nú er búið að skylda alla verðandi kennara til að taka hana.

að lenging kennaranámsins hafi fyrst og fremst verið hugsuð sem millileikur í langvinnri baráttu kennara fyrir bættum kjörum. Sá leikur virðist ekki ætla að skila tilætluðum árangri.

Við þurfum að átta okkur á því að það að biðja fólk um að gefa fimm ár af lífi sínu er ekki lítil krafa. Sú krafa virðist fæla fólk frá. Það er kannski skiljanlegt. Flestir átta sig nefnilega á því að þeir lifa ekki að eilífu.



Sumar & sól

Síðustu sætin í júní

Almeria 25. júní í viku eða 2 vikur

Frá kr. 99.900 með allt innifalið

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Almeria þann 25. júní í eina eða 2 vikur. Í boði er m.a. Colonial Mar hótelið með allt innifalið.

Hotel Colonial Mar
Kr. 99.900 með allt innifalið. Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Kr. 122.300 á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi. Sértilboð 25. júní í viku.

Benidorm 11. júní í viku

Frá kr. 84.900 með fullu fæði 7 náttu ferð

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 7 náttu ferð til Benidorm þann 11. júní. Í boði er m.a. Mont Park hótelið með fullu fæði.

Hotel Mont Park
Kr. 84.900 með fullu fæði. Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og eitt barn í herbergi. Kr. 99.900 á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Krít 27. júní í 11 nætur

Frá kr. 129.900 með allt innifalið

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 11 náttu ferð til Krítar þann 27. júní. Í boði er m.a. Maleme Mare íbúðarhótelið með allt innifalið.

Maleme Mare
Kr. 129.900 með allt innifalið. Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Kr. 159.900 á mann m.v. 2 fullorðna í studio íbúð.

Tenerife 19. júní í viku eða 2 vikur

Frá kr. 96.900 með allt innifalið

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í viku eða tveggja vikna ferð til Tenerife þann 19. júní. Í boði er m.a. Villa Adeje Beach íbúðarhótelið með allt innifalið.

Villa Adeje Beach
Kr. 96.900 með allt innifalið. Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Kr. 109.900 á mann m.v. 2 fullorðna í studio íbúð. Sértilboð 19. júní viku.

AF NETINU

Silfurskeiðar hvað?

Fyrir kosningar:

„Engar nefndir, enga starfshópa, engar tafir, aðeins aðgerðir í þágu heimilanna.“ Bjarni Benediktsson 23. febrúar 2013.

Eftir kosningar:

Nú er stjórn Silfurskeiðabandalagsins að tala um 19 nefndir og starfshópa eða hvað þetta heitir allt saman á lygamáli. Fullt að gerast.

Allir vita um vinnuhraða nefnda og starfshópa offkors.

Afsakið ögn á meðan ég hendi mér út um gluggann og veld mér töluvert mörgum áverkum.

Kannski er þetta bara lélegur húmor hjá strákunum, búinir að vera of mikið yfir grillunum.

Bjarni, Bjarni, Bjarni, þú sagðir engar nefndir, enga starfshópa, bara beint í loforðabunkann.

Ég veit að þessi stjórn kemur til með að ljúga meira en hún étur vöfflur og dvelur í sumarhúsum, og er þá mikið sagt.

<http://blog.pressan.is>

Jenný Anna Baldursdóttir

Stutt útgáfa sáttmála

Haltu kjafti og vertu sæt. Þannig hefst stjórnarsáttmálinn; ekki orðrétt, en meiningin er sú. Ríkisstjórnin varar við „sundurlyndi og tortryggni“ og heimtar „samtakamætt þjóðarinnar sér til handa. Á móti lofar hún að „stefna að“ sumu, „skoða“ annað, „vinna að“ ýmsu, „bæta“ hitt og þetta, „leggja áherzlu á“ sitt lítið af hverju, „yfirfara“, „gera úttekt á“, „leitast við“, „greina“, „kanna“, „yfirfara“, „skipa starfshóp“, „stuðla að“ og „standa vörð“. Sem sagt samfellt prump. Það eina, sem hún boðar ekki er að „líta alvarlegum augum á“ að hætti Geirs Hallgrímssonar sællar minningar. Gott á gullfiskana.

<http://www.jonas.is/>

Jónas Kristjánsson



AF NETINU

Ríkisstjórnin er dauð, lengi lifir ríkisstjórnin!

Það sem mér finnst best við nýju ríkisstjórnina er að ráðherrar eru allir nýir. Kynslóðin sem nú er smám saman að sópast út af sviðinu var orðin svo vígamót, heiftúðug og langrækin að það stóð endurreisn Íslands fyrir þrífum. Þetta var áberandi í síðustu ríkisstjórn, þar sem ungu ráðherrar voru hættir að fela óþol sitt gagnvart þeim gamla stíl. Þetta var líka áberandi í kosningabaráttunni þar sem kjósendur höfðu það sterkt á tilfinningunni að allir leiðtogar stóru flokkanna fimm hefðu einlægán áhuga á því að gera Ísland betra. Og ótrúlegt en satt, þá var það ferskt viðhorf.

Á tíma síðustu ríkisstjórnar fannst mér ömurlegt að heyra stjórnarandstæðinga óska stjórninni alls illis, og þeir hinir sömu gátu ekki einu sinni glaðst þegar góðar fréttir bárust af ríkisfjármálum, minnkandi atvinnuleysi eða góðri afkomu fyrirtækja. Heitin í garð pólitískra andstæðinga var sterkara afl en óskin um bættan hag landsmanna.

<http://eyjan.pressan.is>

Gisli Marteinn Baldursson

Raunhæfar tillögur um umbætur í opinberri þjónustu

Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi kom saman í þriðja sinn 8. maí sl. en vettvangurinn var settur á laggirnar í janúar 2013. Stofnun vettvangsins má rekja til skýrslu McKinsey ráðgjafafyrirtækisins um leiðir Íslands til aukins hagvaxtar sem kom út í október 2012. Vettvanginn skipa 27 aðilar frá atvinnulífinu, vinnumarkaðnum, stjórnsýslunni, háskóla-samfélaginu auk leiðtoga stjórnmalaflokkanna. Formaður samráðsvettvangsins er Ragna Árnadóttir.

Samráðsvettvangurinn hefur sett sér mjög metnaðarfull markmið til ársins 2030. Talsverðar umbætur þurfa að eiga sér stað á flestum sviðum samfélagsins eigi markmiðin að verða að veruleika. Vinna vettvangsins frá því í janúar hefur verið leidd af verkefnisstjórn sem Friðrik Már Baldursson prófessor við HR stýrir. Verkefnisstjórnin, sem er sjálfstæð í störfum sínum, skilaði tillögum til samráðsvettvangsins 8. maí um opinbera þjónustu, innlenda þjónustu, alþjóðageirann og auðlindageirann. Þetta eru umfangsmiklar umbótatillögur sem samráðsvettvangurinn mun nú ræða og meta. Í haust má búast við einhverri niðurstöðu. Hafa ber í huga að samráðsvettvangurinn er ekki bundinn af þessum tillögum og munu þær væntanlega taka einhverjum breytingum. Þær má nálgast á www.samradsvettvangur.is.

Sameiningar í opinbera geiranum
Átta umbótatillögur voru kynntar er snerta opinbera þjónustu. Tvær snúa að sameiningum innan opin-

STJÓRNSÝSLA



Pétur Berg Matthíasson meðlimur í vinnuhópi verkefnisstjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi

bera geirans, annars vegar fækkun tiltekinna ríkisstofnana og hins vegar fækkun sveitarfélaga. Einhverjum kunna að þykja þessar tillögur nokkuð róttækar en færstar eru þó nýjar af nálinni. Sameiningartillögur sveitarfélaga í þá veru sem verkefnisstjórnin leggur til, að fara úr 74 í 12, hafa t.a.m. verið settar fram í svipuðum anda áður.

Það hefur verið einkenniandi fyrir stofnanaumhverfið hér á landi að vera með margar litlar sams konar ríkisstofnanir um allt land. Ágæt dæmi eru skattstofur, lögregluembætti, sýslumannsembætti o.fl. Hverju embætti eða stofnun fylgir yfirstjórn, forstöðumaður og önnur stoðþjónusta. Með þeim breytingum sem orðið hafa í tæknimálum, samskiptum, fjarskiptum, samgöngum og fleiru á síðastliðnum árum hefur grundvöllur þess að viðhalda slíku fyrirkomulagi breyst. Auk þess ýtir staða efnahagsmála þjóðarinnar undir frekari umbætur og endurskipulagningu á stofnanakerfinu. Sameining skattstofa í eitt embætti hefur skilað miklum árangri og hefur verið notað sem forðæmi um góða sameiningu við gerð tillagna verkefnisstjórnar. Með þeirri sameiningu tókst m.a. að viðhalda þjónustu á landsbyggðinni, draga úr rekstrarkostnaði og viðhalda mikilli starfsánægju.

Eitt lögregluembætti

Ein af sameiningartillögum verkefnisstjórnarinnar er að sameina öll lögregluembætti í eitt. Þessi tillaga hefur áður komið fram á síðastliðnum árum. Sameining lög-

➔ **Markmiðið með sameiningu væri ekki að skerða þjónustu heldur skapa möguleika til að efla hana og styrkja.**

reglunnar í eitt lögregluembætti er að mörgu leyti einfaldari sameining en flestir kunna að halda. Lögreglan er t.a.m. með sameiginlega málaskrá, innkaup á ýmsum búnaði eru sameiginleg fyrir öll embætti, auk þess eru ýmsar deildir sem nú þegar þjónusta öll lögregluembætti eða starfa á landsvísi eins og fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra, almannavarnir, sérsveitin, tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu o.fl.

Markmiðið með sameiningu væri ekki að skerða þjónustu heldur skapa möguleika til að efla hana og styrkja. Áfram yrðu lögreglustöðvar um allt land. Sameining myndi einfalda stjórnskipulag lögreglunnar og draga úr yfirbyggingu hennar til hagsbóta fyrir sýnilega löggæslu. Það væri með markvissari hætti hægt að efla faglega hæfni löggæslunnar um land allt og skapa sveigjanleika innan hennar, auk þess sem þetta myndi bæta möguleika lögreglunnar til að mæta niðurskurði fjárveitinga án þess að það kæmi niður á grunnþjónustu.

Það er ekki einsdæmi að vera með eitt lögregluembætti fyrir allt landið. Írar hafa búið við það í áratugi og nú hafa Skotar farið þessa leið en 1. apríl 2013 tók þar til starfa eitt lögregluembætti með um 17 þúsund lögreglumenn. Það þarf því ekki langan tíma að framkvæma ýmsar tillögur verkefnisstjórnar um sameiningar stofnana sé tekið mið af umfangi og sambærilegum aðgerðum í öðrum löndum.

Borgarráð niðurgreiðir daggæslu í öðrum sveitarfélögum

„Starfsmenn leikskóla Reykjavíkur með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í vistun hjá dagforeldri fá greidda hærri niðurgreiðslu.“

Svona hljóðar byrjun á breytingu á reglum skóla og frístundarsviðs Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur þann 14. mars 2013.

Í sömu reglum kemur fram: „Skilyrði niðurgreiðslu til lækkunar daggæslugjalda er að skráð lögheimili barns í Þjóðskrá og föst búseta þess sé í Reykjavík.“

Oddný Sturludóttir fulltrúi Samfylkingar og Óttar Proppé fulltrúi Besta flokksins sitja bæði í borgarráði Reykjavíkur. Þessir tveir borgarfulltrúar hafa fundað með stjórn Barnsins - félags dagforeldra í Reykjavík undanfarnin tvö ár þar sem fulltrúar stjórnarinnar hafa barist fyrir umtalsverðum hækkunum á niðurgreiðslu til foreldra barna sem eru hjá dagforeldrum og yrðu þær hækkar til þess að lækka daggæslugjöld foreldra um 1.000 barna í borginni til jafns á við leikskólajöld. Talað er fyrir daufum eyrum þeirra Oddnýjar og Óttars sem hafa lítið sem ekkert viljað gera fyrir þessa foreldra og bera við miklum fjárhagsvanda borgarinnar. Ekki með nokkru móti hefur verið hægt að koma þeim í skilning um að það verði að koma til móts og hækka niðurgreiðslur foreldra barna hjá dagforeldrum þó ekki væri nema fyrir það eitt að þessar niðurgreiðslur hafa nánast staðið í stað í rúm fimm ár, þeim er nokk sama.

Fram hjá reglum

Hvernig má það þá vera að þeir sem í borgarráði Reykjavíkur sitja

LEIKSKÓLAR



Sigrún Edda Lövdal Formaður Barnsins, félags dagforeldra í Reykjavík

samþykka að niðurgreiða daggæslu barna úr öðrum sveitarfélögum þrátt fyrir að skilyrði sé í reglum um að lögheimili barns og föst búseta verði að vera í Reykjavík. Þeir sem í borgarráði Reykjavíkur sitja virðast geta gengið fram hjá reglum og samvisskulaust horft fram hjá um 1.000 barnafjölskyldum sem greiða gjöld sín og skatta til borgarsjóðs Eiga borgarfulltrúar

Reykjavíkur ekki að vinna í þágu þeirra sem búa í borginni en ekki að verja sköttum og gjöldum sem Reykjavíkingar greiða ár hvert til borgarsjóðs í að lækka daggæslugjöld hjá foreldrum sem búa utan Reykjavíkur, þó svo að þeir starfi á leikskólum borgarinnar.

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkur sem búa utan Reykjavíkur greiða nú 18.735 krónu lægri daggæslugjöld til dagforeldra en reykjavískir foreldrar sem eru giftir eða í sambúð, eins furðulega og það hljómar þá geta þeir foreldrar þakkað borgarráði Reykjavíkur þá lækku.

Stjórn Barnsins krefst þess að Oddný Sturludóttir svari því að þegar hún ekki með nokkru móti má heyra minnst á að hækka niðurgreiðslur umtalsvert til foreldra barna í Reykjavík, taki þau sem í borgarráði Reykjavíkur sitja sig til og samþykki að niðurgreiða daggæslu barna sem búa utan Reykjavíkur og lækka daggæslugjöld foreldra þeirra um 18.735 krónur. Jafnframt svari hún þeirri spurningu hvort leikskólajöld barna sem eru í leikskólum í öðrum sveitarfélögum séu líka niðurgreið af borgarsjóði ef foreldri þess er starfsmaður leikskóla Reykjavíkurborgar.

➔ **Eiga borgarfulltrúar Reykjavíkur ekki að vinna í þágu þeirra sem búa í borginni...**

Fjölskyldum mismunað

Í grein sem birtist eftir Oddný Sturludóttir í Fréttablaðinu 22. mars sl. dásamar hún hversu mikið Reykjavíkurborg hefur forgangsráðað fyrir foreldra og staðið vel við bakið á barnafjölskyldum. Er það mat Oddnýjar að Reykjavíkurborg sé ekkert minna en barnaborg. Það er öðru nær og endurspeglar þessi grein Oddnýjar það sem stjórn Barnsins hefur ávallt haldið fram á fundum með henni og Óttari Proppé, að fjölskyldur þeirra um 1.000 reykvisku barna sem dvelja í vistun hjá dagforeldrum eru nánast ekki til fyrir henni eða öðrum borgarfulltrúum og virðist þeim nokkuð sama þó þessir foreldrar sem hafa svo sannarlega ekki farið varhluta af erfiðu efnahagsástandi undanfarnin ár greiði daggæslugjöld sem eru um 400.000.- kr. hærri en foreldrar leikskólubarna greiða á ári hverju.

Þetta kallast ekki að standa við bakið á barnafjölskyldum Oddný Sturludóttir, þetta kallast að mismuna fjölskyldum ungra barna svo um munar í Reykjavík.

Stjórn Barnsins hvetur Oddnýju Sturludóttir til að skrifa grein í Fréttablaðið og svara þeim spurningum sem koma fram í þessari grein og væri þá lag fyrir borgarfulltrúann að beina sjönnum sínum að foreldrum þeirra um 1.000 reykvisku barna sem dvelja í vistun hjá dagforeldrum og upplýsa þá um hvað hún og aðrir borgarfulltrúar ætla að gera til þess að Reykjavíkurborg geti orðið borg þeirra barna líka.

TOSHIBA acer ASUS

FARTÖLVURÝMING

VERÐFALL Á 50 GERÐUM

ADÉINS NOKKRIR DAGAR

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR



Það er hlýtt á toppnum

Leifur Örn Svavarsson komst á hátind Everest í gær. Hann fór auðvitað erfiðu leiðina, norðurhliðina, þessa sem fæstir leggja í og enginn Íslendingur hafði áður klifið.

Leifur klæðist fatnaði frá 66°NORÐUR í þessum aðstæðum sem fæstum dettur í hug að koma sér í. Dúnsamfestingurinn sem við sérframleiddum fyrir leiðangurinn hélt á honum hita, líka á tindinum.

**Til hamingju með áfangann Leifur.
Við hlökkum til að fá þig heim.**





DONNA Kjöll
st. S-XL
TILBOÐ
2.999
v.á. 6.999



VALENSÍA
Brjóstahaldari
TILBOÐ
1.499
v.á. 2.499



TRUE Kjöll
st. 10-20
TILBOÐ
2.999
v.á. 6.999



TRUE Vesti
st. 10-20
TILBOÐ
2.999
v.á. 5.999



TRUE gallabuxur
st. M-XXL
TILBOÐ
2.999
v.á. 6.999

VALENSÍA
Brjóstahaldari
TILBOÐ
1.499
v.á. 2.499



Toppur
st. 8-16
TILBOÐ
1.999
v.á. 4.999



Boxer
st. 8-16
TILBOÐ
999
v.á. 2.499

Skór
st. 36-46
TILBOÐ
3.999
v.á. 7.999



Hettupeysa
st. S-XL
TILBOÐ
1.999
v.á. 4.999



Pólóbólur
st. S-XXL
TILBOÐ
799
v.á. 1.999

Hettupeysa
st. S-XL
TILBOÐ
1.999
v.á. 4.999



Pólóbólur
st. M-XXL
TILBOÐ
1.999
v.á. 5.999



Gildir til 26. maí á meðan birgðir endast.



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

OFUR TILBOÐSDAGAR

FRÁ FÖSTUDEGI TIL SUNNUDAGS



Ungbarnasett
st. 56-68
TILBOÐ
2.999
v.á. 6.999

Joggingbuxur
st. 7/8-13/14
TILBOÐ
1.499
v.á. 3.299



Boxer
st. 92/98-128
TILBOÐ
699
v.á. 1.499



Toppur
st. 92/98-128/134
TILBOÐ
899
v.á. 1.699



Boxer
st. 92/98-128/134
TILBOÐ
699
v.á. 1.299

Stígvél
st. 20-35
TILBOÐ
2.499
v.á. 4.999



Hlýrakjöll
st. 92/98-128
TILBOÐ
999
v.á. 2.999



Pólóbolur
st. 140-176
TILBOÐ
999
v.á. 1.999

Buxur
st. 7/8-15/16
TILBOÐ
1.999
v.á. 4.999



Skór
st. 36-41
TILBOÐ
1.999
v.á. 2.999



Skór
st. 28-41
TILBOÐ
2.499
v.á. 4.999



Misnotkun Sorpu staðfest

Með úrskurði frá 21. mars. sl. staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að Sorpa byggðarsamlag hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið samkeppnislög og bæri að greiða 45 milljóna króna sekt. Til upprifjunar þá fólst brot Sorpu í að veita eigendum sínum og Sorpstöð Suðurlands bs. óeðlilega háa afslætti sem sköðuðu samkeppni. Í grein sem

SAMKEPPNISLÖG



Ólafur Karl Eyjólfsson
lögmaður

birtist eftir undirritaðan í Fréttablaðinu í janúar sl. var fjallað um ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og hverjar hugsanlegar afleiðingar kynnu að verða vegna hennar með vísan til skaðabóta-ábyrgðar Sorpu. Verður ekki frekar fjallað um þau mál hér og vísast til þeirra skrifa.

Gjaldskrárbreyting Sorpu

Í kjölfar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins ákvað stjórn Sorpu

að breyta gjaldskránni og fella niður alla afslætti til allra viðskiptavina, frá og með 15. febrúar sl. Gjaldskrá Sorpu er lögbundin, sem þýðir að Sorpa verður að fylgja lögum þegar hún setur gjaldskrá sína og getur ekki látið annað ráða för við ákvörðun gjaldskrárinnar en lögmæt sjónarmið. Um þessi sjónarmið og lögmæti gjaldskrár fyrir að meðhöndla úrgang er kveðið á um í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þar segir að gjaldið sem byggðarsamlag innheimtir skuli aldrei vera

hærra en sem nemur þeim kostnaði sem til fellur í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangsins og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna.

Ákvörðunarorð eftirlitsins

Með þeirri aðgerð sinni að afnema alla afslætti, virðist hins vegar sem Sorpa skilji ekki hvernig hún átti að bregðast við tilmælum Samkeppniseftirlitsins. Þannig beindi Samkeppniseftirlitið, í ákvörðunarorðum sínum, til Sorpu að endurskoða gjaldskrána þannig að viðskiptakjör

→ Með afnámi allra afsláttar til almennra viðskiptavina sinna er Sorpa kominn í mótsögn við sjálfa sig, þar sem hún hélt því fram í rökstuðningi til Samkeppniseftirlitsins að afslættirnir væru veittir á grundvelli kostnaðarlegs hagræðis.

væru almenn, gagnsæ og hlutlæg og tryggja að kjör og aðrir skilmálar í viðskiptasamningum fyrirtækisins væru í samræmi við 11. gr. samkeppnislaga. Hvergi í ákvörðunarorðum Samkeppniseftirlitsins segir að afnema skuli alla afslætti eða að bannað sé að veita afslætti. Þvert á móti þá sló Samkeppniseftirlitið því föstu í ákvörðun sinni að gildandi afsláttarfyrrkomulag gagnvart almennum viðskiptavinum væri ekki í andstöðu við samkeppnislög enda grundvöllur á kostnaðarlegum og hlutlægum forsendum. Er því augljóst að afnám allra afsláttar til almennra viðskiptavina Sorpu var ekki gert á grundvelli ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins.

Mótsögn Sorpu bs.

Með afnámi allra afsláttar til almennra viðskiptavina sinna er Sorpa kominn í mótsögn við sjálfa sig, þar sem hún hélt því fram í rökstuðningi til Samkeppniseftirlitsins að afslættirnir væru veittir á grundvelli kostnaðarlegs hagræðis. Það er að magnviðskipti lækki kostnað. Nú kveður hins vegar við nýjan tón þar sem Sorpa veitir ekki lengur afslætti vegna hagræðis. Má því vera ljóst að núverandi gjaldtökur þar sem ekki er tekið tillit til magnhagræðis, endurspeglar ekki raunkostnað við meðhöndlunina á úrganginum. Virðist því sem Sorpa haldi áfram ótrauð við að brjóta á rétti viðskiptavina sinna og virðist yfirgangur og óréttlæti byggðarsamlagsins engan endi ætla að taka þar sem gjaldtakan er enn ekki í samræmi við lög.

Hvati Sorpu bs.

Nú kynni einhver að velja fyrir sér hvers vegna Sorpa tók alla afslætti af öllum viðskiptavinum sínum á einu bretti án nokkurra skýringa eða fyrirvara. Sumir kynnu að halda að nú væri jafnvægi náð og eitt gengi yfir alla og allir sáttir. En svo tel ég ekki vera. Ástæðan er einföld. Sorpu bar að greiða 45 milljónir í sekt fyrir misnotkun sína. Á sama tíma er Sorpu óheimilt að skila hagnaði þar sem gjaldtaka við meðhöndlun úrgangs má ekki vera meiri en kostnaðurinn sem af því hlýst. Því má vera ljóst að engir varasjóðir voru til að standa straum af óvæntum útgjöldum líkt og sektin var. Því varð Sorpa með einhverjum hætti að afla sér tekna umfram gjöld auðvitað, til að greiða sektina. Þær tekjur koma nú með ofrukkun á förgunargjöldum við meðhöndlun á úrgangi með afnámi lögmætra og réttmætra afsláttar. Má þannig segja að Sorpa hafi, eftir að hafa brotið samkeppnislög og verið refsað fyrir að misnuna viðskiptavinum sínum í áraraðir, farið beinustu leið í að brjóta lög um meðhöndlun úrgangs með afnámi afsláttanna. Til einföldunar mætti segja að brotapolunum, sem í þessu máli eru viðskiptavinir Sorpu, er nú gert að greiða sektina vegna brotanna sem á þeim voru framín.

ÚRSLITIN RÁÐAST Í ÞRÍVÍDD Í SMÁRABÍÓ

BAYERN VS. DORTMUND
LAUGARDAGINN 25. MAÍ KL. 18:45

Miðasala í fullum gangi á Miði.is og eMiði.is.
Húsið opnar kl. 16:00 og að sjálfsgöðu verður barinn opinn.
Miðaverð 2.500 kr, 3D gleraugu ekki innifalin.

DEWALT

HÖRKUTÓL

á heima hjá Sindra



18V Hleðsluvél
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla: 80Nm
Þyngd: 2,42 Kg
Gírar: 3
Högg

KR. 86.900.-



18V Hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,84 kg
Gírar: 2
Led ljós

KR. 59.900.-



18V Hleðsluborvél
Patróna 13mm
Rafhlaða 2* 1,5Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla 60 Nm
Þyngd 1,55kg
Gírar 2

KR. 49.900.-



18V Hleðsluvél
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla: 80Nm
Þyngd: 2,4 Kg
Gírar: 3

KR. 78.900.-



18V Hleðsluvél
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla: 80Nm
Þyngd: 1,88 kg
Gírar: 2
Högg

KR. 69.900.-



10,8V Hleðsluborvél
Patróna 10mm
LED Ljós
Rafhlaða: 2 x 1,5Ah Li-Ion
Þyngd: 1,1Kg
Gírar: 2

KR. 29.900.-



3 Línu laser
Sjálfstillandi
Þyngd: 0,8kg
4 x AA rafhlöður
Nákvæmni
+/- 0,3mm/m
Sterk taska fylgir

KR. 79.900.-

Slípirokkur
Afl : 850 W
Skífur : 125mm
Sn/mín : 10.000
Þyngd : 2,1 kg



KR. 13.900.-

2 línu laser
Sá allra vinsælasti.
Virkar núna á
móttakara
Þyngd: 0,46kg
3 x AA rafhlöður
Veggfesting
Nákvæmni +/- 0,3mm/m



KR. 39.900.-



Höggborvél
Afl: 650W
Kraftur: 2,4j
sn/mín: 0-1550
Þyngd: 2,3 kg

KR. 28.900.-

Veltisög
Afl: 2000 W
sn/mín : 2850
Blað : 250mm
Þyngd: 37kg



KR. 119.900.-

Hleðsluútvarp
Hleður 7,2-18V Li-Ion
Tengi fyrir
MP3+CD
USB Hleðsla



KR. 39.900.-

SINDRI

Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði

www.sindri.is | sími 575 0000

+

Elskuleg eiginkona mín, amma, langamma og langalangamma,
PAULINA J. JÓNSSON
 (LÍNA)
 Breiðagerði 11, Reykjavík,
 lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 19. maí. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 29. maí kl. 11.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Baldvin Jónsson



+

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,
EINAR MATTHÍASSON PH.D.
 Ljósalandi 19, Reykjavík,
 sem lést þriðjudaginn 21. maí, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 30. maí kl. 13.00.

**Guðbjörg Guðbergsdóttir
 Gunnþórunn Einarsdóttir
 Karl Einarsson
 og barnabörn.**

**Guðjón Gunnarsson
 Brynja Magnúsdóttir**



+

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
**KRISTJÖNU ELÍSABETAR
 SIGURÐARDÓTTUR**
 Hlíðarholti, Staðarsveit.

Sérstakar þakkir til starfsfólks dvalarheimilisins Jaðars fyrir alla umönnun og hlýju.

**Bjarni Vigfússon
 Margrét Vigfúsdóttir
 Sigurður Vigfússon
 Vigfús Vigfússon
 og fjölskyldur.**



+

Okkar yndislegu, ástkæru foreldrar, tengdforeldrar, afi og amma,
**Alexander G. Þórsson
 og Edda Sigurjónsdóttir**

létust af slysförum á hvítasunnudag 19. maí.

**Þórunn Alexandersdóttir
 Hafdís Alexandersdóttir
 Sigurjón Alexandersson
 og barnabörn.**

**Hjörleifur Harðarson
 John Patrick Toohey
 Signý Traustadóttir**




+

Þökkum auðsýnda samúð við andlát elskulegs eiginmanns míns, föður, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafa,
GUNNARS VIGGÓ FREDERIKSEN
 Karfavogi 18,
 sem lést sunnudaginn 5. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**María Elísabet Frederiksen
 Árni Gunnar Frederiksen
 Baldvin Már Frederiksen
 Kristján Örn Frederiksen
 Ellen María Frederiksen
 Þórunn Elísabet Green
 barnabörn og langafabörn.**

**Sigríður Jóhannsdóttir
 Aðalheiður Gunnarsdóttir
 Ólafur Alexander Ólafsson**



**Fjölbreytt úrval legsteina
 Frí áletrun og uppsetning**

Sjá nánar á granithöllin.is sími 555 38 88
 Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)

Graníthöllin
 Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði
 www.granithollin.is
 Sími 555 38 88



PETTA GERÐIST: 24. MAÍ 1941

HMS Hood skotið í kaf

Í dag eru 72 ár síðan HMS Hood, þá stærsta herskip heims, sökk eftir orrustu við þýska herskipið Bismarck um 250 sjómílur vestur af Reykjanesi, en skipið hafði lagt af stað úr Hvalfirði fáum dögum áður.

HMS Hood 51 var flaggskip breska flotans og herdjásn breska konungdæmisins á millistríðsárunum og í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar. Skipið var smíðað 1916 og oftsinnis endurbætt fram að endalokum sínum, en þrátt fyrir stórlega

endurbætta hönnun og lagfæringar til betri vegar eftir fyrri orrustu á sjó, ekki síst til að standa af sér grimmilegar árásir Þjóðverja á hafi úti á stríðsárunum, var ljóst að alvarlegir vankantar voru á hönnun og smíði skipsins.

Alls hlutu 1.418 Bretar vota gróf með herskipinu Hood. Premur var bjargað og voru þeir fluttir til Reykjavíkur. Bismarck var sökk vestur af Bretlandi þremur dögum síðar.



JÓN ÓSKAR OG HULDA HÁKON HALDA SÍNA FYRSTU SAMSYNINGU Í 30 ÁR. „Það hafði ekki hvarflað að okkur að setja upp sýningu saman því nálgun okkar er svo ólík.“

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Myndir af makríl, Daníel og John Wayne

Hjónin Hulda Hákon og Jón Óskar opna nýja sýningu í Tveimur hröfnum í dag. Þetta er fyrsta samsýning hjónanna í þrjátíu ár og jafnframt opunarsýning í hinu nýja galleríi.

„Okkur var bara boðið að opna galleríið og slógum til,“ segir myndlistarmaðurinn Jón Óskar um samsýningu hans og konu hans, Huldu Hákon, sem verður opnuð í Tveimur hröfnum í dag. Tveir hrafnar heitir nýtt gallerí við Baldursgötu 12, í sama húsnæði og Gallerí Ágúst var rekið í fimm ár þar til því var lokað nú rétt fyrir áramót.

Efnistöð þeirra hjóna eru ólík; Hulda sýnir lágmyndir af makríltorfum sem hún kennir við ýmis mið við Ísland en Jón Óskar hefur gert myndir af Daníel Magnússyni, myndlistarmanni og vini sínum, og John Wayne.

„Við Daníel vorum úti í Kína, deildum þar saman vinnuborði, og myndirnar snúast um samskipti okkar þar,“ segir Jón Óskar, sem fór jafnframt að mála myndir af John Wayne eftir að hafa horft á myndina The Searchers í sjónvarpinu. Hulda segir að eftir að hafa gert mikið af pólitískum verkum í gegnum tíðina hafi hún ákveðið að róa á önnur mið.

„Hrunið varð mér eiginlega ofviða,“

segir hún. „Við stóðum frammi fyrir svo miklu rugli og svikum að mér féllust eiginlega hendur. Ég ákvað því að fjalla ekkert um það heldur snúa mér að einhverju sem mér finnst fallett og jákvætt. Þá kom makrillinn syndandi. Þetta er einstaklega fallegur fiskur, með silfurlitaða tungu og lítur nánast út eins og skartgripur.“

En pólitíkin er aldrei langt undan, jafnvel þótt maður reyni að komast undan henni, því makrílveiðar hafa orðið tilefni harðra milliríkjadeilna.

„Já, auðvitað er alltaf eitthvað undirliggjandi líka. Það er auðvitað frekja og pólitík hjá mér að njörva makrillinn, sem er tiltölulega nýfarinn að venja komur sínar til Íslands, svona kirfilega við miðin okkar,“ segir Hulda.

Jón Óskar segir það hafa komið sér merkilega á óvart hvað myndirnar á samsýningunni þössuðu vel saman í rýminu í Tveimur hröfnum.

„Það hefur ekki hvarflað að okkur að setja upp sýningu saman því nálgun okkar er svo ólík,“ segir hann. „Við

„**Þá kom makrillinn syndandi. Þetta er einstaklega fallegur fiskur, með silfurlitaða tungu og lítur nánast út eins og skartgripur.**“

Hulda Hákon

höfum staðið okkur að því að vinna út frá sömu hugmyndum, við erum jú alltaf í miklum samskiptum, en útkoman er yfirleitt svo gjörólík að maður áttar sig ekki á því að hún sé sprottin af sömu vangaveltum.“

Jón Óskar og Hulda ætla að halda aðra samsýningu í Nuuk á Grænlandi í haust og útiloka ekki meira samstarf í framtíðinni.

Sýning þeirra Jóns Óskars og Huldu Hákon verður opnuð í Tveimur hröfnum klukkan 16 í dag.

bergsteinn@frettabladid.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GILITRUTT Á BRÚÐULOFTINU

Gilitrutt er brúðusýning byggð á þjóðsögu um ógurlega skessu og bóndakonu sem vildi komast hjá því að bera ábyrgð. Líkt og í öðrum sýningum Berndts Ogródnik eru leikmynd og brúður unnar af miklu listfengi. Gilitrutt lifnar við á Brúðuloftinu í Þjóðleikhúsinu á morgun kl. 13.30.

-10%
60%
-20%

RÝMINGARSALA

VEGNA FLUTNINGA

-50%
-30%
-90%

1 STK

Hornsófi verð 99.000 áður ~~238.900~~

sýningareintök og útlitsgallaðar vörur með allt að 90% afslætti fyrstir koma fyrstir fá

1 STK

Leður sófasett 311 verð 149.000 áður ~~559.900~~

Fjarstýringa vasar verð 2.500 áður ~~4.900~~
Hornborð verð 15.970 áður ~~19.900~~
Speglar verð 5.000 áður ~~47.900~~
Heilsukoddar verð 2.900 áður ~~6.000~~
Baststólar verð frá 5.000 áður 25.000
Sjónvarpsskáp verð frá 23.640 áður ~~59.900~~

OPNUM
KL.9

Opnum á nýjum stað í júní

Patti
HÚSGÖGN

Verslun okkar er opin:
Virka daga kl.9-18
Laugardaga kl.11-16
Sunnudaga lokað

Patti verslun | Dugguvogi 2 | Sími: 557 9510 | vefsíða www.patti.is



Holta
KJÚKLINGUR

ELDAÐ MEÐ HOLTA

HOLTA KYNNIR Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að ljúffengum kjúklingalundum með penne-

pasta, basilíkupestói, baunum og ertum. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

KJÚKLINGALUNDIR MEÐ PENNEPASTA, BASILÍKUPESTÓI, BAUNUM OG ERTUM

KJÚKLINGUR FYRIR 4-6 MANNS

PESTÓSÓSA

1 búnt basilíka
2-3 hvítlauksgeirar
2-3 msk. rifinn parmesanostur
2 msk. furuhnatur
1-1,5 dl ólífuolía
Salt og nýmalaður pipar
Allt sett í matvinnsluvél og maukað.

2 msk. olía
1 pakki kjúklingalundir

Salt og pipar
400 g baunir og ertur eða annað grænmeti eftir smekk
0,5 poki spinat, má sleppa
400-600 g soðið Barilla pennepasta

Hitið olíu á wok-pönnu eða annarri stórrí pönnu. Steikið lundirnar í 2-3 mínútur á hvorri hlið og kryddið með salti og pipar. Bætið þá ertum, baunum, pasta og spinati saman við og kraumið í 1-2 mínútur eða



þar til allt er heitt í gegn. Blandið þá pestósósunni saman við og berið fram með góðu brauði.

NINGS

CRISPY
AROMATIC
KJÚKLINGUR
MEÐ PÖNNUKÖKUM
AGÜRKU, VORLAUK,
CHILLI SATAV SÖSU,
PLOMU HOISIN SÖSU
& STEIKTUM
HRISGRIONUM



Veltíngastaðir okkar eru opnir alla daga frá 11:30 - 22:30

Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði

www.nings.is | sími: 5889899

2195 kr. á mann fyrir tvo eða fleiri



KJÚKLINGABYSSA Á AFMÆLINU

TEXASBORGARAR KYNNNA

Texasborgarar við Grandagarð eiga afmæli. „Við opnuðum þennan ekta ameríska hamburgarastað fyrir ári og hann varð fljótt einn sá vinsælasti,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Í tilefni afmælisins ákváðum við að auka fjölbreytnina og settum þrjá kjúklingarétti og djúpsteiktan fisk með frönskum á matseöilinn.“

Kjúklingaréttirnir þrjú eru Kjúklingabyssa, Texas-kjúklingasamloka, báðir réttir með frönskum og hrásalati, og svo Matarmikið salat með baunum, nachos og ristudum kjúklingi í Texas-sósu.

Allt um Texasborgara og nýju réttina á texasborgarar.is og á Facebook.



FRÁBÆRT VERÐ Kjúklingabyssa, það er leggur og læri saman, með frönskum og hrásalati kostar aðeins 990 kr. MYND/STEFÁN

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



TÍMI TIL AÐ GRILLA

ÚT AÐ ELDA Er ekki kominn tími á smá sumarstemningu og að prófa eitthvað gott á grillið um helgina? Hrefna Rósa Sætran gefur hér ljúffengar uppskriftir.

Sumir grilla allt árið en aðrir aðeins á sumrin. Rétti tíminn til að grilla er varla til en það er að minnsta kosti upplagt að nota helgina til að þrifa útigriði eftir veturinn og grilla ljúffenga kjúklingabringu, nautaspjót og jarðarber að

hætti Hrefnu Rósu Sætran. Meistarakokkurinn gaf út grillbók með Hagkaup fyrir jólin og 5. júní hefjast sýningar á grillþáttum á RÚV með henni. Hrefna kann svo sannarlega að grilla og gefur hér þrjár góðar uppskriftir að ljúffengum réttum.



MEISTARAKOKKURINN Hrefna Rósa Sætran verður með grillþætti á RÚV í júní en hún gaf út grillbók fyrir jólin.

1. GRILLUÐ KJÚKLINGABRINGA MEÐ SPÍNATPESTÓI

Fyrir 4

- 4 kjúklingabringur
- 1 poki spinat
- 125 g furuhnetur
- 2 msk. sitrónusafi
- 2 tsk. fint rifinn sitrónubörkur
- 125 g rifinn parmesanostur
- 125 ml ólífuolía
- 1 rauðlaukur
- Salt
- Pipar

Takið kjúklingabringur og berjið þær þunn út með kjöt-hamri. Gott er að setja bringurnar í poka þegar maður lemur þær út svo

að safinn af kjúklingnum fari ekki út um allt. Setjið spinatið, furuhneturnar, sitrónusafann og sitrónubörkinn í matvinnsluvél og maukið létt. Hellið svo ólífuolíunni hægt og rólega út í með kveikt á vélinni. Takið pestóið úr vélinni og bætið parmesanostinum saman við. Kryddið með salti og pipar. Penslið kjúklinginn með olíu og kryddið með salti og pipar. Grillið kjúklinginn í 4-5 mínútur á hvorri hlið (fer eftir því hversu þunnur hann er). Makið vel af pestóinu á hverja bringu og setjið fint skorna rauðlaukshringi ofan á.

2. SESAMNAUTASPJÓT

- 600 g nautalund
- 100 ml sojasósa
- 60 g sykur
- 4 msk. sesamfræ
- 20 ml sesamolía
- Olía til að pensla með
- Salt
- Pipar

Snyrtið nautalundina og skerið hana í 2 x 2 cm bita. Setjið sojasósuna og sykurrinn í pott og hitið þar til sykurrinn bráðnar. Hellið í skál og bætið sesamfræjunum og sesamolíunni út í. Marinerið kjötið í eina klukkustund. Penslið með olíu og kryddið með salti og pipar. Þræðið á spjót og grillið

á heitu grillinu í 2 mínútur á hvorri hlið.

3. JARÐARBERJASPJÓT MEÐ SÚKKULAÐISÓSU

- 24 jarðarber
- 4 msk. flórsykur

Raðið jarðarberjum á spjót og stráðið flórsykri yfir þau. Grillið í 2 mínútur á hvorri hlið.

Einöld súkkulaðisósa

- 175 ml rjómi
- 150 g súkkulaði
- 15 g smjör

Hitið rjómann í potti. Skerið súkkulaðið smátt og setjið í skál með linu smjörunu. Hellið heitum rjómanum yfir súkkulaðið og hrærið.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

MK
MENNTASKÓLINN
Í KÓPAVOGI

SKRIFSTOFU- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM
NÁM FYRIR FULLORÐIÐ FÓLK



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Nám sem nýtist þér!

Skrifstofubraut I

Staðbundið nám, tvær annir. Höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar. Kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.

Fjarnám, þrjár annir. Kenni í lotum.

Skrifstofubraut II

Staðbundið nám, kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.

Fjarnám, þrjár annir. Kenni í lotum.

60+

Hagnýtt nám fyrir þá sem eru komnir yfir sextugt, vilja styrkja sig í lífi og starfi eða taka að sér ný verkefni.

Viðurkenndur bókarí

Námið skiptist í þrjú hluta; A) reikningshald, b) skattskil og upplýsingakerfi og c) raunhæft verkefni. Námið er ein önn og undirbýr nemendur fyrir próf á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins til Viðurkennds bókara skv. 43. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.

Upplýsingar veitir fagstjóri viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/824 4114. Netfang inga.karlsdottir@mk.is

GARÐURINN

FÖSTUDAGUR 24. MAÍ 2013

Heimaræktun er lítið mál

Hægt er að rækta flestar matar- og kryddjurtir hérlendis ef vel er hugað að undirbúningi. SÍÐA 2

Tími fyrir kartöflur Gæðamold í beðin

Guðríður Helgadóttir er með garðyrkjupætti þar sem hún gefur góð ráð varðandi garðyrkju og ræktun matjurta. SÍÐA 6

Moldarblandan Gæðamold ehf. í Gufunesi sérhæfir sig í endurvinnslu á mold og moldarblöndun. SÍÐA 4

Hellisgerði í 90 ár

Skrúðgarðurinn Hellisgerði í Hafnarfirði er einn elsti opinberi skrúðgarðurinn á Íslandi. SÍÐA 7

Heimarræktun er lítið mál

Á laugardaginn býðst almenningi að kynna sér ræktun mat- og kryddjurtir í Grasagarðinum. Hægt er að rækta flestar slíkar jurtir hérlendis ef hugað er vel að undirbúningi ræktunar. Þrjú þættir skipta mestu máli, góð mold, sól og skjól.

Það er í raun lítið mál að rækta mat- og kryddjurtir heima fyrir ef hugað er vel að undirbúningi ræktunar. Rækta má flestar matjurtir hérlendis ef moldin er góð og matjurtagarður stendur við sólríkan og skjólgóðan stað að sögn Auðar Svavarsdóttur, garðyrkjufræðings hjá Grasagarðinum í Laugardal. „Á Íslandi er hægt að rækta miklu fleiri mat- og kryddjurtir en flestir gera sér grein fyrir, sérstaklega ef fólk hefur aðgang að gróðurhúsi eða gróðurreit. Þá er hægt að fara fyrir af stað á vorin og svo er líka hægt að sá ýmsu í gluggann heima fyrir, sérstaklega ef það er ekki fullur stofuhiti í húsinu.“

Á morgun laugardag munu garðyrkjufræðingar við Grasagarðinn bjóða gestum upp á fræðslu varðandi ræktun mat- og kryddjurtir í heimahúsum. Allir eru velkomnir og ekkert kostar inn. „Við fræðum gesti um hvernig þeir byggja upp eigin beð heima fyrir, hvernig á að forrækta og í raun förum við í allt þetta ferli frá fræi til plöntu.“ Ekki verður um fyrirlestra að ræða að sögn Auðar heldur snýst fræðslan meira um létt spjall þar sem gestir bera upp spurningar og starfs-

menn svara. „Við erum auðvitað með margs konar jurtir hér í garðinum og nýtum þær í fræðslu okkar. Hér höfum við til dæmis berjarunna, eplatré og alls konar grænmeti í bland við úrval kryddjurtir.“

Hún segir mestu máli skipta að notuð sé góð mold eða mold sem bætt er á viðeigandi hátt, þá helst með húsdýraáburði. „Síðan er einnig mikilvægt að garðurinn sé í skjóli og að hann snúi í sólarátt. Þannig að þetta snýst um þessa þrjú meginþætti, góða mold, sól og skjól, og þá er allt mögulegt.“

Kryddjurtir undir berum himni

Þegar búíð er að taka uppskeruna upp á haustin þarf að stinga upp garðinn og blanda húsdýraáburði í moldina. Það grænmeti sem ekki verður borðað ber að setja í safnhaug að sögn Auðar og þannig búin til ný mold. „Snemma á vorin er svo hægt að kaupa fræ til sáningar en það er alltaf jafn skemmtilegt. Þegar fræin hafa spírað þarf að dreifa úr þeim og svo fara jurtirnar út á þeim tíma sem hentar. Við miðum aldrei við ákveðinn mánaðardag heldur hitastig enda eru vorin misheit. Nú er til dæmis kalt vor en væri það heitara



„Á Íslandi er hægt að rækta miklu fleiri mat- og kryddjurtir en flestir gera sér grein fyrir,“ segir Auður Svavarsdóttir garðyrkjufræðingur. MYND/ANTON

værum við jafnvel búin að setja allt út. Hitastigið í jörðinni skiptir nefnilega mestu máli fyrir vöxtinn. Nú er ég búin að setja út matlauk, graslaukurinn er fjölær og kominn vel á veg og pípulaukurinn einnig. Hvít-laukur fór niður í haust og blóðin eru

kominn upp. Svo eru sumar plöntur þannig að við sáum beint í beðið, eins og hafrar og bygg. Við leyfum fólk að sjá allt ferlið hér á morgun.“

Eins og fyrr segir er hægt að rækta flestar mat- og kryddjurtir hérlendis. Auður segir til dæmis afar auðvelt að



rækta salat og séu fyrrnefndir þrjú þættir hafðir í huga, auk góðs aðgengis að vökvun, er flest mögulegt.

Sama má segja um kryddjurtir. Margar þeirra má rækta hérlendis undir beru lofti. „Basilíkan er eina kryddjurtin sem þarf alltaf að hafa innandyra en flestar aðrar ættu að pluma sig vel undir berum himni. Margar þeirra eru forræktaðar innanhúss að vori og gróðursettur úti þegar hlýnar í veðri en svo eru hér einnig fjölærar kryddjurtir sem við færum inn í gróðurhúsi á haustin og út á vorin.“

Að sögn Auðar er einnig nauðsynlegt að halda ræktunardagbók. „Slík bók er aðalþing hvers og eins og þar er hægt að skrá ýmsar gagnlegar upplýsingar. Þar skráum við allt sem við kaupum og allt sem við gerum í garðinum, til dæmis sáningardag, veðurlýsingar, vökvunarþörf, áburðargjöf og fleira. Þessu er hægt að fletta upp ár eftir ár og þannig lærir fólk ansi mikið um ræktunina.“

Ræktun mat- og kryddjurtir stendur fram á haust eða þar til fyrsta frostið skellur á. „Það er auðvitað misjafnt hvenær það skellur á, alveg eins og vorin eru misheit. Eftir fyrsta frostið getum við nýtt til dæmis grænkálið, rósakálið og kartöflurnar en um leið og kartöflugrósin falla hætta kartöflurnar að stækka og því borgar sig að taka þær upp á þeim tíma.“



Hægt er að fá blómabox af ýmsum toga bæði til að festa fyrir utan glugga og á svalahandrið.

Garður í blómaboxi í gluggum og á svölum

Ekki búa allir það vel að eiga stóran garð til að dunda í og dytta að. Fyrir þá sem elska blóm og gróður er þó ekki öll nótt úti því hægt er að fá blómabox af ýmsum toga bæði til að festa fyrir utan glugga eða á svalahandrið.

Í slíkum boxum er hægt að rækta allt mögulegt, allt frá sumarblómum til kryddjurtir og grænmetis. Auðvelt er að annast kryddjurtir utandyra yfir hásumarið. Ekki þarf að rækta þær frá grunni enda fást víða tilbúnar kryddjurtir sem hægt er að stinga í mold heima. Sem dæmi um kryddjurtir sem gaman er að rækta í blómaboxum eru piparmynta, hjartafró, grísk kjarrmynta (órgan), íslenskt blóðberg, rósmarín, garðablóðberg (timían), steinselja og sítrónutimían.

Sumarblómin lifga upp á heimilið, svalirnar og pallana í falletum blómaboxum. Þau eru keypt tilbúin í blómabúðum og gróðrarstöðvum og fást í ýmsum tegundum. Best er að gróðursetja plöntur sem fyrst eftir að þær hafa verið keyptar til að koma í veg fyrir þornun. Ef einhver tími líður á milli, nokkrir klukkutímar eða heill dagur, verður að gæta þess að pottaplöntur og plöntur með hnaus séu vökvadaðar.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Sigrún Kristinsdóttir, 512 5455, sigrunk@365.is / Sigurður Helgi Grímsson, 512 5464, sigurdurhg@365.is Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

HVAD Á BOSTADURINN AD HEITAF A BLS. 22 NR. 74 + 2 TEL. MAJ 2013 + KR. 1395

Ekkert skammdegi

Rúnar Björn lamaðist í slýsi en stundar ræktun matjurtir úr hjólastólnum á heimili sínu í Reykjavík

Klipping ávaxtatríjúa

Hvert þó í logandi

Gróðureldar á Íslandi

Vindmylla á bústaðinn

Nu skal vi hygge oss – garðveisla að dönskum sið

Glænýtt blað

100 síður af hugmyndum

Arkað og eldað í Topp...

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

www.rit.is

Flæst á öllum helstu blaðsölustöðum um land allt. – Áskriftarsími 578-4800.

Pottormarnir mættir



Garðkarfa 65L
1.990



Garðkarfa 25L
990



Jarðvegsdúkur 10x1,2 m
1.350



Strákústur
30cm breiður
695

Tréolía 30, 3 lítrar á pallinn og annað tréverk

2.690

Portúgalskir leirpottar í úrvali - Gæðavara

Undirdiskar fánlegir

Verð frá kr. 145



Ø=50cm
1.890

2.690

890

995

Ø=18cm
145

545

Laufhrifa
690



1.390



1.990



1.390



1.970
110 cm



Mako sterkir ruslapokar
120 lítrar 10stk
390



Garðverkfæra hirsla
52x32x20 cm
1.390



Flúðamold 20 l
590



Turbokalk 12,5 kg
2.590



Kalkkorn 5 kg
798



Bláskorn 5 kg
1.490



WZ-9006 Greinaklippur
690



WZ-9008 Hekk klippur 8"
1.690



WZ-9019 Greinaklippur
1.490



MIKIÐ ÚRVAL AF
RISAPOTTUM



29.990

GAS GRILL

4 brennarar
14 kw/h. (12.000Btu)
Kveikja í stillihnapp
- hitamælir
Grillgrind er postulins-
húðuð. 43x37 cm
Hitaplata er postulins-
húðuð. 43x39 cm
Prýstjafnari og
slanga fylgir.



Moltutankur grænn 350 l
8.900



12 lítra fata
298



MÚRBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík	Kletthálsi 7	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Furuvöllum 15	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar	Flötum 29	Opið virka daga kl. 8-18

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Unaðsstaður sólríkra minninga

Garðar eru draumastaðir, umvafðir gleði, fegurð og hamingju, samveru og lífsfjöri. Þangað flytur hluti heimilishaldsins yfir sumartímann og á pari við himnaríki að leika, lifa og njóta lífsins í íslenskum sumargörðum sem sólin vermir allan sólarhringinn.



Börn finna til máttar síns þegar þau fá að gera gagn og yndisleg bernskuminning að rifja upp vökvun og aðra jarðvinnu úr garði æskuáranna.



Sápuvúkur eru hamingjubólur sumarsins og ætíð viðeigandi og til þrýði í görðum.



Þótt ekki megi tína sumarblóm úr garðbeðum í blómavönd handa mömmu eru vendir villtra blóma alveg jafn fagrir og freistandi.



Heimagerðar rólur hitta alltaf í mark og skemmtilegt að sveifla sér í dekkjarólu sem hengd er upp í tré.



Hengirúm ætti að finnast í öllum görðum því í þeim er svo gott að horfa á skýhnoðra skoppa á bláhimni, lesa undir beru lofti og leyfa andvara sumarsins að rugga sér.



Rómantísk náttúran í görðum kyndir undir ástarbríma elskenda og óviðjafnanlegt að hengja þvottinn út saman til þerris.



Fegurð og frelsi sumars endurspeglast í leikjum barna sem elska að kútveltast um í grösugum görðum.



GÆÐAMOLD

Glæsigarðar,

alhliða garðabjónusta.

Við hjá **Glæsigörðum** höfum það að leiðarljósi að **bjóða** upp á **persónulega**, vandaða og fagmannlega **þjónustu**.

Upplýsingar má finna á glæsigardar.is eða í síma: 773-7741 og 773-7742



Stefán Már Jónsson, framkvæmdastjóri Gæðamoldar ehf. Nánari upplýsingar er að finna á www.mold.is

MYNDVALLI

Gæðamold í beðin

Moldarblandan **Gæðamold ehf.** í Gufunesi sérhæfir sig í endurvinnslu á mold og moldarblöndun. Þar er opið alla daga og moldin keyrð heim sé þess óskað.

Við höfum endurunnið og blandað mold í 22 ár en fyrirtækið var stofnað árið 1991,“ segir Stefán Már Jónsson, framkvæmdastjóri Moldarblöndunnar Gæðamoldar, en fyrirtækið sérhæfir sig í moldarafurðum.

Moldarblandan er í Grafarvogi, nánar tiltekið Gufunesi, fyrir neðan Skemmtigarðinn og þar er opið alla daga í maí og júní. Þá er hægt að fá afurðirnar keyrðar heim sé þess óskað.

„Við keyrum heim á litlum vörubíl og eins á vörubíl með krabba. Einnig seljum við túnpökur og trjáskúr og hefjum sölu á sandi,

grús og drenmöl í júní. Þá framleiðum við um 2.000 rúmmetra af moldu á ári sem við bæði seljum beint og notum í blöndun,“ segir Stefán. „Uppistaðan í moltunni frá okkur er gras, trjáskúr og hrossaskítur sem er hitameðhöndlað svo öll fræ drepast. Moltuna seljum við bæði óblandaða og notum hana einnig til að blanda saman við mold en Rannsóknarstofnan Efla efnagreinir afurðir okkar og kemur með tillögur að blöndun.

Í vor bjóðum við nýja blöndu sem samanstendur af 50 prósentum af mold, 30 prósentum af moldu og 20 prósentum

af vikursandi. Sú blanda er góð til að blanda í trjábeð og í matjurtagarða og til að gróðursetja í. Þá seljum við einnig blöndu sem samanstendur af 70 prósentum af mold og 30 prósentum af vikursandi en sú blanda hentar vel undir túnpökur.“

AFGREIÐSLUTÍMI Í MAÍ OG JÚNÍ

Virka daga frá klukkan 8 - 19

Laugardaga frá klukkan 9 - 16

Sunnudaga frá klukkan 11 - 15

Sjá nánar á www.mold.is

Vissir þú að...



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt
að leika sér

Lífið

FÖSTUDAGUR
24. MAÍ 2013

Penélope Cruz
leikkona
SÝNIR SEIÐANDI
OG SUMARLEGA
TÍSKU 2

Vignir Freyr
Anderssen
DREYMR
UM PORSCHE Í
DÓTAKASSANN 4

Ísgerður Gunnars-
dóttir leikkona
HELDUR
LEYNDARMÁLUM
FYRIR SIG 12

Viljum að fjölmiðlar
endurspegli
samfélagið

FRÉTTABLAÐIÐ

› visir.is/lifid

HVERJIR HVAR?

Heilsufrömuðirnir og parið þau **Solla Eiríks** og Elías Guðmundsson tóku rausnarlega á móti gestum sínum við opnun veitingastaðarins Gló



á Laugavegi 20b fyrr í vikunni. Á meðal gesta mátti sjá ljósmyndarana **Spessa** og Sissu sem og listamennina Guðmund Odd Magnús-



son og Tolla Morthens. Einnig kíkta stílistinn Addú við og glæsihjónin **Þorgrímur Þráinsson** og Ragnhildur Eiríksdóttir.



Lífið

Hamingja, fólk og annað frábært

Umsjón blaðsins
Kolbrún Pálína Helgadóttir
kolbrunp@365.is

Umsjón Lífsins á Vísir.is
Elly Ármanns
elly@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.

Forsíðumynd
Bjarney Lúðvíksdóttir
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
www.visir.is/lifid



Sumarlínan er lifleg en klassísk.



Penélope Cruz tekur sig vel út fyrir Lindex.



PENÉLOPE CRUZ
SÝNIR ÞRIÐJU LÍNUNA
FRÁ VERSLUNINNI LINDEX

Summer Fiesta-línan með Penélope Cruz er komin í verslunina Lindex í Smáralindinni en fyrstu tvær línurnar sem leikkonan kynnti fyrir verslunina eru uppseldar. Sumarlínan er litrík og töff.

Í sinni þriðju og síðustu herferð fyrir Lindex sýnir Penélope Cruz sumarlínu sem hentar fullkomlega á heitum sumardögum sem og á svölum sumarkvöldum. Innblásturinn við hönnun línunnar kemur frá klassískum bandarískum Hampton-stíl með líflegri blöndu frá glamúrstílum í Saint Tropez. Litirnir samanstanda af klassískri blöndu af hvítu og bláu, rauðu, grænu og appels-

ínurauðu, sem og votti af neonlitum. Rendur eru mest áberandi mynstrin og lykflíkur eru strandtúníkur, röndóttir toppar, stuttbuxur og maxikjólur. Þetta er „sumarfrís“-línan! „Við höldum áfram með „modern preppy“ stíl í Holly&Whyte-línu sumarsins. „Ég er sannfærð um að viðskiptavinir okkar munu kunna að meta hana jafn vel og fyrri línur Holly&Whyte,“ segir Nina Starck, yfirmaður hönnunarteymis Lindex.



Penélope Cruz flott á rauða dreglinum.



DIOR KYNNING
dagana 23. - 25. maí
frá kl. 13.00 - 17.00

Dior
THE NEW
NUDE

Vertu velkomin að kynna nýja DIORSKIN NUDE TAN BB kreminu.

Fyrsta BB kremini sem líkir eftir áhrifum sólar á húð. Létt eins og sólarpúður. Einstaklega létt krem sem gefur húðinni raka og ferskleika. Náttúruleg og sumarleg áferð.

20 ÁR
1992-2012
SIGURBOGINN
Laugavegi 80 S: 561 1330
www.sigurboginn.is



Mikil stemning er fyrir tónleikaröð Beyoncé, The Mrs. Carter Show.

FÓLK ÍSLENDINGAR FLYKKJAST Á BEYONCÉ

Það hefur líklega ekki farið fram hjá tónlistarunnendum að sjálf Beyoncé Knowles er stödd á tónleikaferðalagi um heiminn en tónleikaröðin kallast The Mrs. Carter Show.

Leið Beyoncé liggur nú um Norðurlöndin og fyrir vikið ætlar fjöldi Íslendinga að nýta tækifærið. Meðal þeirra sem ætla að berja poppdrotninguna augum eru þeir Boði Logason, fréttamaður Stöðvar 2, Friðrik Dór tónlistarmaður, atvinnu- maðurinn Skúli Jón Friðgeirsson sem leikur með Elfsborg í Svíþjóð, Kristín Rut Jónsdóttir, útvarpskona

á Flassi, Gróa Ásgeirsdóttir hjá Á allra vörum, Jóhanna Margrét Gísladóttir, fréttamaður á Stöð 2, og margir fleiri. Beyoncé er ekki von að bregðast áhorfendum sínum en hún er þekkt fyrir stórkostlega framkomu á sviði og því ættu þeir Íslendingar sem eru á leiðinni út að leyfa sér að hlakka til!



Popprinsessan Beyoncé Knowles ætlar að skemmta Íslendingum á næstunni.



➤ [Sjá nánar á visir.is/lifid](https://www.visir.is/lifid)



SUMARIÐ ER LÍFLEGT Í WAREHOUSE

Fjölbreytileikinn er í fyrirrúmi í verslun Warehouse í Kringlunni. Þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi enda úrvalið af fatnaði mikið.

„Allar vörur hér í Warehouse eru mjög vandaðar og endingargóðar og úrvalið alveg frábært,“ segir María Hafsteinsdóttir, verslunarstjóri Warehouse. „Hér geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Við erum með allt frá ódýrum jersey-vörum upp í glæsilega vandaða kjóla,“ upplýsir hún og bendir á að kjólarnir frá Warehouse séu afar vinsælir til dæmis fyrir útskriftir, árshátíðir og mörg önnur tækifæri.

Í jersey-línunni má fá allt frá hlýrabolum upp í þægilega hversdagskjóla sem hægt er að nota allt árið um kring. „Í Warehouse er alltaf hægt að finna þægilega og fallega hversdagsflík með þessu smá extra sem gerir flíkina svolítið sérstaka og sker sig úr,“ segir María. Þá sé hægt að fullkomna dressið með fallegum fylgihlutum úr versluninni, á borð við klúta eða töskur.

„Svo má ekki gleyma að minnst á denim-vörurnar okkar en hér í Warehouse er að finna mjög þægilegar og teygjanlegar gallabuxur í ýmsum litum, svo og gallajakka sem eru að slá í gegn um þessar mundir.“

Sumarið er tíminn

Sumarið verður afar skemmtilegt í Warehouse að sögn Maríu. „Við erum með úrval af bikiníum, strandhatta, sólgleraugu og fallega léttu kjóla. Hvítur er aðalliturinn í sumar en svo erum við með fallega sterka appelsínugula liti í bland ásamt bláa denim-litnum.“

Þeim sem vilja skoða nánar hvað Warehouse hefur upp á að bjóða er bent á Facebook-síðuna Warehouse Ísland.



María Hafsteinsdóttir, t.h. með Sigríði Kolbrúnu samstarfskonu sinni.



Sigtryggur að störfum.




Skemmtilegir hlutir skreyta heimilið.



Sigtryggur Bjarni Baldvinsson.

HEIMSÓKN SIGTRYGGUR BJARNASON LISTMÁLARI BÝÐUR HEIM

Hann býr í einu óvenjulegasta húsi borgarinnar sem stendur við Flóka götu í Reykjavík. Í næsta þætti af Heimsókn bankar **Sindri** upp á hjá Sigtryggi Bjarna Baldvinsyni listmálara en upprunalega var húsið í eigu Jóns Engilberts, kollega hans.



Það vantar ekki listina á þetta heimili.



Skemmtilegar opnar hillur í eldhúsinu.



Eldhúsborðið er ferkantað og flott.

SALON REYKJAVÍK

NÝJA LÍNAN VOR-SUMAR 2013
HAUTE COIFFURE FRANÇAISE
ER KOMIN Í HÚS, VERIÐ VELKOMIN

SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPIÐ MÁN - FÖS: 9 - 18 LAU: 10 - 13 SÍMI: 56 85 305

Uppáhalds

Vignir Freyr Andersen og uppáhaldsgræjan, mótorhjól.

DREYMIÐ UM AÐ EIGNAST PORSCHE

Vignir Freyr Andersen segir alla stráka verða að eiga dótakassa.

UPPÁHALDSGRÆJAN? Yamaha Dragstar 1100, 1999 árgæð, en er uppgert og breytt og kallast BOBBER í því útliti sem það er komið í.

HVENÆR NOTAÐIR ÞÚ HANA SÍÐAST? Áðan bara...

AF HVERJU? Karlmennt verða að eiga „dótakassa“ og þessi elska er í mínum kassa.

HVAÐAN ER HÚN? Japan.

HVAÐ KEYPTIRÐU ÞÉR SÍÐAST? Númera-brakket á Kawann.

DRAUMAGRÆJAN? Porsche 911 Turbo, 2014 árgæð.



Leyndarmálið á bak við
ómótstæðilegan grillmat er
Mango Chutney

Sharwood's®



SPJALLIÐ VIJUM AÐ FJÖLMIÐLAR ENDURSPEGLI SAMFÉLAGIÐ

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir er nýkjörin formaður FKA, félags kvenna í atvinnurekstri. Hún vill sjá konur og karla taka jafnan þátt í þjóðfélagsmæðunni og ætlar sér ásamt félaginu að auka hlut kvenna í fjölmiðlum.

ALDUR
47 ára.

HJÚSKAPARSTAÐA
Gift Pétri Jónssyni.

BÖRN
Þrjú, tveir 19 ára strákar og ein dóttir 21 árs.

STARF
Framkvæmdastjóri og fjárfestir.

FKA hefur haft lista inni á www.fka.is þar sem vel yfir 100 konur hafa um nokkurra ára skeið sagt „við erum til í að tala við fjölmiðla um það sem við þekkjum“. Ég held að það að konur fáist ekki til að tala sé goðsögn sem kveða þarf niður.

Þú ert nýr formaður FKA, Félag kvenna í atvinnulífinu, hvaða þýðingu hefur það fyrir þig? Það að ég sé nú formaður þýðir að ég mun leiða félagið ásamt stjórn og framkvæmdastjóra. Ég er ákaflega stolt yfir að fá að vera í forsvari fyrir þetta öflugra félag. Í dag eru um 800 konur í FKA og fjölbreytileikinn er mikill. Það eru því afar spennandi tímar fram undan.

Hefur trú á fjölbreytileikanum
Hvað felur þetta hlutverk í sér? Ég mun leiða fjölbreyttan hóp FKA-kvenna. Stjórn, formaður og framkvæmdastjóri stýra félaginu ásamt öflugum nefndum. Mitt hlutverk er að fara fyrir hópnum og vinna með öllum þessum konum að öflugum starfi FKA.

Hverju viltu áorka á þessum tíma sem fram undan er sem formaður? Sýn mín á FKA er að félagið sé öflugur vettvangur til að tengja saman konur í atvinnulífinu. Ég hef mikla trú á fjölbreytileika mannlífsins og mun stuðla að því að FKA sýni breidd sína í fjölbreyttri flóru kvenna á öllum aldri og þá ekki síst að vekja ungar konur sem aldna til þátttöku innan FKA. En fyrst og fremst er starf FKA samstarf margra aðila og ný stjórn mun á næstu dögum kynna stefnu fyrir næstu misserin.

Vill jafnan þátt kynjanna
Félagið kynnti nýtt átaksverk efni, Aukinn hlutur kvenna í fjölmiðlum. Verkefnið spannar fjögur ár, hefst í ár og lýkur 2017. Því er ætlað að auka hlut kvenna í fjölmiðlum þannig að konur verði sem sýnilegastar í fréttum og þjóðfélagsmæðun.



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir á ásamt eiginmanni sínum hollustujóurtbarinn Yogo í Finnlandi.

Astaxanthin frá Solaray


Astaxanthin er forvitnilegt bæti efni, en þetta er efnið sem gefur laxi, rækjum og flamingóum djúpa, bleika litinn og laxi stökkræftinn.

Astaxanthin er talið; nærandi og styrkjandi fyrir húðina og vernda hana fyrir skaðlegum geislum sólarinnar, styrkja ónæmiskerfið, efla orkubúskapinn, vernda og styrkja liðina, auka þol og styrk við æfingar og draga úr harðsperrum. Íþróttafólk hefur vitnað um það að astaxanthin bæti þrótt og dragi úr harðsperrum.

Góð reynsla er komin af neyslu astaxanthins. Eitt af því sem hvað oftast kemur fram er hversu magnað það er fyrir húðina og hvernig það verndar okkur gegn skaðlegum útfjólubláum geislum sólarinnar. Margir vitna um að þeir geti notið þess lengur að vera út í sólinni án þess að brenna, neyti þeir astaxanthin. Það er rakið til bólgueyðandi eiginleika þess. Dr. Nicholas Perricone, sem er einn helsti sérfræðingur fræðasamfélagsins um öldrun, mælir sérstaklega með neyslu astaxanthins til að draga úr hrukum og elliblettum og auka raka og mykt húðarinnar, en þess má geta að margir snyrtivöruframleiðendur nota nú orðið asaxhanthin til þess að vernda húðina gegn útfjólubláum sólargeislum.

Mælt er með því að fólk byrji snemma að byggja upp húðina fyrir sumarið og hefji töku astaxanthins strax í byrjun maí. Og vitið til: sumarið verður áhugaverðara.

Astaxanthin fæst í apótekum og heilsuvöruverslunum.



Uppáhalds

MATUR Foie gras og gott hvítvín.

DRYKKUR Vatn.

VEITINGAHÚS Pizza Hut.

TÍMARIT Alls kyns erlend tímarit um garðyrkju og bjálkahús.

VEFSÍÐA www.spyr.is.

VERSLUN Búrið, ostaverslun.

HÖNNUÐUR Ég er afar hrifin af finnskri hönnun.

HREYFING Skíði, skotveiði, fluguveiði og fjallgöngur.

DEKUR Að liggja úti í náttúrunni og lesa.



MyndaalbimiðMeð eiginmanninum
Péttri Jónssyni.

Á veiðum.



► **Hvernig ætlið þið að fara að þessu?** Við viljum sjá konur og karla taka jafnan þátt í þjóðfélagssumræðunum. Konur eiga að vera jafn sýnilegar og karlarnir í umræðunni. Þar sem FKA er öflugt félag kvenna í atvinnulífinu teygjum við anga okkar mjög víða og eigum auðveldara með að virkja fjölmennan hóp kvenna til þátttöku heldur en margir aðrir hópar. Við sáum þetta glögg á stjórnarverkefninu okkar undanfarin fjögur ár, þar ruddum við brautina þannig að aðrir hópar gátu fylgt eftir.

Fyrst og síðast er fjölmiðla-verkefnið fjögurra ára verkefni og samstarf margra aðila. Þessir aðilar eru fjölmiðlar, FKA, rannsóknaraðilar o.fl. Ný stjórn FKA og formaður ásamt verkefnahópi FKA munu leggja línur verkefnisins fljótlega.

Við munum róa að því öllum árum að átakið verði mælanlegt og því leggjum við mikla áherslu á að staðan verði skoðuð og rannsökuð af sérfræðingum.

Við munum efla og bæta fjölmiðlalistann okkar sem er inni á www.fka.is þar sem vel yfir 100 konur hafa lýst því yfir að þær eru segja Já við fjölmiðla. Við munum bæta aðengi fjölmiðla að áhugasviðum þessara kvenna til að auðvelda leit að réttu konunni. 800 konur í atvinnulífinu eru tvímælaust mjög sterkir viðmælendur.

Ætlunin er einnig að standa fyrir fundum og viðburðum þar sem þessi mál eru rædd og konur virkjaðar til þátttöku í fjölmiðlum.

Við viljum að sem flestir fjölmiðlar starfi samkvæmt einhverjum kynjamarkmiðum. Spyr.is vinnur samkvæmt kynjamarkmiðum þar sem unnið er að því alla daga að hafa kynjahlutföllin sem jöfnust og tryggja þannig fjölbreytileikann í efni. Þetta kallar á smá umframvinnu hjá öllum en er þess virði. Átak sem stendur yfir í fjögur ár en verður vonandi til framtíðar hluti af almennu umhverfi sem allir venjast.

FKA mun einnig eiga samræðu við aðra aðila, s.s. konur í stjórnámálum, og hlusta eftir því sem þær segja, hvernig þær upplifa fjölmiðlaumhverfið og hvaða atriðum þurfi að huga að eða hvaða leiðir er hægt að nýta til að efla sýnileika kvenna í fjölmiðlum. ►

Það er margt sem þarf að hafa í huga þegar farið er af stað og engin leið að gefa eitt gott ráð: Annað er „Láttu verða af því sem þig dreymir um“ eða eins og Nike segir: „Just do it“.

moodbox

www.moodbox.is

*Höfum opnað verslun í Firdinum
Opnið til kl 22:00*

*Biker vesti
7.990.-*

www.facebook.com/Moodbox.is

► **Goðsögn sem kveða þarf niður**
 Hvað veldur því að staðan er eins og hún er hjá konum í fjölmiðlum í dag, skortur á sjálfstrausti, hræðsla við að tjá sig? Nei, ég held að svarið sé alls ekki skortur á sjálfstrausti eða hræðsla við að tjá sig. Svarið við þessu er margþætt. Að mínu mati liggur þetta í menningunni og henni viljum við breyta. Við viljum að fjölmiðlar endurspegli það samfélag sem við búum í og þar eru konur helmingur. FKA hefur verið með lista inni á www.fka.is þar sem vel yfir 100 konur hafa um nokkurra ára skeið sagt: Við erum til í að tala við fjölmiðla um það sem við þekkjum. Ég held að það að konur fái stöðu til að tala sé goðsögn sem kveða þarf niður.

Þú nefndir í viðtali að huga þyrfti að fjölbreytni á hluta-bréfamarkaði til að auka traust almennings á markaðinum á ný. Hvaða leiðir sérðu fyrir þér til þess að það takist? Það eru nokkur atriði sem ég tel vera forsendur fyrir fjölbreytni á markaði. Fyrst af öllu þarf markaðurinn að vera virkur og trúverðugur. Hvað varðar innri þætti þá skiptir miklu máli að markaðurinn njóti trausts, endurspegli fjölbreytt samfélag í stjórnendahópi, áhersla sé á góða stjórnunarhætti og aukið gegnsæi. Ytri þættir eru svo að það sé skýr sýn í efnahagsmálum þjóðarinnar og að það sé samvinna og traust á milli aðila markaðar og stjórnvalda. Til að markaðurinn verði eðlilegur þarf að afnema gjaldeyrishöftin.

Það eru miklar breytingar í Kauphöllinni nú þegar ný félög koma á markaðinn og því mikilvægt að halda í prinsippin. Ef það er gert hef ég fulla trú á að bæði

konur og karlar eigi eftir að koma í auknum mæli að fjárfestingum í félögum á markaði.

„Just do it“

Sjálf ertu framkvæmdastjóri og fjárfestir Pizza Hut. Hver er leið þín að þessu starfi? Í dag á ég og rek ásamt eiginmanni mínum, Péttri Jónssyni, Pizza Hut á Íslandi og Finnlandi. Við eigum einnig tvo jógúrtbari í Helsinki.

Ég lærði fjölmiðlafræði í Loyola-háskólanum í New Orleans. Er með BA í félags- og fjölmiðlafræði frá HÍ. Svo er ég líka félagsráðgjafi frá HÍ og með mastersgráðu MBA frá HR. Ég var áður framkvæmdastjóri þjónustusviðs hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar ásamt því að vera stundakennari við HÍ & KHÍ.

2005 ákvað ég síðan að hætta í opinbera geiranum og skella mér í fyrirtækjarekstur.

Hvað ráðleggurðu konum sem eru að stofna fyrirtæki og láta drauma sína rætast í dag, hvað þarf helst að hafa í huga þegar farið er af stað? Að láta drauma sína rætast. Það er margt sem þarf að hafa í huga þegar farið er af stað og engin leið að gefa eitt gott ráð. Annað er „Láttu verða af því sem þig dreymir um“ eða eins og Nike segir: „Just do it“.

Hvað gerir athafnakona eins og þú þegar hún er ekki að vinna? Þegar ég er ekki að vinna þá er ég að rækta krydd og grænmeti, stunda kraftgöngur og fjallgöngur, veiði fiska og fugla, elska að skíða – en aðallega er ég með góðu og skemmtilegu fólki sem er fjölskylda mín og vinir.

Eitthvað að lokum? Ég vil hvetja konur og karla til að fylgja ástríðu sinni, það gerir okkur svo glöð og skemmtileg.



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir fær TIAW-viðurkenningu.

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

DAY

BIRGER ET MIKKELSEN

DAY KRINGLUNNI S.517 3190

Tilboðið gildir ekki með öðrum tilboðum.



HEILSA HVETJUM BÖRNIN TIL AÐ HREYFA SIG

Forðumst það að láta minnsta fólkið á heimilinu liggja eða sitja of lengi og gerum hreyfingu strax að eðlilegum þætti í daglegu lífi.

1. Göngum með börnunum í leikskóla og skóla, út í búð og að heim-sækja vini við hvert tækifæri sem gefst, þá venjast þau útiverunni og ná upp gönguþoli.
2. Fylgjumst með því hvers konar hreyfingu börnin hafa gaman af og ýtum enn frekar undir þá hreyfingu.
3. Hvetjum börnin til að taka þátt í heimilisstörfunum, þurrka af, sópa, taka úr þvottavélinni og því um líkt. Tiltækt getur verið skemmtileg!
4. Gerum hreyfinguna að leik með því að færa börnunum til dæmis fyrir sumartímann litríkan bolta, sippuband, línu-skauta, hjól eða hvað sem getur hvatt þau til að hreyfa sig í leik.
5. Gætum þess að vera góðar fyrirmyndir og hreyfum okkur með börnunum. Forðumst þeim út að hjóla, í sund að synda, út að ganga eða hvað sem ykkur dettur í hug. Ekki hefur það bara góð áhrif á líkamann heldur losar hreyfingin oft um málbeinið sem getur verið gott fyrir samband barns og foreldris.



SILKIMJÚKIR FÆTUR FYRIR SUMARIÐ

Baby Foot Easy Pack er japönsk náttúruvara sem losar um dauðar húðflögur og endurnýjar húðina á fótum eftir aðeins eina notkun.

„Árangurinn af notkun Baby Foot er ótrúlegur en fæturnir verða silkimjúkir á aðeins tveimur vikum,“ segir Margrét Mekkin, sölu- og markaðs- stjóri heildsöluvarn CU2, sem hefur umboð Baby Foot-fótaumhirðuvörunnar hér á landi. „Þetta er frábær vara fyrir sumarið. Hún er náttúruleg og inniheldur engin aukaefni heldur samanstendur Baby Foot af þangi, jurtum og ávöxtum sem hafa mikla virkni. Baby Foot losar einungis um dauðar

húðfrumur en ræðst ekki á nýja húð og er mjög einfalt í notkun,“ segir Margrét.

Baby Foot Easy Pack er ein mest selda fóta- umhirðuvaran í Japan í dag. Varan inniheldur sautján náttúruleg efni en meðal þeirra er ávaxta- sýra sem notuð hefur verið öldum saman til að eyða bakteríum, bólgum og í meðferð við sóra. Þá hefur ávaxtasýra einnig verið notuð til að eyða slæmri lykt.

EINFALT Í NOTKUN

Baby Foot Easy Pack inniheldur eitt par af sokkum sem innihalda virku efnin í vörinni.



Sokkunum er einfaldlega smeygt á fæturna og efnin látin virka í klukkustund.

Eftir það eru fæturnir þvegnir og þerraðir vel með handklæði.

Eftir tvo til sjö daga byrja dauðu húðflögurnar að flagna af og fæturnir verða silkimjúkir. Engin þjöl, ekkert vesen.

Fyrir



Eftir 2-7 daga



Eftir



Fáðu silkimjúka fætur á aðeins tveimur vikum með Baby Foot. NORDICPHOTOS/GETTY



Baby Foot Easy Pack gefur frábæran árangur eftir aðeins eitt skipti. Varan er einföld í notkun. Pakkningin inniheldur eitt par af sokkum sem innihalda virku efnin í Baby Foot.

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

Síðasta sending seldist upp – ný sending er komin til landsins.

BABY FOOT FÆST Í APÓTEKUM UM LAND ALLT

Nánari upplýsingar er að finna á www.babyfoot.me



Sjá nánar á visir.is/lifid



Guðmundur Ingi Hauksson, verkfræðingur og eigandi Löðurs, og Páll Mar Magnússon, rekstrar- og viðhaldsstjóri Löðurs, fyrir framan stærstu bílapvottastöð fyrirtækisins að Fiskislóð 29 í Reykjavík. Þetta er flaggskip fyrirtækisins og jafnframt stærsta bílapvottastöð á Íslandi. MYND/VILHELM

LÖÐUR Í MIKILLI SÓKN – TVÆR NÝJAR SNERTILAUSAR ÞVOTTASTÖÐVAR OPNAÐAR

Löður opnaði á dögunum tvær nýjar snertilausar og sjálfvirkar bílapvottastöðvar og rekur fyrirtækið nú alls sex þvottastöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Nýju stöðvarnar eru á Vesturlandsvegi við Grjótháls 8 og Hagasmára 9 við Smáralind. Þær eru afar fullkomnar og boðið er upp á fyrsta flokks þvottaefni, sápur og bónefni.

Við erum í samstarfi við Skeljung með þessar tvær nýju stöðvar. Við erum einnig í samstarfi við Atlantsolíu og Olís þannig að segja má að við séum vel í sveit settir með samstarfsaðila. Við ætlum okkur í frekari uppbyggingu í samstarfi við þessa aðila,“ segir Guðmundur Ingi Hauksson, verkfræðingur og eigandi Löðurs. Auk þess er Löður með stærstu og fullkomnustu bílapvottastöð landsins að Fiskislóð 29. Um er að ræða 1.050 fermetra sérhæfða bílapvottastöð þar sem margt konar þvottur er í boði, m.a. er þar 53 metra löng bílapvottabaut. „Þessi stöð er flaggskipið okkar. Stöðin var byggð í góðærinu árið 2007 og er sú stærsta og fullkomnasta sem byggð hefur verið hér á landi. Þetta er fjárfesting sem menn munu ekki ráðast í á Íslandi í nánustu framtíð,“ segir Guðmundur Ingi.

Þvottakústar rispa og skemma lakkíð

Mjög mikilvægt er að hugsa vel um bifreiðar þegar kemur að bílapvotti. Það skilar sér í endursólu að bílarnir líti vel út og lakkíð sé óskemmt auk þess sem það er auðvitað miklu skemmtilegra að aka um á hreinum bíl. Guðmundur Ingi segir að ekki sé sama hvernig bílar séu þvegnir því þvottakústar á bílplönum rispi gjarnan lakkíð á bílunum með hárfínnum rispum sem á endanum geri lakkíð matt. „Það eru fjölmörg dæmi um nýlega bíla sem eru farnir að láta verulega á

sjá af því að lakkíð er orðið afar matt og orsökina er í langflestum tilfellum tvíþætt; þvottakústar þvottaplananna og tjara sem aflitar lakkíð og eyðileggur herslu þess. Bílakústar rispa og matta allt bílalakk. Ef bíllinn eða bílakústurinn er óhreinir virkar kústurinn eins og sandpappír á lakkíð. Tjara og eldfjallaaskan sest á bílana og gerir það að verkum að enn mikilvægara er að þvo bílana á réttan hátt til að rispa ekki lakkíð. Malbikið hér á landi er yfirleitt samsett úr möluðu grágrýti, 10 til 15 mm kornastærð, og tjöru ásamt öðrum aukaefnum sem er ætlað að bæta styrk og viðloðun. Íslenskt grjót er mjög mjúkt í samanburði við erlent grjót sem veldur því að nagladekkin eiga nokkuð auðvelt með að rífa það upp í svifryk og tjöru sem hleðst á bílana okkar. Tjara fer mjög illa með lakk á bílum. Hún bæði aflitar lakkíð með tímanum og dregur úr styrkleika þess. Saltþækillinn á götum úti hjálpar svo ekki til,“ segir hann.

Með bestu mögulegu efnin

Miklar breytingar hafa orðið á þvottastöðvum Löðurs og nýir eigendur ætla sér stóra hluti. „Ákveðið var að taka allar stöðvar Löðurs algerlega í gegn og gera miklar úrbætur sem veitti ekki af því stöðvarnar höfðu ekki fengið nauðsynlegt viðhald lengi og voru hreinlega orðnar lélegar. Nú erum við að endurnýja tækjakostinn og efnin sem við notum. Að

nota rétt efni er einn lykilþátturinn í að snertilausar þvottastöðvar virki. Gömlu efnin skilðu einfaldlega ekki þeim gæðum sem við sættum okkur við. Fyrir skömmu fengum við erlendan samstarfsaðila til að sýna okkur hvað sápan þeirra gat gert fyrir okkur. Þar sannfærðist ég endanlega um að rétt efni skipta höfuðmáli til að ná árangri í bílapvotti. Ekki aðeins til að ná óhreinindum af heldur einnig til að næra lakkíð þannig að það viðhaldi sínum upprunalega lit. Við munum því hér eftir aðeins vera með bestu mögulegu efnin sem eru í boði en gerum þó ríka kröfu um að þau séu umhverfisvæn. Við erum m.a. með nýtt leysiefni sem kemur í staðinn fyrir tjöruhreinsi. Þetta er mjög gott efni og afar umhverfisvænt. Það leysist að fullu upp í náttúrunni og skilur ekkert eftir sig,“ segir Guðmundur Ingi og bætir við brosandi að það sé raunar smá vélaverkfræði að reka bílapvottastöð á réttan hátt.

Snertilaus þvottur bestur

Fyrir nokkrum árum var sett bann í Evrópu á innflutning bifreiða með olíuakrillakki og krafist var af bifreiðaframleiðendum að nota umhverfisvænna lakk eða vatnsþynnanlegt lakk á bifreiðar. „Þessi lökk hafa minni styrkleika auk þess sem þau eru mun þynnri en áður var. Lakkíð verður því mun viðkvæmara fyrir öllu áreiti. Kústaþvottur eða annað nudd fer því augljóslega ekki vel með lakkíð

á bifreiðunum. Því er mikilvægara en áður að huga vel að því að þvo bílinn rétt. Við hjá Löðri teljum að snertilaus vatnsþrýstipvottur með réttum efnum fari best með lakkíð því þá skolest óhreinindi burt af bílunum í stað þess að þeim sé hreinlega nuddað inn í lakkíð sem auðvitað rispar og skemmir það. Rispar koma í bílalakk ef aska og svifryk eru þurrkuð af bílum með tusku eða kústi. Framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins hefur einnig bent á þetta sem og fleiri sérfróðir menn,“ segir Guðmundur Ingi.

Snertilausar þvottastöðvar vinsælar erlendis

Hann segir að snertilausar þvottastöðvar séu mjög vinsælar erlendis þar sem þær skemma ekki lakkíð á bílum. „Einnig spilar umhverfisþátturinn mikið inn í en fólk áttar sig oft ekki á því að það eyðist um fjórum sinnum meira vatn á því að þvo bílinn á þvottaplani en að aka honum í gegnum snertilausa þvottastöð. Þá er kostnaður við öll efni sem fólk kaupir til að þvo og bóna bílinn sinn mjög hár. Þá má ekki gleyma vinnunni og þúðinu sem felst í því að þvo bílinn. Við ætlum að vera sanngjarnir í verði og koma til móts við bíleigendur þannig að þeir geti bæði sparað tíma og peninga með því að koma til okkar og að sjálfsögðu fengið betri endingu á lakkíð á bílum sínum og þar af leiðandi fallettri og verðmætari bíla,“ segir hann.



NÝ BÓNSTÖÐ VIÐ FISKISLÓÐ

Löður opnaði nýja bónstöð við Fiskislóð 29 nýverið. Þar er boðið upp á mjög vandaða þjónustu hjá reyndum starfsmönnum stöðvarinnar. „Við bjóðum upp á handbón og þrif að innan með djúphreinsun fyrir þá sem það vilja. Viðskiptavinir geta einnig fengið hraðþrif þar sem bílinn er þrifinn að innan. Þá er einnig í boði vélarhreinsun sem margir nýta sér,“ segir Iktisham Ul Haq, sem starfar á bónstöðinni, en hann hefur áralanga reynslu af því að þvo og bóna bíla.

„Það er margir sem koma hingað til að láta okkur taka bílinn í gegn og við erum með marga fasta-kúnna. Hér fá allir bestu hugsanlegu þjónustuna varðandi bón og þrif. Við gefum okkur góðan tíma og dekrum við bílinn. Það er mikilvægt að hugsa vel um bílinn. Það þarf að þvo hann alveg eins og heimilið. Það er gott að koma einu sinni í mánuði með bílinn í alþrif. Þá helst andvirði bílsins sem best og hann kemur mun betur út í endursölu,“ segir hann.



Iktisham ul haq á bónstöðinni.

MYND/VILHELM



Ný snertilaus bíla-þvottastöð Löðurs var að opna í Hagasmára 9 við Smáralind og er afar fullkomin. MYND/VILHELM

ÞVOTTASTÖÐVAR LÖÐURS

Löður rekur sex þvottastöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

- Fiskislóð 29 - Reykjavík
- Grjótháls 8 við Vesturlandsveg - Reykjavík
- Skúlagata 9 - Reykjavík
- Stekkjarbakki 2 - Reykjavík
- Bæjarlind 18 - Kópavogur
- Hagasmári 9 við Smáralind - Kópavogur

TÖLVUSTÝRÐIR RÓBÓTAR SJÁ UM ÞVOTTINN

Það er flókinn tölvubúnaður sem fylgir hinum snertilausu þvottastöðvum Löðurs. Tölvustýrðir róbótar sjá um að þvo, bóna og þurrka bílinn. „Þetta er samsetning af flóknum tölvubúnaði og efnasamsetningu,“ segir Páll Mar Magnússon, sem ráðinn hefur verið rekstrar- og viðhaldsstjóri Löðurs. Páll starfaði áður sem verkefnastjóri hjá Alcoa Fjarðaráli. Það þarf sérfræðikunnáttu til að reka og halda slíkum stöðvum við. Löður er umboðsaðili fyrir PDQ, sem er stærsti

framleiðandi á bílaþvottastöðvum í heimi. PDQ útvegar meðal annars þjálfun á verkfræðistigi fyrir heildarrekstur stöðvanna og hefur Páll sótt slík námskeið. „Við erum að setja upp tvær nýjar stöðvar sem eru í nýrri línu af þvottastöðvum frá PDQ. Þá erum við að uppfæra hinar stöðvarnar og tækja- og tölvubúnað þeirra til að gera þær skilvirkari en áður. Þá erum við að nota ný og fullkomnari efni sem skila betri árangri í þvotti bíla og eru einnig umhverfisvænni,“ segir Páll.





...spjörnum úr

Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir

ALDUR AFSTÆÐUR.
STARF LEIKARI, ÁSAMT ALLS KONAR ÖÐRU SEM MÉR DETTUR Í HUG EÐA BYÐST AD FÁST VID HVERJU SINNI. ÆTLA T.D. AD VINNA SVOLTIÐ SKEMMTILEGT VERKEFNI FYRIR SÍMANN Í SUMAR.

Hvern faðmaðir þú síðast? Phil, bekkjarbróður minn úr leiklistarskólanum.

En kysstir? Ókunnugan strák sem ég man ekki hvað heitir. Ekki jafn spennó og það hljómar. Ég var kynnt fyrir honum eftir sýningu sem hann leikur í og ég fór að sjá. Ég kyssti hann á kinnina og óskaði honum til hamingju þegar við kvöddumst. ... Ups, nei nú var ég of lengi að svara og Phil kom inn í stofu og bauð mér góða nótt, svo núna kyssti ég hann síðast.

Hver kom þér síðast á óvart og hvernig? Þrír vinir mínir frá Kanada voru í Dublin þar sem stóð til að verja St. Patreksdegi en skruppu til London í tvo daga svo ég fór og hitti þá og við fórum út á lífið. Þegar við svo hittumst í hádegismat daginn eftir tilkynntu þeir mér að ég væri að koma með þeim til Dublin og við brunuðum beint heim til mín að ná í dot og svo í leigubíl og út á flugvöll. Þurftum að hlaupa til að ná vélinni en það tókst og svo eyddi ég næstu þremur dögum í hláturskasti með þeim og hressum Írum. **Hvaða galla í eigin fari ertu búin að umbera allt of lengi?** Ég er með nokkur verkefni í hausnum sem ég er búin að vera á leiðinni að vinna sem er kominn tími til að ráðast í. Þannig að já, tilhneiging til frestunar.

Ertu hörundsár? Yfirleitt ekki, en á það samt stundum til.

Dansarðu þegar enginn sér til? Ó, já! Líka þegar fólk sér til, það er fátt betra til að koma sér í gott skap en að setja góða tónlist á og dansa!

Hringirðu stundum í vælubílinn? Já það kemur fyrir. Næ í vælubíla mína í gegnum síma, Skype, Viber og allt mögulegt en númerið hjá þeim er samt ekki 113.

Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim? Nei, ég fer ekki hjá mér og heilsa bara fólki sem ég þekki, alveg burt séð frá stöðu þeirra í frægðarstiganum. En ég hugsa samt að það væru nokkrir frægir í heiminum sem ég myndi fara hjá mér við að hitta.

Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig? Já, að sjálfsgöðum, maður verður að eiga sín leyndarmál!

HELGARMATURINN

Erla Hlynisdóttir, blaðamaður á Fréttatímanum, og dóttir hennar Lovísa eru duglegar að bralla eitt og annað í eldhúsinu saman. Þessi ljúffengi bláberjaís er einmitt ofarlega á lista yfir vinsælustu réttina hjá þeim mæðgum.

Hollur bláberjaís
Grísk jógúrt
Frosin bláber
Agave-síróp
Kókosflögur (ef vill)

Grísk jógúrt er sett í skál með frosnum bláberjum, hrært saman og látið standa í nokkrar mínútur. Berin þiðna þá aðeins, gríska jógúrtin kólnar og þetta verður eins og fyrirtaks ís. Agave-sírópið bætir síðan við sætleikann, stundum

set ég líka kókosflögur. Þeir sem vilja gera aðeins betur við sig geta sett nákvæmlega þessa blöndu á nýbakaðar vöflur. Á mínu heimili kallast þetta ekki annað en ís og verður dóttir mín alltaf himinlifandi þegar ég neita að fara í ísbúðina en býð henni upp á þennan „ís“. Njótið vel!



Erla Hlynisdóttir
fréttakona

Afmæli Imperial

Fagnaðu 5 ára afmæli Imperial með okkur dagana 23. - 29. maí.

Bjóðum 25% afslátt af öllum vörum 23. - 29. maí.

Laugardaginn 25. maí bjóðum við upp á:

Tónlistaratriði í búðinni. Kl. 13.00 -15.00 > Pylsur & kók í boði



2 heppnir viðskiptavinir verða svo dregnir úr potti og hljóta 25.000 kr. gjafabréf frá Imperial

25%
afsláttur
fim. - mið.
Allar vörur!

TÍSKUVÖRUVERSLUN GLERÁRTORGI Opnunartími: Mán til föstud. 10-18.30, laugard. 10-18, sunnud. 12-17



Imperial-tískuvöruverslun

TORGSTEINN

Spennandi nýjungar

Eitt mesta úrval landsins af
hellum og hleðslusteini

ARENA

FRÍ LANDSLAGSRÁÐGJÖF

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir og Inga Rut Gylfadóttir, landslagsarkitektar (FÍLA), aðstoða þig við að gera hugmyndir þínar um fallegan garð að veruleika.

Frí ráðgjöf til 1. júní.

FALLEGAR GARÐEININGAR

Glæsilegt úrval af hellum, hleðslusteinum og fallegum garðeiningum. Endalausir möguleikar fyrir garðinn og lóðina þína.

Einstaklingum bjóðast vaxtalaus lán til lengri og skemmri tíma.

BM Vallá
Breiðhöfða 3, Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is

BM Vallá
Austursíðu 2, Akureyri

Sími: 412 5203
sala@bmvalla.is



BM·VALLÁ

bmvalla.is



Guðríður Helgadóttir, Gurrý, segir að vorið sé heldur kaldara en undanfarin ár. Vorverkin í garðinum ættu þó að vera búin.

MYND/STEFÁN

Tími fyrir kartöflur og sumarblóm

Guðríður Helgadóttir, Gurrý, er með garðyrkjuþætti á RÚV þar sem hún gefur góð ráð varðandi garðyrkju og ræktun matjurta. Gurrý var áður á ÍNN-stöðinni.

Gurrý segir að þótt vorið hafi verið kalt sé það ekki endilega óvanalegt hér á landi. „Óskastaðan væri auðvitað að vorið hefði komið fyrir þremur vikum en maður verður að setta við íslenskt veðurfar. Við höfum verið heppin undanfarin ár og gróðurinn fyrr á ferðinni en núna. Þegar horft er til baka í tíma þá erum við á réttu róli, fólk miðaði alltaf við að setja sumarblómin niður fyrir 17. júní. Á undanförunum árum hafa þau farið niður í maí,“ segir Gurrý.

Þættirnir sem nú eru sýndir voru teknir upp í fyrrasumar en það er nauðsynlegt þegar fjallað er um garðyrkju. „Það er töluverð vinna að taka upp garðyrkjuþætti og eftirvinnan er mikil. Með þessu er hægt að sýna garðana í blóma. Þættirnir eru sex og lögð er áhersla á matjurta- og ávaxta-rækt sem mikill áhugi er á um þessar mundir,“ segir Gurrý.

„Á þessum tíma er fólk í hefðbundinni undirbúningsvinnu, klippingarnar ættu að vera búnar að mestu leyti. Almenn hreinsun í gördum ætti að vera komin vel á veg. Í vinnunni hjá mér erum við til dæmis byrjuð að slá blettinn. Það er svo mikil spretta í grasinu,“ segir Gurrý sem starfar hjá Landbúnaðarháskólanum á Reykjum í Ölfusi.

Hún bendir á að nú sé rétti tíminn til að huga að mosa í gördum. „Það er hægt að raka

Á þessum tíma er fólk í hefðbundinni undirbúningsvinnu, klippingarnar ættu að vera búnar að mestu leyti.

hann upp úr grasflötinni eða fara með tættara. Oft þarf að sá nýju grasi á eftir til að fá góða rækt. Þá er einnig rétti tíminn til að setja niður kartöflur og um mánaðamótin er rétt að setja niður kálplöntur, salat og gulrætur. Ágætt er að notfæra sér hinn frábæra akrýldúk en með því að breiða hann yfir helst vel hiti á plöntunum. Fyrir kálið er dúkurinn algjört lyklatríði þar sem hann heldur kálflugunni frá. Huga þarf að jarðveginum en stundum þarf að flytja plöntur á milli staða, sérstaklega ef kálflugan hefur verið vandamál. Annars er hættu á að flugurnar séu undir dúknum og það býður hættunni heim,“ segir Gurrý enn fremur.

„Harðgerð sumarblóm mega fara út núna en þau viðkvæmari eins og fjólar og brúðarauga ættu að bíða þar til veðurspáin batnar. Þeir sem eru með blóm í pottum geta kippt þeim inn á nóttunni á meðan kaldast er.“

Gurrý hefur verið með garðyrkjuþætti frá árinu 2009 og segist finna fyrir miklum garðáhuga og hann aukist ár frá ári.

SKEMMTILEGIR GARÐAR

Á höfuðborgarsvæðinu má finna fjölda skemmtilegra og fallegra almenningis- og skrudgarða. Margir þeirra eru lítið nýttir eða lítið sýnilegir almenningi. Hlíðargarður er eini skrudgarður Kópavogsbæjar en þó vel falinn í íbúðarhverfinu fyrir neðan Hamraborgina. Margir Kópavogsbúar hafa sjálfsagt aldrei heimsótt þennan skjólsæla garð en þeir ættu að bæta úr því í sumar. Garðurinn við Landakotskirkju í vesturbæ Reykjavíkur er stór og rúmgóður. Hann er lítið notaður en hentar mjög vel til ýmissa útleikja. Þar er oft sólríkt en stundum blæs þar hressilega. Milli MR og Miðbæjarskólans í miðborginni stendur lítill fallegur garður sem heitir Mæðragarðurinn. Hann er skjólsæll og þar er gott að borða nestið sitt og hvílast.



Við höfum lagt rækt við gróður í yfir 40 ár



Okkar plöntur fá kærleiksríkt uppeldi við íslenskar aðstæður

Gróðrarstöðin
Mörk
STJÓRNUGRÓF 18 • SÍMI 581 4550 • FAX 581 2228
WWW.MORK.IS MORK@MORK.IS

Íslenska áburðarfjölskyldan

Góður alhliða áburður fyrir alla ræktun og uppgræðslu. Áratuga reynsla og árangur.



Fæst í verslunum Fóðurblandunnar og hjá öllum samstarfsaðilum um land allt.

Sendum um allt land
www.fodur.is

Fóðurblandan hf
Korngröðum 12 Reykjavík
Sími 570 9800 Fax 570 9809

FB
FÓÐURBLANDAN
– í héraði hjá þér –

Góðar stundir í Hellisgerði í níutíu ár

Skrúðgarðurinn Hellisgerði í Hafnarfirði var fyrst opnaður árið 1923 og er einn elsti opinberi skráðgarðurinn á Íslandi. Garðinum var ætlað að vera „blóma- og skemmtigarður,“ eins og segir á vef Hafnarborgar en þar stendur yfir sýning á sögu garðsins og mannlífi.


Hellisgerði, blóma- og skemmtigarður er heiti sýningar á sögu Hellisgerðis sem nú stendur yfir í Hafnarborg. Á sýningunni er saga garðsins skoðuð, mannlíf og gróður gegnum tíðina. Sýndar eru teikningar og uppdrættir, ljósmyndir, kvikmyndir og gripir en í níutíu ára sögu hafa bæjarbúar og aðrir notið góðra stunda í garðinum. Markmið garðsins var að hlúa að umhverfinu, rækta mannlífið og varðveita

óskráðar minjar um hið sérkennilega bæjarstæði Hafnarfjarðar.

Sýningin stendur til 23. júní og verða ýmsar upptökur tengdar garðinum fram að sýningarlokum. Á morgun, laugardag, verður vinnudagur Hollvinafélags Hellisgerðis í garðinum og öllum velkomið að taka til hendinni.

Á föstudaginn eftir viku, 31. maí, verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna klukkan 20.

Sjá nánar á www.hafnarborg.is



Sumar í Hellisgerði.



Hellisgerði í vetrarbúningi. Markmið garðsins var meðal annars að varðveita óskráðar minjar um hið sérkennilega bæjarstæði Hafnarfjarðar.



Á níutíu ára tímabili hafa bæjarbúar og aðrir notið góðra stunda í Hellisgerði.



Handlituð svarthvít mynd úr garðinum frá því um 1956, eftir Gunnar Rúnar Ólafsson.

MYND/GUNNAR RÚNAR ÓLAFSSON

SUMARTILBOÐ

Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is



28 mm bjálki

TILBOÐ - BARNAHÚS 2,1m²

kr. 139.900,- án fylgihluta

kr. 169.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9m²-án gólfs

kr. 329.900,- án fylgihluta

kr. 369.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²

kr. 359.900,- án fylgihluta

kr. 399.900,- m/fylgihlutum




70 mm bjálki / Tvöföld nótun

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 36 m²

kr. 2.299.900,- án fylgihluta / án verandar.

kr. 2.699.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti / án verandar.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu volundarhus.is



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

volundarhus.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Skjól fyrir risaeðlum, víkingum og sjóræningjum



BEST AÐ KLIPPA Á VORIN EÐA SÍÐLA VETRAR

Tré þarf að klippa minnst tvisvar á ári ef þau eiga að haldast í horfinu. Besti tíminn til trjáklippinga er á vorin og síðla vetrar og á það við um allflestar tegundir trjágróðurs. Ástæðan er sú að bæði vor og vetur er greinabygging gróðursins vel sýnileg og því er hægt að móta gróðurinn að vild.

Limgerði þarf sömuleiðis að klippa til að það þétti sig. Ef limgerði er orðið gamalt og úr sér vaxið er ráð að klippa það alveg niður og leyfa því að vaxa á ný.

Margir leita til fagaðila þegar kemur að trjáklippingum enda er gott að láta vana menn sjá um verkið sem hafa yfir góðum vélbúnaði að ráða.



SKIPTAST Á PLÖNTUM

Plöntuskiptidagur verður

í Tryggvagarði á Selfossi 26. maí frá klukkan 13 til 15 og í Grasagarðinum laugardaginn 1. júní frá klukkan 10 til 12. Þá gefst félögum í Garðyrkjufélagi Íslands tækifæri til að skipta plöntum sínum fyrir aðrar plöntur. Fólk er hvatt til að mæta með plöntur í góðum ílátum frekar en í pokum og helst merktar. Fyrir þá sem eiga eitthvað annað til skiptanna, verður einnig haldinn þar nytjamarkaður fyrir það sem má endurnýta, svo sem garðyrkjubækur, potta, verkfæri og annað sem tilheyrir ræktun – annaðhvort í skiptum eða fyrir litla upphæð.

Allar plöntur eru vel þegnar, tré, runnar, matjurtir, fjölæringar, sumarlóm, stofublóm, sáðplöntur eða garðskálaplöntur.

Þeir sem ekkert eiga til skiptanna eiga kost á því að greiða mjög vægt gjald fyrir plöntur.



Trjákofar eru sjarmerandi garðprýði og heillandi staðir til að gleyma áhyggjum heimsins og kúpla sig út úr hvunndeginum. Þeir eru ævintýrastaðir fyrir krakka og réttnefnd hífýli drauma, uppgötvana, lífsreynslu, innblásturs, samveru og skemmtunar.

Í trjákofum sameinast húsráðendur og gestir þeirra náttúrunni; heyrta fugla tísta og sinna ungum sínum á næstu grein, uppskera einstakt útsýni yfir landslag og mannlíf og vita-skuld skothelt byrgi fyrir sóknjörf-

um sjóræningjum, risaeðlum og víkingum. Við smíði trjáhúsa þarf að gæta fyllsta öryggis og mikilvægt að fá ráðgjöf við notkun efniviðar áður en hafist er handa. Ekki má vera spar á nýjan og traustan við í dregara og þvertré hússins og forðast ber kvistóttan eða gisinn við. Þá geta gamlar spýtur verið varhugaverðar vegna fúa og brothættu. Best er að nota stóra skrúfbolta til að ná góðri festu kofans við tréð og tryggja þar með öryggi þeirra sem í húsinu dvelja og áframhaldandi líf og vöxt trésins.



Trjákofar eru ævintýrahús barna og góður skjólstaður þegar eitthvað bjátar á.

Nýtt app

Við erum komin í 25.000 síma

Nú hafa 25.000 manns sótt Útvappið í símann sinn! Komdu í hópinn og hlustaðu á FM957, Bylgjana og X977 hvar og hvenær sem er.

Farðu á visir.is/utvapp eða skannaðu QR kóðann og sæktu Útvappið fyrir iOS eða Android.

BYLGJAN
989

FM957

X
977

BÍLAR & FARARTÆKI



Dethleffs exclusiv emotion vip 515db. Árgærd 2009, Verð 4.200.000. Flott hús fyrir vandláta Rnr.119423. Ný Hobbyhús einnig á staðnum



Hobby 560 kmfe exclusive. Árgærd 2006, Kojuhús gott fjölskylduhús Verð 2.600.000. Rnr.160191. Ný Hobbyhús einnig á staðnum



Tabbert puccini 560 Árgærd 2006, fallett hús Verð 3.400.000. Rnr.123619. Ný Hobbyhús einnig á staðnum



Tec tour 580 tkm. Árgærd 2009, kojuhús pláss fyrir alla Verð 3.900.000. Rnr.118999. Ný Hobbyhús einnig á staðnum


Bílasalan Bílas Akranes
Smíðjuvöllum 17, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas.com

bilfang.is
S. 567 2000



VERKLEGGUR !
Dodge Ram 1500 SLT 04/2003 ek. 175 þ.km 4,7 V8 „Leður, Plasthús 32“ góð dekk, allur yfirfarinn Verð 1490 !!!!!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



Frábært úrval af fatnaði og fylgihlutum fyrir motorhjólafólk, hjálmur, skór, hanskar, olíur og margt fleira í úrvali.

Suzuki Umboðið ehf
Skeifan 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
<http://www.suzuki.is>



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgærd 2001, ekinn 149 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000. Rnr.140580. Staðgreiðsluverð kr: 890.000,-



VW Passat highline. Árgærd 2008, ekinn 64 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.990420. Staðgreiðsluverð kr: 2.690.000,-



MERCEDES BENZ E 200 ngt metan.. Árgærd 2012, ekinn 52 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.160482. Staðgreiðsluverð nú kr: 5.990.000,-

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



Netbílar er nú þegar orðin ein vinsælasta bílasalan í bænum. Beinið viðskiptunum til okkar það mun reynast yður happa drjúgt. Símakall til bílasala yðar útvegar yður fullar Upplýsingar.

Netbílar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
<http://www.netbilar.is>

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



HOBBY 560 ufe. Árg. 2008, Sólarsetla, fortjald, grjótgjöld o.fl. Verð 3.190.000. Rnr.205784.



HOBBY 560 kmfe. Árg. 2007, Fortjald, loftkæling, sjónvarps-loftnet o.fl. Tilboð 2.990.000. Er á staðnum. Rnr.205907.



T.E.C. Travel king 510tkm. Árg. 2005, Lækkad verð 2.490.000. Er á staðnum Rnr.300031.

Bíla kaup
Korputorgi, 112 Reykjavík
Sími: 577 1111
<http://www.bilakaup.com>

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



TOYOTA Land cruiser 200 5.7 37" metan. Árgærd 2008, ekinn 88 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 8.890.000 stgr. ásett verð 9.900 þús. Rnr.132745.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is



NÝ COLEMAN SEDONA 8 FET, Ný fellihýsi, Markísa, Truma miðstöð, 220V, isskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Ótrúlegt verð aðeins 1.499.þ.kr, 1stk eftir, Komdu og skoðaðu,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



ÓDYR GÓÐUR FJSK BÍLL!!
Peugeot 406 ST Árg. „00. 5 g, ný sk „14. Nýjar framhjólal, gott viðhald. V. 195 þ. Sími 844 6609.



Nærri 50% lægra Verð. Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000! Tilboð frá Kr. 2.995.000!
islandus.is
Sími 552 2000 - Öðryrri Bílar & Metan

Nærri 50% lægra verð. Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000 heimkomið með öllu. Prufukeyrðu hann! Útvegum nýja og nýlega bíla frá öllum helstu framleiðendum, sýningarbíla, eftirársbíla og útsölutíloboð. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín og Díselbílar. Höfum selt hundruði bíla til Íslands. www.islandus.is S. 5522000.

Toyota Corolla árg. 2005, ek. 68þús! Áhv. 600þús. Verð 1.190þús. S. 865 2360.

250-499 þús.



VW pólo 1,4 árg. 2000 ek.195 þús. ný kúpling skoðaður „14 góð sumardeck topp bíll verð 365 þús. gsm 8682352.

Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-400þ +. Ekki eldri en „00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn „98, skoða allt. Uppl. í S. 691 9374.

Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Húsbílar



Ford E 350. Bensín árg.02, innfl. „06. Upprunal. innrétting með öllu. Sólarsetla, markísa, í mjög góðu ástandi. Ek.75.þús. mílur. Verð 4,7. Ath. Skipti Uppl. í s. 892-1950/ 554-3722.

Mótorhjól



Harley Davidson ultra classic 2005 ekið aðeins 6200 mílur 6 girá kassi, race tuner, rhinehard púst o.fl. Fallett og vel með farið hjól. Uppl. í s. 898-9543



Suzuki Intruder M800 Ltd. ed. Svart/Grátt. Nýskr. 3/2010. Ekið 8.000 km. Lítur út sem nýtt. Ásett verð 1.390.000. Suzuki umboðið, Skeifunni. Upplýs. 863 6363



Hvitt og svart motorcrosshjól árg. 2007 fint fyrir byrjendur er mjög lítið notað ekki verið keppt á því eða verið með í gryfjum alltaf verið geymt inni. Verð 300þús. Enginn skipti er líka með buxur og treyju nr. 34 og XL verð 15þús gallinn er rauður og svartur Uppl. í S. 861 6442 eftir kl. 17

Vespur



RAFMAGNS- VESPUR
VERÐ 88.800

EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

Hjólhýsi



TIL SÖLU LMC MUNSTERLAND 500 RBD
Vel með farinn. Árg. 2005. Aukahlutir sólarsetla ofl. Ásett verð er 2.400.000 S. 822 2298 Herbert.



HOBBY HJÓLHÝSI - STÓR SPARNAÐUR.
Kauptu beint frá Evrópu. Meira en 800 þús. kr. sparnaður. Excellent 495 Ul, 540 Ufe, 560 Ul. Aðeins eitt hús til í hverri tegund.
Við aðstoðum þig.
Uppl. í s. 866 5395.



HOBBY HJÓLHÝSI - STÓR SPARNAÐUR.
Kauptu beint frá Evrópu. Meira en milljón kr. sparnaður á Premium 560 Cfe. Aðeins eitt hús til.
Við aðstoðum þig.
Uppl. í s. 866 5395.

Reiðhjól



Reiðhjólaviðgerðir



Gerum við allar gerir reiðhjóla. Fjót og góð þjónusta. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S: 554 0661 GSM: 897 4996 - 699 2502 velaverkjs@simnet.is velaverkjs.is - slattuvel.is

RAFMAGNSREIÐHJÓL
Til sölu nokkrar gerðir af rafmagnsreiðhjólum á frábæru verði. Uppl í s. 897 4912

Fellihýsi



Tjaldvagnar



Combi Camp tjaldvagn til sölu. Vagninn verður til sýnis í Hafnarfirði um næstu helgi. S 841 1230

Bátar



SLÖNGUBÁTAR 50.000 KR. AFSL.
Jaxon slöngubátar 290cm og 320 cm. Tilboð frá aðeins 199.000 kr.
Sjá nánar á: www.veidiportid.is eða í s. 552 9940

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppi ný. VAKA S: 567 6700.

Bílaþjónusta



Mikild úrval af bílykum á frábæru verði

Neyðarþjónustan

Skútuvegur 11 • Sími 510-8888

Varahlutir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyota Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

SMÁPARTAR.IS

Eigum mikild úrval af varahlutum í Subaru árg., '97 til '02, Skoda Octavía árg., '00 til '07, Honda CR-V árg., '05-W Polo árg., '07 Passat, '01. Suzuki Baleno árg., '00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

GAUI PÍP

Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólp, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö ÞRÍF&HREINLÆTI S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþríf, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja



GARÐLIST 554 1989



Alhliða garðþjónusta

Garðþjónusta Íslands ehf

www.gardathjonusta.is

Vönduð vinnubrögð. Róbert S. 866 9767

ÓDÝR GARÐSLÁTTUR

Ódýr og mjög vandaður garðsláttur trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605

Garðþjónusta Bjarna. Sími 777 9543.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

MÁLARAMEISTARI

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu. TréogMálun ehf. Kristján 692 5735.

REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA

Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

MÚRVÍÐHALD SÍMI 770 4520 HÚSAVIÐHALD - NYBYGGINGAR

Allar múrvíðgerðir - steining - múrar - áratuga reynsla.

Smiðir - málarar - háþrústípvottur - píparar.

Netfang: murvinna@gmail.com



SÓLPALLA/PARKET-SLÍPUN

Tökum að okkur parket og sólþallaslípun, parketlagnir og viðgerðir. Vönduð vinna og frábær verðtilboð. Láttu okkur gera þér tilboð og gera parketið/pallinn eins og nýjan. Uppl. í s. 773 4949.



VIÐHÖLD

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrvíðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raftagnir
- flisalagnir
- jarðvinnu
- heilulagnir

Sími 567 6699

kristjan@vidhald.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrvíðgerðir og flisalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Nudd

Heilnudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669 0802.

Nudd, nudd, nudd! Slökunarnudd frá 9-12. Rvk 101, s: 841 6795 Júlíja.

Rafvirkjun

RAFVIKJAR S. 618 2610

Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggildir rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is 907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Önnur þjónusta



PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?

Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Pvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinviðgerðir

Grasslátt og umhverfishreinsun

Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is

KEYPT & SELT

Til sölu



LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hringdlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarþarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sogavegur 3, Sími 777 2000.



www.stolpiehf.is

Geymslugámar til sölu og leigu

Stólpi Gámar ehf

Klettagörðum 5 | Sími 568 0100



Hágæða sláttutraktórar

Estate Pro 22 sláttutraktör

STIGA

Vetrarsól ehf. Askalind 4 - Kópavogi - Sími 5641864

ÓDÝR HEIMILSTÆKI

Pvottavélar, þurrkarar, ísskáp og fl. Aþbyrgð fylgir. S. 845 5976.

Óskast keypt

KAUPI GULL !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldþyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

KAUPUM GULL

og aðra eðalmála gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til ellil/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun



Kynlíf er GOTT!

PENOMET.IS

ELSKENDUR.IS

FLESHLIGHT.IS

BATHMATE.IS

849-0698 ALLA DAGA 10-22



Glæsilegar yfirhafnir frá Guess og Calvin Klein. Allar vörur á 50-80% afslætti. Lagersalan, Faxafeni 12

HEILSA

Heilsuvörur



GREEN PEOPLE - ORGANIC LIFESTYLE

Breyttu um lífstíl og notaðu lífrænt vottaðar snyrtivörur. Dömu, herra, unglínga og barnalína. Sala og dreifing: Ditto ehf, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 14-18. Lau 12-15. S 517-8060, www.ditto.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstill.is

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög



FORMÚLAN Á NÚRBURGRING Í JÚLÍ.

Eigum 4 sæti laus í vikuférfé á formúluna 2-9 júlí með heimsóknum á söfn Porsche og Mercedes í Stuttgart og Bugatti í Mulhouse að auki. Hafði samband í síma 897 3015 eða á jb@isafoldtravel.is og biðjið um ferðalýsingu.

skemmtanir



Boltinn í heiminu

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Leikir helgarinnar Laugardagur 25. maí:

17:45 Meistaradeildin - upphitun

18:30 Dortmund - Bayern München

ÚRSLITALEIKUR BOLTATILBOÐ Á BARNUM

Stórsveit Rúnars Þórs spilar í kvöld ásamt Ágústi Atlasyni úr Ríó Tríó

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

námskeið



HUNDASKÓLI

Pedigree VITAL

Nýtt grunnnámskeið byrjar 27. maí!

Hundaskóli Heimsenda Hunda

Menntaður hundafjálari og hundaatferlisfræðingur

www.hundaskoli.net • Sími. 897 1992

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

3ja herb., 100 fm íbúð í Vesturbænum til leigu í sumar með húsgögnum. Leiga 150 þús. Uppl. í s. 618 1113 í kvöld og á morgun.

Húsnæði óskast

Óska efur herbergi eða einstaklingsíbúð, helst miðsvæðis. Uppl. í s. 897 1995

Einstæð 2.barna móðir vantar íbúð rvk í langtímaleigu. Er reglusöm, skilvís um greiðslum heitið. Emilla S. 823 8095.

Atvinnuhúsnæði

51,6 M2 IÐNAÐARBIL

Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

Snyrtilegt 100fm iðnaðarhúsnæði á góðum stað við kársnesbraut. Uppl. í S. 896 0551.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði



Getum bætt við okkur múrurum, smíðum, málurum og verkamönnum í vinnu uppl. í síma 567 6699.

APARTMENT HOTEL IN 101 RVK,

seeks applicants for front desk. Both part and full-time positions available. Please send applications to job@apartmentk.is / Íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir starfsfólki í móttökustörf. Hlutastörf + full störf í boði. Umsóknir sendast á job@apartmentk.is

Óskum eftir starfsmönnum vönum járnabindingum í verkefni í Noregi. Áhugasamir hafið samband við Jóhannes S: 864-9677

Atvinna óskast



Smíðir óska eftir vinnu, taka allt að sér og geta byrjað strax. S: 893 5908.

TILKYNNINGAR

Tilkygningar




Torfærukeppni í Jósepsdal til styrktar langveikum börnum 26 Maí kl. 13.00 miðaverð 1500 frítt fyrir 12 ára og yngri.

Einkamál

SÍMADÖMUR 908 1666

Sþjalldómur, hlökkum til að heyrna í þér.



til leigu

Íbúðir til leigu - Kjalarnesi.

Höfum til leigu 2ja og 3ja herb. íbúðir að Arnarholti Kjalarnesi. Um er að ræða nýinnréttaðar íbúðir í langtímaleigu staðsettar á fallegum stað í útjaðri Reykjavíkur.

Vinsamlegast sendið okkur upplýsingar ef þið hafi áhuga á að skoða, arnarholt@fylkirehf.is - Fylkir ehf, sími: 822 5100.

fasteignir



BYGGINGARLÓÐ

Höfum fengið í einkasölu um 550 fermetra byggingarlóð undir einbýlishús á frábærum stað í Laugarnesinu. Fyrir liggja teikningar að 310 fermetra einbýlishúsi og gatnagerðargjöld eru þegar greidd.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali.



Laugar í Sælingsdal

Fasteignasalan Miðbær hefur fengið til sölumeðferðar eignir Dalabyggðar að Laugum í Sælingsdal.

Um er að ræða allar húseignir Dalabyggðar að Laugum. Eignirnar telja m.a. Skóla /hótel, íþróttahús, sundlaug ásamt íbúðarhúsnæði. Eignirnar standa á á um 15 hektara jörð. Undanfarin ár hefur verið rekið sumarhótel með 45 herbergjum á staðnum.

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Miðbæjar fasteignasölu Vegmúla 2 Reykjavík

atvinna

Matreiðslumaður óskast til starfa sem fyrst .

Einnig óskum við eftir vönum aðstoðarmönnum í eldhús.

Upplýsingar í gegnum job@101hotel.is eða í síma 824 1860

tilkygningar



Félagar í Félagi skipstjórnarmanna

Aðalfundur FS verður haldinn föstudaginn 24. maí kl. 14.00 að Háteigi A, sal á 4. hæð Grand Hótel. Venjuleg aðalfundarstörf - Léttar veitingar

Félagar fjölmennið Stjórnin



Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar í Ísafjarðarbæ Mat á umhverfisáhrifum - Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum jarðganga á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði sjónræns eðlis og áhrif á landslag. Framkvæmda-svæðið er innan svæðis sem nýtur verndar vegna fjölbreytts og stórbrotins landslags og munu háar fyllingar og áberandi skeringar beggja megin gangamunnanna, auk munnanna sjálfra, koma til með að breyta yfirbragði þessa óraskaða svæðis og hafa talsverð neikvæð, óafturkræf áhrif á landslag svæðisins.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Lauga-vegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matskýrsla Vegagerðarinnar er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulagsstofnun.is.

Skipulagsstofnun



Skaftárhreppur skipulags- og byggingarfulltrúi

Auglýsing um skipulagsmál í Skaftárhreppi

Í samræmi við 1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur.

Hrífunes

Deiliskipulagið nær til reits í kringum núverandi gisti-húss og véla-og verkfærageymslu. Skilgreindur er nýr byggingarreitur samkvæmt uppdraetti.

Tillögur þessar liggja frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingamála í Skaftárhreppi, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri, og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is. Frá 27.maí til og með 8.júlí. Athugasemdafrestur við tillögu þessa er til 16:00, mánudaginn 8.júlí 2013. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar teljast samþykki þeim.

Fh.Skipulags-og Byggingarfulltrúa Vigfús Þór. Hróbjartsson Fulltrúi á sviði skipulags-og byggingarmála Skaftár- og Mýrdalshreppi



Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. **Örugglega til þín.**

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing

FJÖLSKYLDUVÆNN FÖSTUDAGUR

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:



19:20

THE SIMPSONS

Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátektsamari.



19:40

BABE: PIG IN THE CITY

Grisinn Baddi er mættur aftur og stendur hann nú frammi fyrir verðugu verkefni, að taka við stjórninni á bænum þegar Hoggett lendir í slysi.



21:15

THE THREE MUSKETEERS

Spennandi ævintýramynd sem byggð er á ódauðlegu sögunum um Skytturarn þrjár.



7:00-20:00

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



22:00

HENRY'S CRIME

Gamansöm spennumynd með Keanu Reeves, Vera Farmiga og James Caan um dæmdan bankaræningja, sem hyggst endurtaka leikinn.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is



SUDOKU

3	2	9				7	5
6				7	5	3	
	7	9	1		6		
			9				6
9	3	6				2	
	8	1	5		3		
	5		2	9			7
8			6	4			2
					1	4	

LÉTT

3	6	8		7			2
				5	2	6	8
	4	5			1		3
				6			8
				1	5		
		7	2	9			3
		9		7			
		4	3	5		2	7
		8			2		

MIDLUNGS

		6	2				8
		5				9	
8		3					4
4	8	7				6	3
			2				1
				6		8	
2	3	5					4
			7				2
1	9						

PUNG

8	1	4	5	9	6	3	2	7
5	6	3	7	1	2	8	9	4
2	9	7	3	4	8	5	1	6
9	7	5	6	8	1	4	3	2
1	2	8	9	3	4	6	7	5
3	4	6	2	5	7	9	8	1
4	3	2	8	7	5	1	6	9
6	5	9	1	2	3	7	4	8
7	8	1	4	6	9	2	5	3

8	1	3	7	2	4	9	6	5
4	2	6	5	9	1	8	3	7
9	5	7	6	3	8	1	4	2
2	4	1	8	7	5	3	9	6
7	8	5	9	6	3	2	1	4
6	3	9	1	4	2	7	5	8
1	9	4	2	8	6	5	7	3
5	6	2	3	1	7	4	8	9
3	7	8	4	5	9	6	2	1

9	1	4	8	2	5	3	7	6
2	5	6	9	3	7	8	4	1
3	7	8	4	1	6	5	9	2
5	3	7	1	4	2	9	6	8
6	8	2	3	5	9	7	1	4
4	9	1	7	6	8	2	3	5
1	6	9	5	8	3	4	2	7
8	4	3	2	7	1	6	5	9
7	2	5	6	9	4	1	8	3

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



HANDAN VIÐ HORNID



BARNALÁN



SPAKMÆLI DAGSINS

Vonin er draumur vakandi manns.
- Aristóteles

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT
1. dropa, 6. í röð, 8. gröm, 9. hljóma, 11. tveir, 12. gljáun, 14. gáleysi, 16. í röð, 17. einkar, 18. úði, 20. frá, 21. þekja leið.

LÓÐRÉTT
1. könnun, 3. tveir eins, 4. hringur, 5. væta, 7. örvera, 10. síða, 13. líða vel, 15. fugl, 16. lifandi vera, 19. bardagi.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. próf, 3. ee, 4. kringla, 5. all, 18. ýra, 20. af, 21. rata.
LÁRÉTT: 2. leka, 6. rs, 8. erg, 9. óma, 11. íl, 12. fágun, 14. vangá, 16. de, 17. átt, 16. dýr, 19. at, 7. smáver, 10. aga, 13. una, 15.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Davíð Kjartansson mætir Arnari Gunnarssyni í úrslitaevingi Íslandsmótsins í atskák á RÚV. Í skák dagsins mætir hann Szeberenyi á EM-ungmenna 2000.



Hvítur á leik. Davíð lék 17. Hxe6! fxe6, 18. Rg5! Rc6 19. Rxe6 Bf6 20. Bc3 með myljandi sókn sem leiddi til sigurs í 36 leikjum.
www.skak.is Einvígið á RÚV hefst kl. 14 á morgun.

netto
Kræsingar & kostakjör

NETTÓ LÆKKAR VERÐ Á BARNAMAT



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



1979
KR. 2 kg.



ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA

398
KR. 150gr

BÓNUS LAMBHAGASALAT 150gr



229
KR. 1 kg.

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG.



179
KR. 2 ltr.

129
KR. 2 ltr.



159
KR. 100gr

BÓNUS HAFRAKAKA 100gr



259
KR. 1 kg.

NESTLÉ AFTER EIGHT 300gr



598
KR. 1.5 kg.

EMMESS SKAFÍS 1500gr



HIMNESKT

HIMNESKT

HIMNESKT



198
KR. 425gr

SOLLU - LÍFRÆNT
MAUKAÐIR
TÓMATAR



198
KR. 370 gr

SOLLU - LÍFRÆNT
TÓMATSAFI



298
KR. 340 gr

SOLLU - LÍFRÆNT
TÓMATSUPA
MEÐ CHILLI



798
KR. 400 gr

SOLLU - LÍFRÆNT
KAFFI 400gr
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



398
KR. 340 gr

SOLLU - LÍFRÆNT
HNETUSMJÖR
FÍNT-GRÓFT 340 gr



398
KR. 1 KG

SOLLU - LÍFRÆNT
SPELTHVEITI
FÍNT-GRÓFT 1 kg.


AFGREIÐSLUTÍMI
FÓSTUDAGUR
10:00-19:30

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÓSTUDAGUR
10:00-19:30

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



BEINHREINSAÐUR FERSKUR LAX **1998** KR. kg



BEINHREINSUÐ ÍSLENSK BLEIKJA **1498** KR. kg



FERSKUR GRILL MARINERAÐUR LAX **2298** KR. kg



KJÖRFUGLS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR **279** KR. KG



GRILL MARINERUÐ FROSIN LUDA **2798** KR. kg



KJÖRFUGLS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR **1998** KR. KG



FERSKUR GRÍSABÓGUR **679** KR. KG



KJÖRFUGL HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR **779** KR. KG



KJÖRFUGLS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR **698** KR. KG



FROSID LAMBASÚPUKJÖT 1.FL. **798** KR. kg



100% UNGNAUTAHAMBORGARAR **398** KR. 2 stk.



KS FROSINN GRILL SAGAÐUR FRAMPARTUR **798** KR. kg



KS.FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM **1598** KR. KG



KS.FROSID LAMBAFILLET **3198** KR. KG

FROSID LAMBAKJÖT GOTT VERÐ Í BÓNUS



ÍSLANDSLAMB FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI **1498** KR. kg



ÍSLANDSLAMB FERSKT LAMBALÆRI **1498** KR. kg



ÍSLANDSLAMB FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI **1498** KR. kg

AFGREIÐSLUTÍMI FOSTUDAGUR 10:00-19:30

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda VILÐARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI FOSTUDAGUR 10:00-19:30

STIKLAÐ Á STÓRU Í LÍFI MIKS MAGNÚSSONAR

Fæðist í Brighton
1942

Kemur til Íslands
1964

Fyrsta útsending fréttar á ensku í Ríkisútvarpinu
1970

Ráðinn fréttaritari BBC á Íslandi
1972

Flytur til London til að starfa fyrir BBC
1973

Sendur til Íslands til að flytja fréttir af seinna Þorskastríðinu
1975

Flytur aftur til Íslands
1976

Hefur störf fyrir SP og flytur til Naíróbí
1983

Friðargæsla í Júgóslavíu hefst
1992

Gerður að umboðsmanni starfsmanna SP
1993

Hættir hjá SP
2002

Vildi bara geta hlustað á fréttirnar

Mik Magnússon er íslenskur ríkisborgari og lítur á sig sem Íslending þrátt fyrir að vera skoskur að uppruna og hafa ekki búið hér í 30 ár. Hann hefur starfað víða um heim, fyrst sem fréttamaður hjá BBC og síðan á vegum Sameinuðu þjóðanna. Upphafið var þó á Íslandi þegar hann, langþryggtur á að geta ekki fylgst með fréttum, stakk upp á því við dagskrárstjóra Ríkisútvarpsins að útvarpa fréttum á ensku.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Fréttatími BBC skellur á eyrum um leið og komið er inn í íbúðina sem Mik Magnússon leigir á meðan hann dvelur á Íslandi að þessu sinni. Það er viðeigandi þar sem segja má að allur ferill Miks hafi spunnist út frá því að hann saknaði þess að heyra ekki fréttir á ensku á meðan hann bjó á Íslandi. „Ég hafði verið að ferðast um landið og setja upp leikrit og komist að því að þar náði ég fréttatími BBC víðast hvar þótt ég næði þeim ekki í Reykjavík, af einhverjum ástæðum. Mér fannst ómögulegt að vera fréttalaus, fór niður í útvarpshús, hitti dagskrárstjórnann og sagði honum að í öðrum löndum væri útvarpað fréttum á ensku fyrir túrista og spurði hvers vegna það væri ekki gert hér. Hann sagði að það hefði oft verið rætt en aldrei neinn fengist til að sjá um þær útsendingar og hvort ég vildi ekki bara taka þetta að mér? Ég hafði þá engan bakgrunn í blaðamennsku en þáði samt starfið með því skilyrði að ég fengi reynslutíma hjá útvarpinu til að æfa mig áður en farið yrði að senda út. Það var samþykkt og ég fékk tvær vikur til að æfa mig. Að þeim loknum sat ég í stúdíóinu og las í fyrsta skipti innanganginn: „Good evening this is the news in English with Mik Magnússon.“ Þannig byrjaði nú fréttamennskan hjá mér.“

En hvað olli því að 21 árs leiklistarnemi frá Edinborg ákvað að koma til Íslands? „Ég var að læra leiklist í Glasgow og alveg á kafi í alls konar leiksýningum meðfram skólanum. Hafði alltof mikið að gera til að gefa mér tíma til að ákveða



ALLTAF ÍSLENDINGUR
Mik talar afskaplega vandaða íslensku þótt hann hafi ekki búið hér í 30 ár. Hann segist reyna að halda henni við með því að lesa eitt-hvað á íslensku á hverjum degi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hvað ég vildi gera við líf mitt. Vildi ég verða dramaturg, leikstjóri, leikari, sviðsmaður eða ljósamaður? Þá sá ég auglýsingu í stúdentablaðinu þar sem auglýst var eftir fólki í fiskvinnslu í Vestmannaeyjum í þrjá mánuði yfir sumartímann. Ég hafði alltaf haft áhuga á norrænni menn-

ingu og ákvað að fara og nota þessa þrjá mánuði til að taka ákvörðun um framtíðina um leið og ég kynntist landi og þjóð.“

Það teygðist á þessum þremur mánuðum því ástin hitti Mik fyrir í Eyjum, hann kvæntist Hönnu Mallý Jóhannsdóttur og eignaðist með henni tvær dætur. Þau skildu síðar og Hanna lést árið 2008. Mik fékk íslenskan ríkisborgararétt, stundaði sjómennsku í Eyjum í nokkur ár, en saknaði leiklistarinnar, flutti til Reykjavíkur og fór að starfa með Light Nights leikhúsinu. Fréttamennskan á Ríkisútvarpinu átti þó eftir að draga óvæntan dilk á eftir sér og leiða hann út úr leiklistinni. „Á þessum tíma var Guðni Guðmundsson, rektor M.R., fréttaritari BBC á Íslandi. Þegar kom að heimsmeistarainvígi þeirra Fischers og Spasskis treysti Guðni sér ekki til að flytja fréttir af því vegna anna og benti á mig sem hugsanlegan arftaka. Þeir hjá BBC hringdu í mig og báðu mig að senda þeim reynslupistil, sem ég gerði og var ráðinn sem fréttaritari innan sólarhrings. Svo leiddi eitt af öðru og þegar kom að Þorskastríðinu var ég orðinn fastráðinn fréttaritari á þeirra vegum.“

Var ekkert erfitt að vera Breti á Íslandi á meðan á því stóð? „Nei, alls ekki. Ég var einu sinni barinn í anddyri Útvarpshússins af einhverjum manni sem ég þekkti ekkert, en annars varð ég ekki fyrir óþægindum. Það var hins vegar töluverður þrýstingur frá breska sendiráðinu að nota sterka orðalag. Mér var til dæmis uppálagt að nota orðin „gun boat“ í staðinn fyrir varðskip svo ógnin virtist meiri. Ég neitaði því og var þá sagt að mér yrði aldrei boðið í te til drottningarinnar í Buckingham Palace, sem hefur gengið eftir.“

Þrátt fyrir óhlýðnina bauð BBC Mik fasta stöðu við innanlandsfréttir og fjölskyldan flutti til London þar sem hann starfaði hjá BBC í nokkur ár. „Ég hafði sótt um fasta stöðu hjá Ríkisútvarpinu hér,

Við drepum þig á morgun

Ævisaga Miks, sem Haukur Már Haraldsson hefur skráð, kemur út í haust. Hún ber nafnið „Við drepum þig á morgun, Mr. Magnússon“. Hvernig stendur á þeim titli?

„Ég var einu sinni að taka viðtal fyrir BBC fyrir utan höfuðstöðvar SP í Sarajevo en varð að hætta því þar sem hvinur frá tveimur byssukúlum þaut um eyrun á okkur. Um kvöldið var hringt í mig og maður með balkanskan hreim sagði ógnandi í símann: „Við misstum tvisvar marks í dag en við náum þér á morgun, Mr. Magnússon.“ Og stóðu þeir við að reyna það? „Það var skotið á bílinn minn stuttu seinna og hann skemmdur en þeir hittu mig ekki. Það var reyndar mjög skondið því lögum samkvæmt varð ég að gefa skýrslu um skemmdirnar á bílnum á lögreglustöðinni. Þeir kipptu sér ekkert upp við þetta og það var ekkert vikið frá hefðbundnum spurningum við skýrslugerðina. Þeir spurðu spurninga eins og: „Hvað kom fyrir bílinn?“ Þegar ég sagði að það hefði verið skotið á hann héldu þeir bara áfram eins og ekkert væri. „Hvernig var veðrið? Hvernig var ástand vegarins? Hvert er nafn hins aðilans sem átti aðild að óhappinu?“ Það var undarleg upplifun að sitja á lögreglustöð eftir slíka upplifun og lenda í þessum stöðluðu spurningum. En þetta var sjálfsagt daglegt brauð fyrir lögreglumennina.“

var orðinn tveggja barna faðir og var alveg réttindalaus sem verktaki og langaði í meira öryggi. Útvarpsráð hafnaði því en þegar ég sagði yfirmönnum mínum hjá BBC frá því buðu þeir mér strax vinnu hjá sér. Þegar seinna Þorskastríðið skall á var ég svo sendur aftur hingað til að flytja fréttir af því.“

Þessi heimsókn Miks til Íslands átti einnig eftir að draga dilk á eftir sér því honum var boðið starf hjá Menningarstofnun Bandaríkjanna hér og síðar hjá bandaríska hernum á Keflavíkurflugvelli. „Á meðan ég var þar bað Rauði krossinn á Íslandi mig að fara í þrjá mánuði til Úganda og Kenía vegna hungursneyðarinnar þar. Ég fékk fararleyfi hjá admírálnum, fór út og það breytti algjörlega viðhorfum mínum til umheimsins. Ég uppgötvaði að mig langaði að vinna við þróunarmál og aðstoð í þriðja heiminum. Ég fékk starf hjá Sameinuðu þjóðunum í Kenía og það leiddi til þess að ég starfaði fyrir þær í næstum tuttugu ár, meðal annars við friðargæslu í fyrnum Júgóslavíu í stríðinu þar. Það var mjög niðurbjótandi starf því það var nánast ómögulegt að miðla málum á milli stríðandi fylkinga.“

Síðustu fimm árin sem hann starfaði hjá Sameinuðu þjóðunum var Mik fyrsti umboðsmaður starfsmanna þeirra. „Það var mjög heillandi starf, en líka erfitt. Maður reyndi þar líka að koma á friði milli stríðandi aðila, rétta hlut þeirra sem orðið höfðu fyrir því að yfirmenn misbeittu valdi sínu og reyna að tryggja að slíkt kæmi ekki fyrir aftur. Það tókst ekki alltaf.“

Mik hefur nú verið á eftirlaunum í tíu ár og bjó fyrst í Pretoríu þar sem hann var gerður að heiðursræðismanni Íslands. Nú býr hann ásamt seinni konu sinni, Alice, í Andalúsíu á Spáni, sem hann segir hafa orðið fyrir valinu vegna þess að þaðan sé auðvelt að ferðast um Evrópu og verðlag það skaplegt að hægt sé að lifa af eftirlaunum, ólíkt Íslandi. Hann heldur alltaf góðu sambandi við Ísland, enda búa dætur hans tvær og barnabörnin sex hér. En hvort lítur hann á sig sem Íslending eða Skota? „Íslending, alltaf Íslending. Ég hef engin tengsl við Skotland lengur, öll fjölskylda mín þar er annaðhvort dain eða flutt í burtu. Ég er með íslenskt vegabréf og það er aldrei spurning í mínum huga að ég er Íslendingur þrátt fyrir skoskan uppruna.“



Skartaðu
þínu
fegursta

aurum

Bankastræti 4 | sími: 551 2770 | www.aurum.is



RAFVÖRU MARKAÐURINN

ÚRVAL RAFLAGNAEFNIS

Fellsmúla - Reykjavík



VERÐ FRÁ **779**

UTANÁLIGGJANDI ROFAR & TENGLAR



VERÐ FRÁ **495**

INNLAGNAEFNI ROFAR OG TENGLAR



VERÐ FRÁ **775**

RAKAPOLNIR ROFAR OG TENGLAR



37.990

VINNULJÓSAFLA

INNLAGNAEFNI - 4 LITIR
PASSAR Í **TICINO** DÓSIR



Lágvöruverð
Kynntur þér málið

Innlagnaefni Rofar og tenglar



VERÐ FRÁ **475**



6.990



8.900



8.350




6.995




4.950

GREINAKASSAR / TÖFLUR



RÖR - LAGNARENNUR - BARKI



BEYGJUR - HÖLKAR - DÓSIR



VERÐ FRÁ **1.295**

NEOSET VARROFAR 1, 2 OG 3 PÓLA



SJÁLFVÖR 1 PÓLA

799



VÍR OG KAPLAR



VERÐ FRÁ **699**

IÐNAÐARTENGLAR OG KLÆR



4.950

LEKA STRAUMSROFI 4 PÓLA

2.975

LEKA STRAUMSROFI 2 PÓLA



1.398

SJÁLFVÖR 2 PÓLA

2.397

SJÁLFVÖR 3 PÓLA

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18

Laugard. kl 10 - 17

Sunnud. kl 12 - 16

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FÖSTUDAGUR



FIMMTÁN HLJÓMSVEITIR
Sykur er á meðal þeirra fimmtán hljóm-sveita sem koma fram á Reykjavík Music Mess sem verður haldin í þriðja sinn um helgina.

FÖSTUDAGUR 24. MAÍ 2013

Hátíðir

12.05 Listahátíð í Reykjavík heldur áfram. Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á heimasíðunni artfest.is.

Sýningarspjall

12.10 Spessi leiðir gesti um sýningu sína, Nafnlaus hestur, í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Sýningin samanstendur af portretmyndum af mótörhjólaökkpum, en hann tók allar myndirnar á ferðalagi sínu um Bandaríkin á tímabilinu 2011 til 2012. Aðgangur er ókeypis.

Málþing

12.00 Málstofa verður haldin í Lögbergi Háskóla Íslands, stofu 101. Til umræðu verður Ísland og norðurlöðir og rætt verður um þær áskoranir sem ríki og samfélög á norðurlöðum standa frammi fyrir.

Tónlist

21.00 Hljómsveitin Thin Jim heldur tónleika í fyrsta skipti á Café Haiti. Spilað verður efni af nýttkomnum disk þeirra, This is me, í bland við nýrra efni



MÓTORHJÓLAKAPPAR Spessi verður með leiðsögn um sýningu sína og önnur uppáhaldsábreiðulög.
22.00 Málsmíðafélagið spilar á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.
23.00 Sváfírnir Sigurðarson skemmtir á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

Reykjavík Music Mess að hefjast

Erlendar og íslenskar hljóm-sveitir spila á hátíðinni sem er haldin í þriðja sinn.

„Mess-íð er fólgið í því að við erum ekki að binda okkur við einhverja eina senu eða stefnu heldur blöndum við saman alls konar dótarí sem okkur finnst skemmtilegt,“ segir Baldvin Esra Einarsson, skipuleggjandi hátíðarinnar Reykjavík Music Mess sem hefst í kvöld.

Alls koma fimmtán hljóm-sveitir fram á þriggja daga langri hátíðinni sem fer að mestu fram á skemmtistaðnum Volta við Tryggvagötu, en einnig verður boðið upp á ókeypis tónleikadagskrá á Kexi Hosteli. Þetta er þriðja árið sem hátíðin er haldin og segir Baldvin hana nú vera búna að skapa sér góðan sess í samfélaginu. „Hún verður svo örugglega til sjálfkrafa á næsta ári,“ segir hann og hlær.

Fjórir blaðamenn frá breska tónlistar-tímaritinu Clash eru væntanlegir á hátíðina,

auk gagnrýnanda frá tónlistarsíðunni vinsælu The Line Of Best Fit. „Það er ótrúlega gaman að geta boðið þeim sem koma fram upp á slíka umfjöllun. Svo er þetta auðvitað góð landkynning í leiðinni,“ segir Baldvin.

Tveir erlendir gestir koma fram á hátíðinni, áströlsku partíhundarnir í DZ Death-rays og skoska jaðarsöngvaskáldið Withered Hand. Meðal íslenskra listamanna sem stíga á svið eru rafkvartettinn Bloodgroup, harðkjarnahópurinn Muck og hljóm-sveitirnar Oyama, Mammút og Sykur, svo nokkrar séu nefndar. - trs



BALDVIN ESRA

Drekktu betur heldur áfram

Ævar Örn Jóseppson rithöfundur verður á Bar 11 í dag klukkan 18 en þar er nýtt heimili elsta pub-quiz landsins, Drekktu betur.

„Freyr Eyjólfsson útvarpsmaður var meðal þeirra sem byrjuðu með þessa keppni fyrir nærri ellefu árum og hún hefur verið haldin nánast á hverjum föstudegi síðan, nema þegar um stórhátíðardaga er að ræða eða eitthvað slíkt. Í síðustu viku birti Fréttablaðið frétt þess efnis að við værum orðin heimilislaus með keppnina og hann Össur á Bar 11 hringdi í mig strax daginn eftir og vildi fá að taka þátt í að halda keppninni á

lífi. Við höldum því ótrauð áfram þar, vonandi út í hið óendanlega. Það er alltaf sama fyrirkomulag á þessu hjá okkur, eða hefðbundið pub-quiz fyrir komulag með tvo saman í liði, kassa af bjór í verðlaun og tilboð á barnum. Allt eins og það á að vera,“ segir Ævar Örn.

ÆVAR ÖRN JÓSEPPSON

Tjaldar öllu til í útskriftarverkinu

Vala Gestsdóttir flytur útskriftarverk sitt Heimur hvelanna í Hörpu á morgun. Þar hefur hún fengið til liðs við sig leikkonu, stílista og átta hljóðfæraleikara.

„Markmiðið er að ná til nýrra áhorfenda og þess vegna valdi ég að halda tónleikana í almenningsrými,“ segir tónsmiðurinn Vala Gestsdóttir sem flytur útskriftarverkefni sitt, Heimur hvelanna, á Norðurbrú Hörpu á morgun.

Vala er að útskrifast með meistraragráðu úr sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi frá Listaháskóla Íslands en þaðan er hún menntaður tónsmiður. Það má segja að Vala tjaldi öllu til í útskriftarverkinu en hún hefur fengið til liðs við sig leikkonuna Elmu Stefaníu Ágústsdóttur og Hrafnhildi Hólmgeirsdóttur sem er listrænn stjórnandi verksins ásamt Völu og átta hljóðfæraleikurum. Heimur

hvelanna er í grunninn tónverk sem byggist á ljóði Þórunnar Erlu Valdimarsdóttir, Söngur hvelanna.

„Ég hef haft samvinnu listgreina að leiðarljósi í náminu mínu og í verkinu mynda ljóð, tónlist, leiklist og búningar eina heild,“ segir Vala sem er mjög ánægð með að hafa fengið þær Elmu og Hrafnhildi til liðs við sig. „Elma vinnur leikrænan gjörning í tengslum við tónlistina, ljóðið og búningana sem eru í umsjón Hrafnhildar. Ég er mjög þakklát öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við að gera verkið að veruleika.“

Vala er í þriðja árganginum sem útskrifast úr sköpun, miðlun og

frumkvöðlastarfi en námið miðast að því að þróa og framkvæma skapandi verkefni við mismunandi aðstæður og efla með nemendum áræði og dug til að gerast leiðtogar á sínu sviði. Flestir nemendur eru hljóðfæraleikarar og segir Vala að sem tónskáld hafi hún því þurft að fara aðeins öðruvísi leiðir.

„Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt nám og ég er svo að vinna skýrslu upp úr vinnunni bak við tónleikana,“ segir Vala sem er einnig víóluleikari og menntuð í hljóðupptökum. Tónleikarnir hefjast klukkan 17 á morgun á Norðurbrú Hörpu og allir eru hjartanlega velkomnir. - áþ



SAMVINNA Vala Gestsdóttir fékk leikkonuna Elmu Stefaníu Ágústsdóttur og Hrafnhildi Hólmgeirsdóttur til liðs við sig í útskriftarverkinu Heimur hvelanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SPENNANDI BÆKUR

Kræsingar & kostakjör



Guðrún Elín Ingvarsdóttir
Vigdís Björk Ásgeirsdóttir



Jóhanna M. Oppong Jóhannesdóttir
Brynjólfur Ægir Sævarsson
Eva Stefánsdóttir



Friðjón Gunnlaugsson

73 vottaðir fjármálaráðgjafar hafa útskrifast

Til hamingju!

Síðastliðinn fimmtudag bættust 36 manns í hópinn sem hefur útskrifast með vottun sem fjármálaráðgjafar einstaklinga. Til að hljóta vottun þarf að standast próf í grundvallarþáttum fjármálaráðgjafar. Boðið er upp á 180 klst. undirbúningsnám í tengslum við vottunina og sat stór hluti útskriftarhópsins námið að fullu.

Vottunarnámið er samstarfsverkefni Samtaka fjármálafyrirtækja, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands, Háskólans á Bifröst og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Tilgangur þess er að efla fagmennsku og þekkingu starfsmanna íslenskra fjármálafyrirtækja. Við erum sannfærð um að vottun fjármálaráðgjafa mun skila viðskiptavinum fjármálafyrirtækjanna enn betri þjónustu á komandi árum.

Við óskum nýútskrifuðum fjármálaráðgjöfum til hamingju með áfangann.



Súsanna Antonsdóttir
Sigrún Hildur Guðmundsdóttir



Hanna Dóra Jóhannesdóttir
Ingibjörg Steina Eggertsdóttir
Þórdís Anna Njálsdóttir

HVÍTA HÚSID/SÍA



TÍSKULÖGGUR Silfurklæddar stúlkur sjá til þess að reglum um klæðaburð sé fylgt. NORDICPHOTOS/GETTY

Ekki má sjást í maga á Ascot-veðreiðunum

Strangar reglur gilda um klæðaburð gesta á hinum konunglegu Ascot-veðreiðum sem fram fara í júlí.

Hinar árlegu Royal Ascot-veðreiðar fara fram í Ascot í Berkshire skíri í júlí. Veðreiðarnar voru fyrst haldnar árið 1711 og kepptu þá sjö hestar. Um 300 þúsund manns sækja viðburðinn árlega, þar á meðal meðlimir bresku konungsfjölskyldunnar. Strangar reglur gilda um klæðnað gesta, og þá sérstaklega þeirra er horfa á veðreiðarnar frá hinu konunglega rými. Sérstök „tískulögga“ sér til þess að gestir klæði sig samkvæmt kúnstarinnar reglum.

KARLMENN

■ Jakkaföt og bindi. Klútar eru ekki leyfilegir.

KONUR

■ Hattur eða höfuðskraut.

■ Hlýralausir kjólar eru ekki leyfilegir.

■ Buxur skulu vera í skósídd.

■ Ekki má sjást í maga.

■ Stuttbuxur eru stranglega bannaðar.

■ Skótaska skal vera svart að lit.

■ Herramaður má taka hattinn af höfði sér inni á veitingastöðum og á einkastöðum.

KONUR Í KONUNGLEGA RÝMINU

■ Kjól- og pilsfaldar skulu nema við hné.

■ Hlýrar skulu vera 2,5 sentimetrar að breidd eða meira.

■ Jakkar og sjöl eru leyfileg.

■ Buxnadragtir eru leyfilegar, buxurnar skulu þó vera í skósídd og úr sama efni og munstri og jakkinn.

■ Höfuðskraut sem er ekki minna en 10 sentimetrar í þvermál eru leyfileg.

■ Hlýralausir kjólar eru bannaðir, sem og kjólar með flegnu hálsmáli.

■ Ekki má sjást í maga.

■ Smáhattar eru ekki leyfilegir í ár.

RÉTT KLÆDD
Þessi unga stúlka klæddi sig samkvæmt reglum.



KONUNGBORIN Reglurnar eru strangastar í rými konungsfjölskyldunnar.



FAST & FURIOUS 6 „Þrátt fyrir algjörar lágmarkskröfur á handritið, þá stendur það ekki undir þeim sáralitlu væntingum...“

Minni sápu, meira stuð

BÍÓ ★★★★★

Fast & Furious 6

Leikstjórn: Justin Lin

Leikarar: Vin Diesel, Paul Walker, Dwayne Johnson, Michelle Rodriguez.

Fyrir tveimur árum braut ég odd af oflæti mínu og fór að sjá fimmtu myndina í Fast and the Furious-seríunni, hafandi engan bílaáhuga og með fordómasleggjuna hátt á lofti. Kom svo á daginn að mér þótti myndin þrælskemmtileg. Dæmigert alveg.

Nú er sjötta myndin komin og ég orðinn mun fróðari um seríuna en síðast. Því miður nær þessi aldrei sömu hæðum og fyrirrennarinn, og skipar sér þess í stað í hóp með sístu myndum seríunnar.

Þrátt fyrir algjörar lágmarks-

kröfur á handritið, þá stendur það ekki undir þeim sáralitlu væntingum og minnir á köflum á slappa sápuóperu. Óvæntar fléttur sér maður á löngu færi og sjálfir bílaeltingaleikir eru ekki einu sinni neitt sérstakir, reyndar með einni undantekningu.

Þá er klippingin sérlega óvönduð, sem er synd þar sem kvikmyndatökan er ljómandi kraftmikil og góð. En vonbrigðin skrifast fyrst og fremst á söguna. Það vantar einfaldlega meira stuð.

Þó má finna nokkra ljósa punkta og yfirgengileg skriðdrekasena er þeirra á meðal. Þá má alltaf hafa gaman af Dwayne Johnson, og í blálokinn kemur óvæntur gestur í heimsókn sem kallar fram bros á flestum.

Haukur Viðar Alfreðsson

NIÐURSTAÐA: Vonbrigði þrátt fyrir ágæta spretti.

KOMDU OG PRÓFAÐU
TRANSIT CUSTOM
BACKBONE OF BUSINESS

Sendibíll ársins 2013
Ford Transit Custom
Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.



FORD TRANSIT CUSTOM

VERÐ ÁN VSK FRÁ **3.577.689 KR.**

VERÐ MEÐ VSK FRÁ **4.490.000 KR.**





Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

**FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM**



Fótboltaskór

frá Puma í miklu úrvali



PowerCat 1.10
Létt örtréfaefni.
Stærðir 40-46
Verð: 45.990 kr.
Outlet-verð: **13.990 kr.**

70%



PowerCat 1.10
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 45.990 kr.
Outlet-verð: **13.990 kr.**

70%



v1.10 K
Létt örtréfaefni.
Stærðir 41-46
Verð: 49.990 kr.
Outlet-verð: **13.990 kr.**

72%



PowerCat 3.12
Gerviefni
Stærðir 40-46
Verð: 18.990 kr.
Outlet-verð: **11.990 kr.**

36%



King Wn's
Leður.
Stærðir 36-40,5
Verð: 33.990 kr.
Outlet-verð: **11.990 kr.**

65%



v6.11 HG
Gerviefni
Stærðir 40-46
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**

33%



v6.11 TT
Gervigrasskór
Stærðir 41-46
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**

33%



v5.11 FG JR
Krakkaskór
Stærðir 33-39
Verð: 11.990 kr.
Outlet-verð: **7.990 kr.**

33%



PowerCat 4.12 HG Jr
Krakkaskór
Stærðir 28-39
Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: **6.990 kr.**

30%



v6.10 - junior
Krakkaskór
Stærðir 37-38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **1.990 kr.**
(ekki til í öllum stærðum)

70%



v6.11 HR Jr.
Krakkaskór
Stærðir 28-38,5
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: **3.990 kr.**

50%



v6.11 HR Jr.
Krakkaskór
Stærðir 28-38,5
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: **3.990 kr.**

50%



v6.11 TT Jr
Gervigrasskór
Stærðir 28-38,5
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: **3.990 kr.**

50%



Esito TT inf
Fyrir þau yngstu
Stærðir 20-23
Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: **6.990 kr.**

30%




v6.10 - junior
Gervigrasskór
Stærðir 37-38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **1.990 kr.**
(ekki til í öllum stærðum)

70%

**SPORT
OUTLET**

Vinlandsleið 6
113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17



Við erum í Vinlandsleið í Grafarholti

**v3.11
legghlífar**
Stærðir S-L
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: **2.490 kr.**

50%



**v5.11
legghlífar**
Stærðir XS-L
Verð: 3.490 kr.
Outlet-verð: **1.750 kr.**

50%



**EvoSpeed 3
legghlífar**
Stærðir S-L
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: **2.490 kr.**

50%



**EvoSpeed 5
legghlífar**
Stærðir S-L
Verð: 3.490 kr.
Outlet-verð: **1.750 kr.**

50%



**EvoSpeed
slip legghlífar
m. sokk**
Stærðir S-L
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð: **2.990 kr.**

50%



**Markmanns-
hanskar**
Stærðir 4 - 11
Verð: 3.990 kr.
Outlet-verð: **1.990 kr.**

50%



Puma boltar
Nokkrir litir
Stærðir 3 - 4 - 5
Verð: 3.990 kr.
Outlet-verð: **1.990 kr.**

50%

Eftirminnilegustu tónleikarnir með Múm

Warren Ellis, meðlimur The Bad Seeds, hlakkar mikið til þess að koma fram á All Tomorrow's Parties í júní. Hann kom eitt sinn fram með Múm á Ítalíu og segir þá tónleika vera meðal þeirra eftirminnilegustu sem hann hefur komið fram á.

„Ég spilaði á einum eftirminnilegustu tónleikum ferils míns með Múm á Ítalíu. Þau eru alveg yndisleg. Nú er ég orðinn virkilega spennur fyrir hátíðinni,“ segir tónlistarmaðurinn Warren Ellis þegar blaðamaður Fréttablaðsins hefur lokið við að telja upp nöfn þeirra íslensku hljómsveita sem koma fram á tónlistarhátíðinni All Tomorrow's Parties í júní. Sjálfur stígur Ellis á svið á laugardagskvöldinu ásamt Nick Cave og The Bad Seeds.

Ellis er mikill aðdáandi All Tomorrow's Parties og segir hátíðina einstaka fyrir þær sakir að þar gefst gestum og tónlistarfólki færi á að eiga í nánum samskiptum. „Ég kom að skipulagningu hátíðarinnar ásamt The Dirty Three árið 2006, minnir mig, og hef spilað á henni í Bretlandi, Japan og Ástralíu. Þetta er einstök hátíð og maður finnur að áhugi hátíðargesta á tónlistinni er einlægur. Mér finnst oft sem tónlistarhátíðir hafi það eitt að markmiði að græða, ATP er ekki hátíð markaðsaflanna heldur ímyndunarafslins,“ segir hann ákafur.

Warren Ellis er menntaður fíðluleikari og hefur sinnt tónlistinni mestalla ævina. Hann er meðlimur í hljómsveitunum The Dirty Three og The Bad Seeds og einn helsti samstarfsmaður tónlistarmannsins Nicks Cave. Saman hafa þeir samið tónlist fyrir uppsetningar Vesturports og kvikmyndir á borð við The Assassination of Jesse James by the Coward Robert Ford og

Lawless. Samstarfinu við Cave lýsir Ellis sem góðu og gefandi. „Okkur finnst báðum mjög gaman að vinna. Við krefjumst mikils hvor af öðrum og slíkt vinnuumhverfi verður fljótt ávanabindandi. Ég gæti ekki hugsað mér betra starf þó að tónleikaferðalögin geti vissulega verið lýjandi. Þetta er sannarlega gjöf.“

Ellis er búsettur í París ásamt franskri eiginkonu sinni og tveimur börnum þeirra. Hann segist kunna vel við sig í höfuðborg Frakklands en kvartar sáran undan rigningarveðrinu sem hefur herjað á Parísar-búa undanfarið. „Veðrið hefur verið hræðilegt frá því í nóvember. Ég er búinn að vera í þriggja mánaða ferðalagi með The Bad Seeds og veðrið er jafn slæmt núna og það var þegar ég lagði af stað í vetur.“

Ellis er samlandi Nicks Cave og kveðst heimsækja Ástralíu minnst einu sinni á ári ásamt fjölskyldu sinni. „Ég heimsæki Ástralíu í fríum og kynni börnin mín fyrir uppruna mínum og þeirra. Ég er þó ekki sérlega góður í fríum og yfirleitt er tónlistin ekki fjarri.“

sara@frettabladid.is



SPENNTUR FYRIR ÍSLANDSHEIMSÓKN Warren Ellis kemur til Íslands í júní ásamt Nick Cave og The Bad Seeds. Sveitin kemur fram á hátíðinni All Tomorrow's Parties. NORDICPHOTOS/GETTY



Hrósar vinnusömum Gísla Erni

Warren Ellis hefur heimsótt Ísland nokkrum sinnum í tengslum við samstarf sitt og Caves við Vesturport. Hann kveðst hlakka mikið til heimsóknarinnar í sumar. „Ég get ekki beðið. Ég vona að besti súri hákarlinn verði geymdur fyrir komu mína.“

Hann ber einnig Gísla Erni Garðarssyni vel söguna og segir leikarann hæfileikaríkan, myndarlegan og vinnusaman. „Gísli er lengi búinn að lofa mér hestaferð um landið, kannski verður af henni

í sumar? Ég ætla að taka kúrekahattinn minn með til öryggis,“ segir Ellis og spyr svo: „Veistu hvort hestar geti farið upp tröppur? Ef svo er, þá kem ég kannski ríðandi á tónleikana okkar. Þvílík innkoma sem það væri! Ég vona að þetta fréttist ekki, Nick væri þá fljótur til að toppa mig. Hann kæmi líklega inn á sviðið á arnarbaki.“



FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ



LÆTUR FÁTT STÖÐVA SIG

Elínrós Líndal hefur á fáum árum tekist að byggja upp farsælt fatafyrirtæki hér á landi með umhverfissjónarmið og samfélagsvitund að leiðarljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlöð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | visir.is



Sonurinn innblástur þáttaraðar

Lóa Pind Aldísardóttir rannsakar brottfall úr framhaldsskólum í nýrri sjónvarpsþáttaröð. Áhuginn á málefnum kviknaði þegar sonur hennar lenti í vandræðum í skólakerfinu. Einungis 36% stráka ljúka framhaldsskóla fjórum árum eftir innritun í þá.

Tónleikasumarið

Frank Ocean og fleiri stórstjörnur eru á leiðinni til landsins en glæsilegasta tónleikasumar í langan tíma er í vændum. Fréttablaðið spáir í stjörnurnar.



Skemmtilegasta fjölskylda veraldar

Bluth-fjölskyldan snýr aftur á skjáinn í nýrri þáttaröð **Arrested Development** sem beðið hefur verið með eftirvæntingu.



HELGARBLAD FRÉTTABLAÐSINS

Ómissandi hluti af góðri helgi



BÓKSÖLULISTINN

METSÖLUBÆKUR FORLAGSINS



„... sagan er vel skrifuð,
flækjurnar eru úthugsaðar ...“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON
MORGUNBLAÐIÐ




1.
SÆTI

MEST SELDU KILJURNAR
5.-18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI

2.
SÆTI

MEST SELDU KILJURNAR
5.-18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI




3.
SÆTI

MEST SELDU KILJURNAR
5.-18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI



4.
SÆTI

MEST SELDU KILJURNAR
5.-18. MAÍ 2013
BÓKSÖLULISTI



„... mögnuð, æsispennandi
og afar óhugnanleg saga.“

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

1 kr.
sendingargjald í
takmarkaðan tíma!

„... óskaplega
skemmtileg lesning,
undir niðri kraumar sterk
réttlætiskennd og útkoman

úr þessari blöndu beittrar gagn-
rýni og hnyttni er býsna góð.“

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ



STEINÞÓR GUÐBJARTSSON
MORGUNBLAÐIÐ

„... hentar vel rómantísk-
um sálum sem vilja
spennandi afþreyingu.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ



ALL ROADS LEAD TO THIS

POWERSÝNING
KL. 10.40

★★★★
H.K. - Monitor

EIN STÆRSTA SPENNUMYND SUMARSINS 12

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
FAST & FURIOUS 6	5.20, 8, 10.40(P)
STAR TREK 3D	5.20, 8, 10.40
MAMA	8
OBLIVION	5.30, 10.10

SAMBÍÓIN

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM

Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMBIO.IS

EIN STÆRSTA SPENNUMYND SUMARSINS
ALL ROADS LEAD TO THIS

★★★★
H.K. - Monitor

FAST & FURIOUS 6 12

GATSBY 12

FRÁ MARVEL MEIÐ SEM FAREGGJAKLAR

IRON MAN 3 12

"STÖRFENGLEG"
EMPIRE ★★★★★

"ALDELIS RÚSSBARI, ÞESSI MYND SÍÐUR ER Í BÍÓHÖLUNUM"

"FRABER"
FILM ★★★★★

"EXHILARATING"
THE BRITANNIC ★★★★★

STAR TREK INTO DARKNESS 3D 12

J.J. ABRAMS ER MÆTTUR MEÐ BESTU HASARMYND PESSA ÁRS!

OLYMPUS HAS FALLEN 16

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD 5%	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS 5%
FAST & FURIOUS 6	KL. 5-10 - 8 - 10:40	FAST & FURIOUS 6	KL. 6 - 9
THE GREAT GATSBY 2D	KL. 5-8 - 10:55	THE GREAT GATSBY 2D	KL. 5:10 - 8 - 10:50
STAR TREK INTO DARKNESS 3D	KL. 5:10 - 8 - 10:50	STAR TREK INTO DARKNESS 3D	KL. 5:10 - 8 - 10:50
STAR TREK INTO DARKNESS VIP	KL. 5:10 - 8 - 10:40	IRON MAN 3 2D	KL. 5:20 - 8
PLACE BEYOND THE PINES	KL. 5:10 - 8 - 10:50	PLACE BEYOND THE PINES	KL. 10:40
IRON MAN 3 2D	KL. 5:10 - 8 - 10:40	SMÁRABÍÓ KRINGLUNNI	NÚMERUÐ SÆTI
FAST & FURIOUS 6	KL. 8 - 10:40	THE GREAT GATSBY 2D	KL. 5:10 - 8 - 10:50
THE GREAT GATSBY 2D	KL. 8	IRON MAN 3 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
STAR TREK INTO DARKNESS 3D	KL. 10:55	PLACE BEYOND THE PINES	KL. 8
IRON MAN 2D	KL. 5:20	ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 5:50
THE CROODS 2D	KL. 5:50	OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 10:50
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS		SMÁRABÍÓ AKUREYRI	
		THE GREAT GATSBY 2D	KL. 5:10 - 8
		STAR TREK INTO DARKNESS 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
		IRON MAN 3 2D	KL. 10:55

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD 5%

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS 5%

ALL ROADS LEAD TO THIS
EIN STÆRSTA SPENNUMYND SUMARSINS!

12 **LÚXUS**

FAST & FURIOUS 6 KL. 5 - 8 - 10.45 12

FAST & FURIOUS 6 LÚXUS KL. 5 - 8 - 10.45 12

STAR TREK 3D KL. 5 - 8 - 10.45 12

STAR TREK KL. 8 12

THE CALL KL. 10.45 16

EVIL DEAD KL. 8 - 10.10 18

THE CROODS 3D ÍSL. TAL KL. 3.30 - 5.45 L

THE CROODS 2D ÍSL. TAL KL. 3.30 - 5.45 L

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS

FAST & FURIOUS 6 KL. 5.40 - 8 - 10.20 12

MAMA KL. 10.20 16 / **OBLIVION** KL. 8 16

NUMBERS STATION KL. 6 12

Flugvélaði maðurinn

BAKPANKAR
Stígs
Helgasonar

Það er bara tvennt sem ég get sagt við fólk sem gerir það undantekningarlítið alveg agndofa. Annað er að mér finnst gaman í flugvélum. Það virðist ekki vera algeng skoðun, sem er óskiljanlegt.

PEGAR þetta er skrifað eru örfáar klukkustundir í að ég fari í flugferð og tilhlökkunin er að bera mig ofurlíði.

Ég hlakka auðvitað til ferðarinnar sjálfar og samneytis við förunautana, en ekki síður þess að geta hreiðrað um mig í mjúku flugvélarseti í þrjá til fjóra tíma, hallað aftur bakinu eftir flugtak og notið fullkomins áhyggjuleysis með góða rapptónlist í eyrunum og jafnvel lélega flugvallarbók á plastborðinu fyrir framan mig, við hliðina á hálffullu máli af kóki. Ég var líka að eignast töfratakið iPad og mér hefur verið sagt að fátt veiti meiri sælu en að spila Candy Crush á flugi. Ég trúir því vel.

BESTA tilfinning sem ég þekki er að þrýstast niður í sætið þegar vélin tekur

á span eftir brautinni andartökum áður en hún hefur sig á loft og drunurnar úr hreyflunum slæva á manni heilabúið. Ég tel mig líka búa yfir frumstæðum skilningi á eðlisfræðinni að baki flugvísindum og engin flugslysamynd getur innrætt mér hræðslu við þennan ferðamáta, sem mér hefur reyndar alltaf fundist jafnóskiljanlegt og það að finnst leiðinlegt að fljúga. Ég hugsa að ég gæti lesið útskriftina úr svarta kassanum úr Air France-vélinni sem fórst úti fyrir Brasilíu, æsilegustu og dramatískustu lesningu lífs míns, um borð í flugvélinni án þess að líða illa með það. Ég held ég geri það bara.

SVO er það ókyrröin. Vonandi fáum við ókyrrö. Þá fær maður fiðring í magann í bónus – eins og í skemmtigarði. Það eina sem ég kvíði er landingin. Ekki landingin sem slík svo sem, heldur að þurfa að standa upp og yfirgefa vélin þegar ég kem á leiðarenda. Ætli maður muni í framtíðinni geta pantað sér flugferð með sólarorkuknúnu loftfari sem tekur aldrei endi?

HITT sem gerir fólk nánast alltaf alveg rasandi er skoðun mín á sjónvarpsþáttunum Seinfeld. Meira um það einhvern tímann síðar.



JACK QUARTET „Allur gerningurinn var dálítið þreytandi; það vantaði stífgandi í tónlistina. Hún virkaði of leitandi og samhengislaus.“

Ekki fyrir myrkfælna

TÓNLIST ★★★★★

Listahátíð í Reykjavík

Jack Quartet flutti strengjakvartett nr. 3 eftir G. F. Haas í Norðurljósum, Hörpu
22. MAÍ

Menning okkar er gegnsýrð alls konar myndefni, og yfirleitt fylgir því einhvers konar tónlist. Auglýsingar eru skreyttar henni, oft þekktum tónverkum. Þetta á líka við um bíómyndir. Músíkinni er þar beitt mjög markvisst til að undirstrika hvað er að gerast hverju sinni. Klisjurnar eru endalausar. Djúpir, langir tónar tákna ógn. Róleg pianótónlist stendur fyrir hið mannlega og brothætta. Básúnur skjóta upp kollinum í hetjulegum stríðsmyndum. Ómstríðir hljómar heyrast þegar hið annarlega er allsráðandi, o.s.frv.

Á venjulegum, klassískum tónleikum er hið sjónræna ekki endilega í öndvegi. Þó hefur það orðið meira áberandi þegar nútímatónlist er annars vegar. Það er í takt við það sem hefur lengi tíðkast í poppeiminum. Ófugt við

kvikmyndina, þá eykur hið sjónræna áhrifamátt tónlistarinnar, eða á að gera það. Tónleikar Jack kvartettsins á Listahátíð á miðvikudagskvöldið voru sjónrænn gerningur. Kvartettinn varð til í Eastman-skólanum í New York og hefur vakið talsverða athygli fyrir flutning nýrra verka. Að þessu sinni lék hann strengjakvartett nr. 3 eftir Georg Friedrich Haas. Fyrirermáli hans eru að verkið sé flutt í niðamykrri. Hljóðfæraleikararnir fjórir leika ekki eftir nótum, sjá ekki hver annan, og eru eins langt hver frá öðrum og mögulegt er.

Tónleikararnir fóru fram í Norðurljósumsalnum, og það var tveggja mínútna æfing á undan þeim. Öll ljós voru slökkt, svo tónleikagestir vissu hvað væri í vændum. Þeim sem þjáðust af innilokunarkennd eða voru myrkfælnir var bent á að vera annars staðar.

Síðan hófust herlegheitin. Hljóðfæraleikararnir gengu í salinn, þeir Christopher Otto og Ari Streisfeld á fiðlur, John Pickford Richards á víólu og Kevin McFarland á selló. Því næst voru ljósin slökkt. Myrkrið var algert, engu máli skipti hvort maður var með augun

opin eða lokuð. Það var áhrifamikilið. Æfingin á undan hafði skipt máli, fólk hafði fengið útrás fyrir að flissa vandæðalega. Á tónleikunum sjálfum voru allir rólegir.

Verkið tók rúmar 70 mínútur án hlés. Einhverjir tveir eða þrjú gáfust upp áður en tónleikarnir voru búnir. Maður sá þá ljósglampa úr farsíma örstutt, eins og eldingablossa í myrkrunu. Eða augu í næturdyri. Það var líka skemmtilegt.

Tónlistin sjálf var myrk, hægerðug, ómstríð. Sem slík rann hún saman við myrkrið. Myrkrið undirstrikaði stemninguna í músikinni. En hún var óþarflega löng. Það gerðist ekkert í henni eftir ákveðinn tíma. Vel hefði mátt stytta hana um helming. Allur gerningurinn var dálítið þreytandi; það vantaði stífgandi í tónlistina. Hún virkaði of leitandi og samhengislaus. Því miður gerist þetta stundum í spunakenndri nútímatónlist. Menn kunna sér ekki hóf og teygja lopann út í það óendanlega.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Tónleikar Jack kvartettsins á Listahátíð voru áhrifamikill sjónrænn gerningur, en afar langdregin.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVIKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ISLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS KLUBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELÐRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS!

SIGHTSEERS	(16)	18:00, 20:00, 22:00
IN MEMORIAM?	(L)	18:00
HANNAH ARENDT	(12)	22:10
THE HUNT (JAGTEN)	(12)	20:00

BÍÓ PARADÍS

EUROPA CINEMAS

40.000
hjálmar



fyrir 7 ára
Óskabörn
þjóðarinnar
- frá 2004



Höfum hjálminn alltaf í umferð

Eimskipafélag Íslands og Kiwanishreyfingin færa öllum í 1. bekk reiðhjólshjálmi að gjöf í samstarfi við grunnskóla landsins eins og undanfarin 9 ár. Mörg dæmi eru um að hjálmar hafi bjargað barnslífi eða komið í veg fyrir slys. Foreldrar eru hvattir til að minna Óskabörn þjóðarinnar á öllum aldri á að nota hjálm þegar þau fara út í umferðina og sýna gott fordæmi með því að nota sjálfir hjálm.

Ónotaður hjálmur tryggir ekki öryggi neins.

 Fylgstu með Óskabörnum á Facebook



40.000 kollar
á 9 árum

Kiwanis

 **EIMSKIP**
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Erlingur semur líklega við Westvæn

HANDBOLTI Þjálfarinn Erlingur Richardsson er staddur í Austurríki þessa dagana og hefur verið þar alla vikuna að reyna að ganga frá samningi við austurríska úrvalsdeildarfélagið SG Insignis Handball Westvæn.

Mánuður er síðan félagið sóttist eftir kröftum hans. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Erlingur skrifa undir tveggja ára samning við félagið en hann vildi ekki



staðfesta það við blaðið í gær.

„Málin eru enn í vinnslu og verið að fara yfir þetta. Það ætti þó að skýrast um helgina hvað verður,“ sagði Erlingur en hann kom ÍBV upp í efstu deild í vetur. Hann er einnig í þjálfarateymi íslenska landsliðsins.

„Mér líst ágætlega á aðstæður hérna. Þetta er talsvert annað en heima. Viðræður hafa gengið þokkalega við félagið. Maður veit samt aldrei hvornig þetta fer.“

- hbg

Hnémeiðslin eru ekki genatengd

HANDBOLTI Örn Ingi Bjarkason lék ekkert með liði Aftureldingar eftir áramót en hann fór í erfiða hnémeiðslu í desember.

„Brjóskið var alveg farið á einum stað í hnénu og því þurfti að bora og mynda nýjan vef. Þetta var flókið og ég er enn langt frá því að vera 100 prósent góður. Þetta tekur sinn tíma,“ segir hinn 23 ára gamli Örn Ingi en hann vill ekki meina að hnémeiðslin séu genatengd en faðir hans, Bjarki Sigurðsson, glímdi við hnémeiðsli lungann af sínum ferli. „Verður ekki allt vitlaust ef ég segi

það,“ segir Örn léttur.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að norsk félag hafi verið með Örn undir smásjóni. Hann játar því en segist ekki hafa heyrt frá þeim lengi. Hann sér ekki fram á að fara út á næstunni þó svo að hann stefni út síðar. „Það stefnir í að ég verði áfram í Aftureldingu. Það er líka skynsamlegt fyrir mig því þá get ég stýrt

betur álaginu á hnénu og náð mér alveg góðum. Auðvitað er ég samt alltaf að horfa út og ég mun skoða þá möguleika sem koma upp. Hnéð gengur þó fyrir núna,“ segir Örn Ingi en hann hvorki hleypur né hoppar enn sem komið er í endurhæfingunni. Hann hjólar og syndir aðallega og fær svo æfingar frá sjúkrahjúfara.

- hbg



Byrjar betur en forverarnir

Róbert Örn Óskarsson fékk stóra tækifærið hjá Heimi Guðjónssyni, þjálfara FH, þegar Gunnleifur Gunnleifsson leitaði á ný mið. Róbert er besti leikmaður 4. umferðar Pepsi-deildarinnar að mati Fréttablaðsins.

FÓTBOLTI 89. mínúta á Kópavogsvelli á þriðjudagskvöldið. Róbert Örn Óskarsson er búinn að spila óaðfínanlega allan leikinn, verja nokkrum sinnum vel og grípa vel inn í þegar það á við. Stigin þrjú eru að leggja af stað til Hafnarfjarðar þegar FH-liðið fær á sig klaufalega vítaspyrnu. Róbert Örn ætlar ekki að láta þessi stig renna FH-liðinu úr greipum, ekki frekar en þegar hann varði á mikilvægum tímupunktum í fyrstu þremur leikjunum. Róbert klikkar heldur ekki á ögurstuðu, ver víti Blikans Árna Vilhjálmssonar glæsilega og tryggir FH þrjú gullin stig á móti einu af sterkari liðum Pepsi-deildarinnar.

Maður leiksins í tveimur leikjum í röð

Eftir fjóra umferðir lítur allt út fyrir að ákvörðun Heimis Guðjónssonar sé að heppnast fullkomlega. FH hefur aðeins fengið á sig tvö mörk og hefur náð í 10 stig af 12 mögulegum. Róbert Örn Óskarsson hefur fengið 7,3 í meðaleinkunn fyrir þessa fjóra leiki og hefur verið valinn maður leiksins í síðustu tveimur leikjum. Hann er auk þess besti leikmaður 4. umferðar Pepsi-deildarinnar að mati blaðamanna Fréttablaðsins.

„Ég gerði nokkur mistök á undirbúnings-tímabilinu sem ég vissi að ég myndi gera. En ég vil miklu frekar gera mistök yfir veturinn en á miðju tímabili,“ sagði Róbert í viðtali við Fréttablaðið fyrir leikinn á móti Blikum. Þetta var annar sjónvarpsleikur hans í röð og í þeim báðum hefur hann verið besti maðurinn á vellinum að mati fulltrúa Fréttablaðsins á leiknum.

Þó að Róbert Örn Óskarsson hafi aðeins

átt einn leik að baki í efstu deild (á móti ÍBV í Eyjum í fyrra) þá er ekki eins og hann sé fæddur í gær. Hann er orðinn 26 ára gamall og á að baki tímabil með ÍR (1. deild 2011) og BÍ/Bolungarvík (2. deild 2009 og 2010). Hann naut einnig þess að vinna með landsliðsmarkverðinum Gunnleifi Gunnleifssyni á síðustu leiktíð sem Róbert hefur talað sjálfur um að hjálpi sér við að standa í þessum sporum. Það má heldur ekki gleyma að á bekknum nýtur Róbert stuðnings reynsluboltans Daða Lárussonar, sem er reynslumesti markvörður FH í efstu deild.

Betri en allir á báðum sviðum

En hversu góð byrjun er þetta? Fréttablaðið skoðaði af þessu góða tilefni byrjun Róberts í samburði við síðustu fjóra aðalmarkverði FH-inga í efstu deild en það eru þeir Gunnleifur Gunnleifsson (2010-12), Daði Lárusson (2001-09), Stefán Arnarson (1991-1995) og Halldór Halldórsson (1985-87 og 1989-90). Aðrir markverðir hafa komið inn í forföllum þeirra.

Það er óhætt að segja að Róbert skjóti hinum fjórum FH-markvörðunum ref fyrir rass. Hann fékk á sig færri mörk en þeir allir í fyrstu fjórum leikjunum og FH-liðið er líka með fleiri stig í húsi. Í viðbót við það varði Róbert eina vítið sem hann reyndi við en þrjár af hinum fjórum fengu á sig mark úr víti í fyrstu fjórum leikjunum og engum þeirra tókst að verja víti. Hér á síðunni má sjá samanburð á byrjun þessara fimm markvarða á sínu fyrsta tímabili sem aðalmarkvörður FH-liðsins í efstu deild.

ooj@frettabladid.is



RIO Lék mjög vel síðasta vetur.

NORDICPHOTOS/GETTY

Eitt ár í viðbót hjá Rio

FÓTBOLTI „Ég er svo ánægður með að hafa skrifað undir nýjan eins árs samning við þetta frábræa félag,“ sagði Rio Ferdinand, varnarmaður Manchester United.

David Moyes var ekki lengi að bjóða Ferdinand nýjan samning en sá fyrrnefndi tók við knattspyrnustjórn félagsins nú á dögum.

„Þetta er draumurinn. Nú er það bara næsta tímabil,“ skrifaði Ferdinand á Twitter-síðuna sína.

„Það dylst engum að síðasta tímabil hjá Rio var eitt hans besta hjá félaginu. Jafnvel þeir sem standa utan félagsins sjá að hann er líka afar mikilvægur í klefanum,“ sagði Moyes við heimasíðu United.

„Ég er því mjög ánægður með að hann hafi skrifað undir nýjan samning og ég hlakka til að vinna með honum.“

- esá



GARETH BALE Er afar eftirsóttur af stóru liðunum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Hvað gerir Bale?

FÓTBOLTI Gareth Bale gaf sterka vísbendingu um að hann ætli sér að vera um kyrrt í herbúðum Tottenham.

Tottenham endaði í fimmta sæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir baráttu fram á lokadag tímabilsins. Þar með missti liðið af sæti í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð.

„Við lögðum hart að okkur á þessu tímabili og bæði liðið og stjórnin hafa staðið sig mjög vel,“ sagði Bale í viðtali við sjónvarpsstöð Tottenham en hann hefur verið orðaður við mörg stærstu lið Evrópu.

„Liðið hefur aldrei náð jafn mörgum stigum í úrvalsdeildinni en það hefði að öllu jöfnu dugað til að komast í Meistaradeildina. Það voru vonbrigði að komast ekki í hana en við verðum að halda áfram og prófa aftur á næsta tímabili.“

- esá



Gunnleifur Gunnleifsson, 2010

35 ára gamall
Fyrstu 4 leikir: 7 mörk á sig - 4 stig
- átti áður 86 leiki í efstu deild.
- varði mark FH frá 2010-12



Daði Lárusson, 2001

28 ára gamall
Fyrstu 4 leikir: 5 mörk á sig - 7 stig
- lék í B-deildinni árið áður
- varði mark FH frá 2001-09



Stefán Arnarson, 1991

28 ára gamall
Fyrstu 4 leikir: 6 mörk á sig - 2 stig
- átti áður 65 leiki í efstu deild
- varði mark FH frá 1991-95



Halldór Halldórsson, 1985

24 ára gamall
Fyrstu 4 leikir: 5 mörk á sig - 4 stig
- lék í B-deildinni árið áður
- varði mark FH frá 1985-87 og 1989-90

Parf aðeins að afplána tveggja leikja bann

Þjóðverjinn Torsten Jansen hjá Hamburg sleppur vel eftir að hafa skallað andstæðing í handboltaleik.

HANDBOLTI Þýski hornamaðurinn Torsten Jansen hjá Hamburg var í gær dæmdur í tíu leikja bann og til greiðslu sektar upp á 2,4 milljónir króna. Það er hæsta sekt sem leikmaður hefur fengið í þýska boltanum.


Það fær hann fyrir að skalla Ivan Nincevic, leikmann Fuchse Berlin. Atvikid var mjög alvarlegt enda rotaðist Nincevic ásamt því að fá stóran skurð undir augað. Lengi vel var óttast að hann væri kinnbeinsbrotinn. Heilahristingurinn sem hann fékk var svo alvarlegur að hann spilar ekki meira á þessu tímabili.

Jansen þarf aðeins að afplána tveggja leikja bann þar sem tímabilid er búið eftir tvo leiki og bannið rennur út eftir tvo mánuði. Hann sleppur því ansi vel. Þetta er engu að síður þyngsta refsing sem þýska handknattleikssambandið getur beitt.

„Þrátt fyrir alvarleika brotsins og að svo lítið sé eftir af tímabilinu getum við ekki breytt reglunum,“ sagði Andreas Thiel, lögmaður á vegum þýsku úrvalsdeildarinnar.

Jansen má einnig spila með Hamburg í úrslitum Meistaradeildar Evrópu í Köln um þar næstu helgi.

- hbg



TORSTEN JANSEN Hefur beðist afsökunar á skallanum og þarf að greiða háa sekt.

NORDICPHOTOS/BONGARTS

Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:

App sem þú þarft

Nýtt í spjaldtölvuna og snjallsímann



Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið hvar sem er, á hverjum morgni. Sláðu inn **Fréttablaðið** á Google Play eða í App store og náðu í appið.



FRÉTTABLAÐIÐ

Framtíðin liggur í gervigrasvöllum

Ekki er hægt að spila á Akureyrarvelli í bráð frekar en öðrum knattspyrnuvöllum á Norðurlandi. Formaður knattspyrnudeildar KA segir löngu tímabært að gervigrasvæða íslenska knattspyrnudeildir, ekki aðeins á Norðurlandi. „Aðeins tímaspursmál,“ segir hann.

FÓTBOLTI Einhver bið verður á því að hægt verði að spila knattspyrnuleiki á náttúrulegu grasi á Norðurlandi þetta vorið. Vellirnir koma allir illa undan vetri eftir mikil snjóþyngsli og afar erfiða tíð í vetur.

„Snjórinn kom í október og fór ekki fyrr en í maí,“ sagði Eðvarð Eðvarðsson, vallarstjóri Akureyrarvallar, við Fréttablaðið í gær. „Í febrúar lá 25 cm klaki yfir völlum sem við skófum í burt með veghefli og hjóla-skóflu. Völlurinn skemmdist aðeins við það, þar sem tönnin fór aðeins of neðarlega. En það var ekki annað hægt til að komast undir klakann,“ sagði Eðvarð.

Spilað á Ólafsfirði á morgun

Saga hans er dæmigerð fyrir Norðurlandið en Fréttablaðið hefur síðustu daga talað við fulltrúa flestra knattspyrnufélaga þar. Eini grasvöllurinn sem hefur verið notaður fyrir norðan er Þórsvöllur. Karlalið Þórs og kvennalið Þórs/KA hafa spilað á honum í Pepsi-deildunum, þrátt fyrir að hann líti talsvert verr út en aðrir vellir í efstu deildum karla og kvenna.

KA, Tindastóll, KF, Dalvík/Reynir, Magni og Kormákur/Hvöt hafa öll spilað í Boganum í vetur og flest þeirra gera það áfram næstu vikurnar. KF ætlar reyndar að freista þess að spila á Ólafsfjarðarvelli gegn KA í 1. deildinni á morgun og þá er stutt í að Hvammstangavöllur verði tilbúinn fyrir leiki Kormáks/Hvatar í 4. deildinni. Völsungur hefur spilað sína leiki á gervigrasvöllum á Húsavík, enda enn langt í að aðalvöllurinn verði nothæfur.

Mannvirkin illa nýtt

Gunnar Nielsson, formaður KA, segir það mikla synd hversu illa íþróttamannvirkin á Norðurlandi eru nýtt. „Það kostar heilmikið að byggja upp fótboltavöll með stúku og svo er bara hægt að nota hann í 20 vikur á ári.



LÍTUR ILLA ÚT Akureyrarvöllur eins og hann leit út fyrir fáeinum dögum. Hér verður ekki spilað í bráð.

MYNDSTEINDÓR RAGNARSSON

Það er einfaldlega glatað,“ segir Gunnar við Fréttablaðið.

Hann bendir á að KA hafi spilað gegn Völsungi á nýjum upphituðum gervigrasvelli á Húsavík í mars. „Það var sex stiga frost og stafalogn. Það var algjörlega fráþætt. Með þessu væri hægt að lengja tímabilið og nýta mannvirkin í kringum völlum svo miklu betur. Þetta er framtíðin og því fyrr sem menn viðurkenna það því betra.“

Gunnar segir umræðuna um gervigrasvelli byggða á gömlum rökum. „Hér áður fyrr var bent á gamla gervigrasið í Laugarðalnum og hversu slæmt það var. En þróunin hefur verið slík síðustu ár að í dag eru gervigrasvellir jafnvel taldir betri en náttúrulegt gras. Veturinn var erfiður hér í vetur en hvað ef sá næsti verður erfiður fyrir sunnan? Nú er til að mynda risið glæsilegt mannvirki í kringum Kaplakrikavöll. Hvað

Félög fyrir norðan

Dalvík/Reynir Dalvíkurvöllur
Vonast til að spila á völlum 8. júní

KA Akureyrarvöllur
Ekki tilbúinn, þarf fjórar góðar vikur til viðbótar.

KF Ólafsfjörður/Siglufjörður
Áætlað að spila á Ólafsfirði á morgun, þrátt fyrir mikinn snjó í kringum völlum. Siglufjarðarvöllur enn undir snjó, ekki tilbúinn fyrr en seint í júní.

Kormákur/Hvöt Hvammstangavöllur
Ætti að vera tilbúinn í næstu viku, sem og völlum á Blönduósi.

Magni Grenivíkurvöllur
Tilbúinn um miðjan júní, í fyrsta lagi.

Tindastóll Sauðárkrúksvöllur
Stórskemmdur, tilbúinn seint í júní í fyrsta lagi. Lítur hvað verst út á Norðurlandi.

Völsungur Húsavíkurvöllur
Staðan slæm og líklega ekki tilbúinn fyrr en í júlí.

Þór og Þór/KA Þórsvöllur
Hefur verið notaður í upphafi móts í Pepsi-deildunum.

þætti mönnum ef það væri ekki hægt að nota þann völlum fyrr en í byrjun júlí?“

Gervigras víða um Evrópu

Gunnar segir að lausnin sé augljós. „Framtíðin liggur í gervigrasvöllum. Ef það er spilað á gervigrasi í löndum eins og Noregi og Skotlandi – og meira að segja í Meistaradeildinni í Moskva – þá er það hægt á Íslandi líka.“

eirikur@frettabladid.is

OPINNI DAGSKRÁ SÝNT Í

F1
Formula 1™

SPORT HD SUNNUDAG KL. 11:30

MÖGNUM STEMNING Í MÓNAKÓ

Misstu ekki af æsispennandi kappakstri í Formúlu 1. Allt í beinni útsendingu og í opinni dagskrá frá Mónakó í liftrandi háskerpu.

FÁÐU MEIRA ÚT ÚR SJÓNVARPINU
Ert þú með HD sjónvarp? Trygðu þér aðgang að frábærri dagskrá í bestu mögulegu myndgæðum.

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is



VOR Í ÍSLENSKRI VERKEFNASTJÓRNUN

ÚTSKRIFTARRÁÐSTEFNA MPM-NÁMSINS VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Í HR FÖSTUDAGINN 24. MAÍ KL. 12:30–17:20.

12:30

Setning ráðstefnu.

Project Management - Yesterday, today and tomorrow

Miles Shepherd, varaformaður APM (Association for Project Management)

STOFA V101

HAGSMUNAAÐILAR, BREYTINGAR OG ÁKVARÐANIR

13:10



Stjórnun hagsmunaaðila í opinbera geiranum með sjálfbærni að leiðarljósi
Anna Rósa Böðvarsdóttir

STOFA M101

STAÐA OG ÞRÓUN VERKEFNASTJÓRNUNAR



Hver er staða verkefnastjórnunar hjá íslenskum auglýsingastofum?
Anna Halldórsdóttir

STOFA V102

ÞRÓUN, ÞEKING OG VÖRUR



How can a project management office help the Icelandic gaming industry achieve its goals?
Aðalsteinn Haukur Sverrisson & Elmar Bergþórsson

13:30



Geographical Sovereignty in Times of Crisis - The Eyjafjallajökull Eruption and the International Community
Einar Pétur Heiðarsson



Project evaluation: Lessons learned vs. Delphi method
Auður Kristín S. Welding



Sköpunarkraftur og skapandi hugsun í verkefnastjórnun
Björn Guðmundsson

13:50



Skapandi skrifræði – umbreyting ímyndar í efri byggðum Breiðholts
Guðrún Dís Jónatansdóttir



Project management in venture capital endeavors
Magnús Ágúst Skúlason



The 21st brain for the project leader
Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir

14:10



Decisive complexity - The NLSH decision making process compared with theoretical decision making models
Hans Gústafsson



Risk management in implementation project of software solution at Siminn
Magnús Ögmundsson



Aligning targeted marketing with academic program development goals - case study of MPM program
Kristín Stefánía Þórarinsdóttir

14:30



Using change management methods in implementing new household waste management system in Sólheimar ecovillage - a case study
Herdís Friðriksdóttir



Continuous improvement projects in certified organizations in Iceland: Traditional projects or not?
Sigríður Jónsdóttir



Bringing out the best: Validating the ICB-3 Behavioural competence assessment survey for the maturation of the project management profession
Ósk Sigurðardóttir

14:50



Samræmist skilningur starfandi vörueigenda á eigin hlutverk og ábyrgð hugmyndum fræðimanna?
Hrafnhildur Sif Sverrisdóttir



Project culture using agile project management in hand with traditional project management
Sigurjón Páll Kolbeins



A matrix-based analysis of information dependencies in product development at Össur
Sindri Gunnarsson

15:10

HLÉ

TEYMI OG HLUTVERK

15:20



Úllen, dúllen doff og það varst þú
Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir



STEFNUMIÐUÐ STJÓRNUN

Stefnumótun og starfsmenn – raunverulegur árangur eða óskýggja?
Borga Harðardóttir



HEILBRIGÐIS- OG MENNTAGEIRINN

Er gagn af rafrænni sjúkraskrá?
Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir

15:40



Það er miklu oftast sem það batnar – áhrif bjartsýni og rökvillna á áreiðanleika verkefnastjóra
Jóhannes Pétur Héðinsson



Gagnsemi stefnumótunar fyrir verkefnið „Film in Iceland“
Elmar Bergþórsson & Aðalsteinn Haukur Sverrisson



Leiðin að bættum námsárangri á yngsta stigi grunnskólans
Erla Þorsteinsdóttir

16:00



Stjórnarherbergið – fyrir og eftir hrun
Jón Steindór Valdimarsson



Nýtir þjóðkirkja Íslands stefnumiðaða stjórnun í starfi sínu?
Guðrún Áslaug Einarsdóttir



Measures that matter - vendor performance in outsourced bioequivalence studies
Jóhanna Friðbjörg Sigurjónsdóttir

16:20



Hvað er líkt með X-teymlum (X-Teams) og verkefnateymlum hjá fjórum verkefnastjórum í íslenskum framleiðslu- og frumkvöðlafyrirtækjum?
Sesselja Tómasdóttir



Ávinningur notkunar stefnumiðaðs árangursmats á verkefnið „Heilsulandið Ísland“
Ingibjörg Katrín Halldórsdóttir



Er hægt að verðmeta tannlæknapraxis?
Karl Guðlaugsson

16:40



Trúðverðugleiki verkefnastjórans: hvernig nýta má trúðatækni til að auka leiðtoga- og samskiptafærni verkefnastjóra
Tinna Lind Gunnarsdóttir



Stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks á nýjum vettvangi – frá ríki til sveitarfélaga
Íris Ellertsdóttir



Innleiðing nýrrar þjónustu fyrir fólk með færniskerðingu – á verkefnastjórnun erindi?
Þóra Leósdóttir

17:00



Menningarmæling við mótun fyrirtækja
Karvel Lindberg Karvelsson



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

Ráðstefnan er öllum opin.

MPM
MASTER OF PROJECT MANAGEMENT



hr.is/mpm

> Stöð 2 kl. 21.15 The Three Musketeers

Ný og spennandi ævintýra- mynd um ódauðlegu sögurnar af Skyttunum þremur eftir Alexandre Dumas. D'Artagnan hinn ungi leitar liðsinnis hjá Skyttunum þegar ógn stöðjar að frönsku krúnunni. Aðalhlutverk- in leika Logan Lerman, Milla Jovovich, Matthew Macfadyen, Luke Evans og Ray Stevenson.



Í KVÖLD



Tamara Drewe

RÚV KL. 22.20 Bresk gamanmynd um Tamöru Drewe, unga blaðakonu sem fer heim á æskulóðir þegar verið er að selja húsið sem hún ólst upp í. Það hefur ræst mikið úr henni sem var alltaf ljóti andarunginn þegar hún var yngri. Heimkoma hennar veður miklu upp- námi í ástalífi bæjarbúa.

RTÉ 66% IMDb 6,2



Touch of Frost

STÖÐ 2 GULL KL. 20.45 Klassísk sakamálamynd um lögregluforingjann Jack Frost. Sá er af gamla skólanum og þekktur fyrir að fara sínar eigin leiðir við rannsókn mála. Hann fær á borð til sín hin flóknustu glæpamál og nær oftast en ekki að komast til botns í þeim.

TV.COM 8,6 IMDb 7,7



Limitless

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.15 Bradley Cooper leikur hér rithöfund sem er með krón- íska ritstíflu. Þegar hann byrjar að taka inn nýtt eiturylf öðlast hann þó ómann- lega hæfileika. Meistarastykki hans fanga þá athygli stórlaxins Carls Van Loon, sem leikinn er af Robert De Niro.

RTÉ 70% IMDb 7,3

Létt 96,7 kl. 15-19 Erna Hrönn

Söngkonan og útvarpskonan Erna Hrönn verður á Létt 96,7 á milli klukkan 15 og 19 í dag, eins og alla virka daga. Erna hefur mikinn áhuga á tónlist og fólki og fléttar þau áhugamála sín inn í þáttinn á hverjum degi.



SVEFNSÓFAR

SUPREME Deluxe

BREYTIST Í RÚM Á AUGABRAGÐI EXTRA ÞYKK OG GÓÐ SPRINGDÝNA SVEFNBREIDD 140X200 CM RÚMFATAGEYMSLA

TILBOÐ KR. 149.900

UNFURL

BREYTIST Í RÚM Á AUGABRAGÐI SPRINGDÝNA SVEFNBREIDD 120X200 CM

KR. 119.900

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - Sími 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In The Middle (9:22)
- 08.30 Ellen (152:170)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Celebrity Apprentice (8:11)
- 11.10 Doctors (88:175)
- 11.50 The Mentalist (2:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Date Night
- 14.25 Stóra Þjóðin (4:4)
- 14.55 Extreme Makeover: Home Edition (2:25)
- 15.35 Ævintýri Tinna
- 16.00 Leðurblökumaðurinn
- 16.20 Sorry I've Got No Head
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen (153:170)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður

19.20 Simpson-fjölskyldan (15:22)
19.40 Babe, Pig in the City Alvöru fjölskyldumynd um vaska grísinn Badda. Nú ber svo við að húsbóndi hans, bóndinn Hoggett, er slasaður og ófær um að sinna bústörfum. Það kemur því í hlut Badda að halda hlutunum gangandi og það er ekki alltaf tekið út með sældinni.
21.15 The Three Musketeers Spennandi ævintýra mynd um ódauðlegu sögurnar af Skyttunum þremur. D'Artagnan hinn ungi leitar liðsinnis hjá Skyttunum þegar ógn stöðjar að frönsku krúnunni.
23.05 The Flock Spennumynd um rannsóknarteymi sem eru á hælum miskunnarlausa kynferðisafbrotamanns. Með aðalhlutverk fara Claire Danes og Richard Gere.

00.45 Adventures Of Ford Fairlane Einkaspæjarinn Ford Fairlane hefur nú dularfullt mál til rannsóknar. Ung stúlka er horfin en hvarfið tengist öðru og alvarlegra máli eins og Ford kemst fljótt að raun um.

02.25 In Your Dreams Skemmtileg gamanmynd um hinn óheppna og ólán- sama Albert sem lendir í dularfullu slysi og upprá því fara allir hans draumar að ræstast.

03.55 Date Night
05.20 Simpson-fjölskyldan (15:22)
05.45 Fréttir og Ísland í dag

BÍÓ

- 11.40 An Affair To Remember
- 13.35 Ljóti andarunginn og ég
- 15.05 Limitless
- 16.50 An Affair To Remember
- 18.45 Ljóti andarunginn og ég
- 20.15 Limitless
- 22.00 Henry's Crime
- 23.45 Love and Other Drugs
- 01.35 Repo Men
- 03.30 How to Lose Friends & Alienate People
- 05.20 Henry's Crime

GULL

- 20.00 Bandið hans Bubba (1:12)
- 20.45 A Touch of Frost
- 22.30 American Idol (36:37) (37:37)
- 00.35 Bandið hans Bubba (1:12)
- 01.20 A Touch of Frost
- 03.05 Tónlistarmyndbönd

SPORT

- 17.50 Spánn: Barcelona - Betis
- 19.30 Spænsku mörkin
- 20.00 Meistarad. Evrópu: fréttapáttur
- 20.30 La Liga Report
- 21.00 Meistarad. Evrópu: Sagan öll
- 21.30 Roger Maltbie Golfpáttur með David Feherty.
- 22.15 Kings Ransom Heimildarmynd um óvænta sölu íshokkistjórnunnar Wayne Gretzky frá Edmonton Oilers til Los Angeles Kings árið 1988.
- 23.10 Icelandic Fitness and Health Expó
- 00.30 NBA: Miami - Indiana, leikur 2

SPORT 2

- 17.05 Sunnudagsmessan
- 18.20 PL Classic Matches: Chelsea - Arsenal, 2000
- 18.50 Chelsea - Everton
- 20.30 Premier League World 2012/13
- 21.00 Aston Villa - Sunderland
- 22.40 Football League Show 2012/13
- 23.10 Fulham - QPR

krakkar

07.00 Lalli 07.05 Refurinn Pablo 07.10 UKI 07.15 Waybuloo 07.35 Svampur Sveinsson 07.55 Könnuðurinn Dóra 08.20 Strumpanir 08.45 Áfram Diego, áfram! 09.10 Mörgæsinn frá Madagaskar 09.30 Histeria! 09.50 Skógardýrið 10.15 Brunabíllarnir 10.35 Doddi litli og Eyrnastór 10.45 Njósnaarskólinn 11.10 Sorry I've Got No Head 11.40 Ofuröndin 12.00 iCarly (14:25) 12.25 Victorious 12.45 Big Time Rush 13.10 Lalli 13.25 Refurinn Pablo 13.30 UKI 13.35 Strumpanir 14.00 Waybuloo 14.20 Svampur Sveinsson 14.40 Könnuðurinn Dóra 15.05 Áfram Diego, áfram! 15.30 Mörgæsinn frá Madagaskar 15.50 Histeria! 16.10 Mörgæsinn frá Madagaskar 16.35 Skógardýrið Húgó 17.00 Brunabíllarnir 17.20 Doddi litli og Eyrnastór 17.30 Njósnaarskólinn 17.55 Sorry I've Got No Head 18.25 Ofuröndin 18.45 iCarly (14:25) 19.10 Victorious 19.35 Big Time Rush

POP TV

17.00 Simpson-fjölskyldan (19:22) Apu á í erfiðleikum með að vera konu sinni trúr þessa dagana, sérstaklega þegar hann fær athygli frá annarri konu.
17.20 Íslenski listinn
17.50 Pretty Little Liars (15:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölbókum eftir Söru Shepard.

18.35 Sjáðu
19.00 Friends
19.25 Two and a Half Men (18:24) Gömul kærasta sem hryggbraut Charlie vill hitta hann.
19.50 Simpson-fjölskyldan (2:25)
20.15 Crusoe (6:13) Ævintýralegir spennuþættir sem byggðir eru á klassískri sögu Daniéls Defoe um mann að nafni Robinson Crusoe sem býr sér til líff á afskekkrri eyðieyju eftir að hafa siglt þar í strand.
21.00 Smallville (22:22) Áttunda þátta- röðin um ofurmennið Superman á ung- lingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

21.40 The O.C. (22:25)
22.25 The Lying Game (15:20)
23.10 Crusoe (6:13)
23.50 Smallville (22:22)
00.35 The O.C. (22:25)
01.20 The Lying Game (15:20)
02.05 Tónlistarmyndbönd

INN

20.00 Hrafnáþing 21.00 Gestagangur hjá Randver 21.30 Eldað með Holta

RÚV

- 15.35 Ástareldur (Sturm der Liebe) Endursýndir þættir vikunnar.
- 17.15 Babar
- 17.37 Unnar og vinur
- 18.00 Hróturinn Hreinn
- 18.10 Táknafréttir
- 18.20 Andraland II (1:5) (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Ari Eldjárn Skemmtikrafturinn lætur gamminn geisa að viðstöddum áhorfendum í myndveri.
- 20.30 Rangó (Rango) Teiknimynd um ósköp venjulegt kameljón sem kemur fyrir tilviljun í smábæ í villta vestrinu þar sem bráðvantar lögreglustjóra. Myndin hefur unnið til fjölda verðlauna, meðal annars Óskarsverðlaunanna sem besta teiknimynd í fullri lengd. Myndin verður sýnd samtímis með íslensku tali á rásinni RÚV-Íþróttir.
- 22.20 Tamara Drewe Meðal leikenda eru Gemma Arterton, Luke Evans og Roger Allam.
- 00.10 Kelerí og kjánalæti (Angus, Thongs and Perfect Snogging) Unglings- stúlka heldur dagbók um kosti og galla unglingsáranna, og ekki síst um kúnst- ina að kyssa.
- 01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil
- 08.40 Pepsi MAX tónlist
- 15.15 The Good Wife (3:23)
- 16.00 Necessary Roughness (8:12)
- 16.45 How to be a Gentleman (2:9)
- 17.10 The Office (7:24)
- 17.35 Dr. Phil
- 18.15 Royal Pains (3:16)
- 19.00 Minute To Win It
- 19.45 The Ricky Gervais Show (5:13)
- 20.10 Family Guy (5:22) Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á SkjáEinn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
- 20.35 America's Funniest Home Videos (23:44) Bráðskemmtilegur fjöl- skylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
- 21.00 The Voice (9:13) Bandarískur raunveruleikapáttur þar sem leitað er að hæfileikaríku tónlistarfólki. Í stjórnum prýddan hóp dómara hafa bæst Shak- ira og Usher.
- 23.30 Excused
- 23.55 Too Late to Say Goodbye
- 01.25 Psych (2:16)
- 02.10 Lost Girl (8:22)
- 02.55 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America 07.15 Crowne Plaza Invitational 2013 (1:4) 10.15 PGA Tour - Highlights (20:45) 11.10 Crowne Plaza Invitational 2013 (1:4) 14.10 Arnold Palmer Invitational 2013 (5:5) 17.45 Inside the PGA Tour (21:47) 18.10 Golfing World 19.00 Crowne Plaza Invitational 2013 (2:4) 22.00 Ryder Cup Official Film 2012 (1:1) 23.15 Golfing World 00.05 ESPN America

- ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2 FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útv. Latibær FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun



ÍSLAND Í SUMAR



GÆÐI - GLÆSILEIKI - GOTT VERÐ



Hobby


ergo 

mest keyptu hjólhýsi á Íslandi og í Evrópu.


75% fjármögnun




Premium 560 UKF
5.790.000




Premium 560 UL
5.790.000



Prestige 560 UL
4.890.000



Excellent 495 UFe
4.595.000



Excellent 495 UL
4.545.000

VÍKURVERK - ALLT Í FERÐALAGIÐ!

Opið laugardag 12 til 16 og sunnudag 12 til 16.

VÍKUR
V • E • R • K

VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS

HELGIN



„Ég verð með strákinn minn um helgina og það er alltaf stuð. Svo verð ég í drullugallanum að þrifa fyrir opnunina um næstu helgi.“

Alma Geirdal, sem skipuleggur flóamarkað í Hafnarfirði.

Tolli og Lína Rut hanna úr

Úr eftir tvo listamenn verða boðin upp. Í fyrra seldust úrin á milljón krónur.

„Ég hafði lengi haft áhuga á að fara með myndlistina yfir í nýtt hluti og þótti þetta verkefni því mjög spennandi og er ánægður með útkomuna,“ segir listamaðurinn Þorlákur Morthens, betur þekktur sem Tolli.

Hann og Lína Rut listakona máluðu tvö armbandsúr frá JS Watch sem seld verða á uppboði til styrktar Krafti. Í fyrra hönnuðu listamennirnir Erró og Eggert Pétursson sambærileg úr sem voru seld á um milljón krónur hvort.


Spurður út í hönnun úrsins kveðst Tolli hafa sótt innblástur til eldgossins í Eyjafjallajökli. „Ég skoðaði gosið á sínum tíma með Ara Trausta og þótti það svo litfagurt. Mér fannst skemmtileg hugmynd að setja eitthvað jafn stórt og kraftmikið í svo lítinn hlut. Þegar ég fékk svo skífuna sá ég strax fyrir mér að einhvers konar abstrakt flæði yrði fallett inni í hvíta hringnum.“

Tolli, Lína Rut og Þorvaldur Daníelsson, framkvæmdastjóri Krafts, munu hjóla að Snæfells-

→ Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess.

jökli í dag þar sem þau sækja úrin. Ferðinni lýkur við verslun Gilberts úrsmíðs á Laugaveginum á morgun. Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir heitinu Fylgdartúr de Úr 2013.

- sm



SKEMMTILEGT VERKEFNI Þorlákur Morthens, betur þekktur sem Tolli, málaði úr til styrktar Krafti. Lína Rut hannaði hitt úrið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hreima er best! Hreimsborgarar

Laugardaga kl. 9 – 12 í allt sumar
Hreimur, Magni, Vignir Snær og Erna Hrönn



BYLGJAN
989



ÓÐUR TIL KONNA Sólmundur Hólm og Konráð Gíslason eiga það sameiginlegt að vera harðir stuðningsmenn Próttar. Sólmundur samdi óð sem sérstaklega er tileinkaður Konráði og ást hans á knattspyrnufélaginu.

Samdi óð til stuðningsmanns númer eitt

Sólmundur Hólm hefur samið nýtt stuðningsmannalag Próttar en það er tileinkað Konna, einum heitasta stuðningsmanni knattspyrnufélagsins í Laugardalnum. Lagið hefur vakið eftirtekt enda einstaklega hugljúft og um leið skemmtilega sungið af Sólmundi í gervi Pálma Gunnarssonar.

„Það er ekki Próttaraleikur án Konna á hliðarlínunni, hann er stuðningsmaður liðsins númer eitt og átti skilið lag sem var bara um hann,“ segir skemmtikrafturinn Sólmundur Hólm sem í gær gaf út lagið Íslenski Konninn, lag um Próttarann Konráð Gíslason.

Konráð, eða Konni eins og hann er kallaður, er þekktur fyrir lífliga framkomu á hliðarlínunni á Próttaraleikjum. Hann mætir á alla heimaleiki og fylgir liðinu oft út á land. „Hann grætur og hlær með liðinu, lifir sig inn í úrslitin og lætur menn heyra það ef þeir yfirgefa félagið. Til dæmis lætur hann markmanninn Fjalar Þorgeirsson alltaf heyra það þegar hann hittir hann eftir að Fjalar skipti um lið,“ segir Sóli sem ber mikla virðingu fyrir Konna.

„Ég vandaði mig mjög vel þegar

→ Tæplega 500 höfðu horft á myndbandið Íslenski Konninn í gær, sólarhring eftir að það fór í loftið.

ég samdi textann og tók það svo upp inni í stofu heima hjá mér. Lokaði strákana mína inn í herbergi og söng hástöfum,“ segir Sóli sem þó vildi ekki gefa lagið út áður en hann var búinn að taka upp myndbandið sem hægt er að nálgast á Youtube.

„Mér fannst ég þurfa að sýna hversu dásamlegur karakter Konni er og hef fengið gríðarlega góð viðbrögð. Hann er sjálfur mjög ánægður með lagið held ég, faðmaði mig allavega innilega þegar ég hitti hann eftir að hann heyrði lagið.“

Stuðningsmenn Próttar, Köttarar, eru frægir fyrir skemmtilega og hressandi stuðningsmanna-

Viðlagið

Ó, hann er spámaðurinn
Hann er forsöngvarinn
Hann er félagi þinn

Ó, aldrei spá hefur breytt
Getur þig á það reitt
Próttur vinnur 5-1

Texti: Sólmundur Hólm
Lag: Billy Joel
Söngur: Paródíu-Pálmi

söngva í stúkunni en þeir hafa gefið út tvær breiðskífur með lögunum.

Sóli er frægur fyrir eftirhermur sínar og syngur sjálft lagið í gervi söngvarans Pálma Gunnarssonar eða Paródíu-Pálma eins og hann kallar gervið. „Ég er eiginlega betri í að syngja eins og Pálmi en ég sjálfur.“

alfrun@frettabladid.is

Lokatónleikar MEIK í kvöld

Íslenska Kiss-heiðursbandið spilar í síðasta sinn á Gamla Gauknum í kvöld.

„Það stóð aldrei til að gera neitt úr þessu. Það eru allir uppteknir við annað,“ segir Eiður Arnarsson, bassaleikari MEIK.

Síðustu tónleikar Kiss-heiðurshljómsveitarinnar verða á Gamla Gauknum í kvöld. Hún var stofnuð seint á árinu 2012 og kom fram í fyrsta sinn 1. febrúar um það leyti sem Kiss fagnaði fjörutíu ára afmæli sínu.

„Þetta var aldrei hugsað nema fjórar til fimm æfingar og kannski tvö gígg en þetta verður fimmta gígg. Þetta er þegar orðið meira en við áttum von á,“ segir Eiður. Tvönnir tónleikar voru á Græna hattinum á Akureyri, einir á Spot í Kópavogi og einir í Vestmannaeyjum. „Það hefur alltaf verið ágætis mæting og æðisleg stemning. Þetta hefur

→ Bragi Valdimar Skúlason, annálaður Kiss-aðdáandi, átti tillöguna að nafni sveitarinnar.

verið ótrúlega gaman. Maður hefur heyrt því fleygt að þetta sé hugsanlega besta Kiss-tributeband sögunnar. Harður aðdáandi í Vestmannaeyjum var búinn að fara á fimm Kiss-tónleika og sagði að aðeins einir hefðu verið betri en hjá okkur.“

Meðlimir í MEIK eru reynsluboltar úr tónlistarbransanum, þeir Eiður Arnarsson úr Todmobile, Einar Þór Jóhannsson úr Dúndurfréttum, Jóhann Hjörleifsson úr Sálinni, Jón Elvar Hafsteinsson úr Delize Italiano, Þráinn Árni Baldvinsson úr Skálmöld og Magni Ásgeirsson.

- fb



MAGNI Magni Ásgeirsson verður í miklu Kiss-stuði í kvöld. MYND/MÚMMI LÚ

20%
VORAFSLÁTTUR

SUMARIÐ KEMUR ÞEGAR SUMARIÐ KEMUR VERTU Í RÉTTU FÖTUNUM ÞANGAÐ TIL



ZAMBERLAN CROSSER
Stærðir 37-48. Litur: Svartir/gráir.

27.992 KR.
FULLT VERÐ 34.990 KR.



ZAMBERLAN CROSSER
Stærðir 40-48. Litur: Svartir/gráir.

23.992 KR.
FULLT VERÐ 29.990 KR.



ZAMBERLAN CROSSER
Stærðir 37-43. Litur: Hvítir/gráir.

23.992 KR.
FULLT VERÐ 29.990 KR.



VIKING SKARVEN
Stærðir 36-47. Litur: Brúnir/gráir.

24.792 KR.
FULLT VERÐ 30.990 KR.



ZAMBERLAN PARROT
Stærðir 37-48. Litur: Bláir, brúnir, rauðir.

17.592 KR.
FULLT VERÐ 21.990 KR.



VIKING ZENITH
Stærðir 36-41. Litur: Svartir/gulir.

17.592 KR.
FULLT VERÐ 21.990 KR.



EASTON GÖNGUSTAFIR ATR-70
Full lengd: 140 cm.

10.392 KR.
FULLT VERÐ 12.990 KR.



DIDRIKSONS SLASKEMAN
Stærðir 80-130. Litur: Bleikur, blár, grænn.

6.392 KR.
FULLT VERÐ 7.990 KR.



COLUMBIA TRAIL
Stærðir XS-XL. Litur: Fjólublá.

13.592 KR.
FULLT VERÐ 16.990 KR.



COLUMBIA SWEET
Stærðir S-XL. Litur: Appelsínugul.

19.992 KR.
FULLT VERÐ 24.990 KR.



DIDRIKSONS CAMPO
Stærðir S-2XL. Litur: Blár, svartur.

15.992 KR.
FULLT VERÐ 19.990 KR.



DIDRIKSONS NOAH
Stærðir 80-130. Litur: Blár, grænn, bleikur.

5.592 KR.
FULLT VERÐ 6.990 KR.



DIDRIKSONS ORION
Stærðir S-3XL. Litur: Svartar.

15.992 KR.
FULLT VERÐ 19.990 KR.



DIDRIKSONS ODYSSEY
Stærðir 36-46. Litur: Rautt/svart.

15.992 KR.
FULLT VERÐ 19.990 KR.



COLUMBIA SPLASH
Stærðir 2XS-L. Litur: Köflótt.

11.192 KR.
FULLT VERÐ 13.990 KR.



DIDRIKSONS TIGRIS
Stærðir 130-170. Litur: Blátt/grátt.

7.992 KR.
FULLT VERÐ 9.990 KR.



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfar. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

FRÉTTIR AF FÓLKI

FÓLK Í FRÉTTUM

Upphafið að einhverju góðu

„Á tíma síðustu ríkisstjórnar fannst mér ómurllegt að heyra stjórnarandstæðinga óska stjórninni alls illis, og þeir hinir sömu gátu ekki einu sinni glaðst þegar góðar fréttir bárust af ríkisfjármálum, minnkandi atvinnuleysi eða góðri afkomu fyrirtækja,“ sagði Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, á bloggsíðu sinni í gær og uppskar mikið lof fyrir á samskiptamiðlum fyrir vikið. Gísli kallar eftir breyttum starfsháttum og minni heift á þingi með tilkomu nýs ungs fólks. „Heiftin í garð pólitískra andstæðinga var sterkara afl en óskín um bættan hag landsmanna,“ sagði Gísli og endaði á orðunum: „Ef þetta gerist, gæti dagurinn í dag orðið upphafið að einhverju mjög góðu.“ - mlp



Klæddi Bond-stúlku

Sólveig Káradóttir er í óða önn þessa dagana að byggja upp fatamerki sitt Galvan London. Þrátt fyrir að vera ekki aðgengilegt fyrir viðskiptavinum fyrr en á næsta ári fékk fatamerkið byr undir báða vængi á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vikunni. Leikkonan Olga Kurylenko klæddist rauðum kjól frá merkinu á rauða dreglinum í partí Vanity Fair. Leikkonan er hvað þekktust fyrir hlutverk sín í Bond-myndinni Quantum of Solace og Oblivion. Það er því ekki amaleg byrjun sem fatamerki Sólveigar fær. - áþ



Mest lesið VÍSIR

- 1 Hrikalegar myndir af Nincevic
- 2 Völlurinn er handnýttur
- 3 Ómurlengt að heyra stjórnarandstæðinga óska fráfarandi stjórn alls illis
- 4 Brottnumda telpan sögð einstök hetja
- 5 Megrúnarkúr fræga fólksins
- 6 15 ástæður til að elska Ísland

Spennandi saga frá Færeyjum um riddara ... álfastelpur ... og DREKA



GEISLA-DISKUR FYLGIR

www.forlagid.is



718 hundar - 80 tegundir - 25 ungir sýnendur

Hundaræktarfélag Íslands - félag allra hundaeigenda – stofnað 1969

Reykjavík Winner hundasýning Hundaræktarfélags Íslands

25. – 26. maí að Klettagörðum 6, 104 Reykjavík

Dómarar sýningar eru frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Lúxemborg
 Sýningin stendur frá kl. 9-17 laugardag og sunnudag
 Keppni ungra sýnenda fer fram föstudaginn 24. maí kl. 19:00

Meðal viðburða

Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
 Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
 Fallegustu hundar sýningar valdir
 Viðamikil starfsemi HRFÍ kynnt

Kynning á hundategundum
 Sölu- og kynningabásar
 - ýmis sértilboð
 Veitingasala



Sjá dagskrá á hrfi.is

Fullorðnir 700 kr. Börn yngri en 12 ára og í fylgd með fullorðnum fá fritt inn, annars 400 kr.

